

Nermynd



„Ég er ekki þekkt fyrir að klúðra málum



Atli Viðar leggur allt í sölurnar fyrir ástina
Ég neita að gefast upp



21. FEBRÚAR 2020 / 8. TBL. III. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

DV

VIÐ DREKKUM EKKI



ÉG KOMST HINGAÐ SJALFUR

■ Með Kröfluelda í bakgarðinum ■ Vann með fíklum, fötluðum og útigangsfólki í náminu
■ „Sumar bransasögur segir maður ekki“

Martröð á Kít

„Ég vil að þeir fari í fangelsi“



Varað við dæmdum nauðgurum á Tinder




Bílaryðvörn

Sími 861 7237

Opnunartilboð!
Fyrstu 50 fá bílaryðvörn á 86.000 kr.



8 ÁRA AÐYRGD A NYJUM BÍLUM

Hjá Smára Hólm



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Webasto
Feel the Drive

Bilasmíðurinn hf. Bildshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is



Fleyg orð

„Ekki eyða dýrmætum tíma í útskýringar. Fólk heyrir aðeins það sem það vill heyra.“

– Paulo Coelho

Á þessum degi, 21. febrúar



1431 – Réttarhöld hófust yfir Jóhönnu af Örk.



1933 – Bandaríska söngkonan Nina Simone fæddist.



1945 – Þýskur kaþbátur grandaði skipinu Dettifossi. Fimmtán manns fórust.



1965 – Bandaríski baráttumaðurinn Malcolm X var myrtur eftir ræðuhöld á Manhattan.



2013 – Bandarískir vísindamenn prentuðu eyra með þrívíddarprentara, kollageni og dýrafrumum.

Atli safnar fyrir stóru ástina: Hafnar grunsemdum um svindl „Ég neita að gefast upp“

Atli Viðar Engilbertsson, fjöllistamaður sem sérhæfir sig í út-skurðarlist, skrifum og tónlist, hefur ekki átt sjö dagana sæla meirihluta ævi sinnar sökum eineltis og þunglyndis. Á bernskuárum lenti hann títt í hópárásam og hefur orðið reglulega fyrir aðkasti og minningarnar erfiðu fylgt honum langa tíð og gera enn að hans sögn.

„Ég fann út frá þessu fyrir sterkri þörf fyrir tjáningu. Ég hvarf úr vinnu sem ég var í á þeim tíma og hentist í sköpun, sem þá var útskurður úr mörgu. Ástarsorg átti jafnframt stóran þátt í þeirri þörf sem ég fékk til að skapa og átti sinn sess í þunglyndinu að hluta til,“ segir Atli, en þess má geta að verk hans hafa verið sýnd meðal annars í Safnasafninu, Handverkshátíðinni á Hrafnagili í Eyjafjarðarsveit og alþjóðlegri textílsýningu á Kjarvalsstöðum.

Atli lifir á örorkubótum og hefur aldrei ferðast út fyrir landsteinana. Hann segir þó tilveruna hafa tekið vænan fjörkipp eftir að hann kynntist 49 ára konu að nafni Nelma Varona. Þau Atli, sem er sjálfur 58 ára, kynntust fyrir þremur árum í gegnum veraldarvefinn og hafa haldið stöðugum samskiptum síðan og náð góðri tengingu gegnum sameiginlegan áhuga á listsköpun. Nelma býr í San Antonio á Filippseyjum og hefur sjálf aldrei ferðast út fyrir þá eyju.

Stóri draumur Atla er að safna peningum til þess að geta flutt út til Nelmu, veitt henni aðstoð og verið með konunni sem hann telur sig vita að sé hin eina rétta. Segir hann þetta samband hafa reynst gífurlegur afgjafi í listsköpun hans enda hefur hann spreytt sig mikið að undanförmu í tónsmíðum þar sem Barry White hefur verið mikill innblástur, svo dæmi sé nefnt.

Fyrirverandi engin fyrirstaða

Þegar Atli er spurður hvort um ósvikna ást sé að ræða svarar hann því játandi umhugsunarlaust, þrátt fyrir að hann geri sér grein fyrir að sambandið eða kringumstæður þess gætu gefið til kynna að um einhvers konar svindl væri að ræða. Atli segist oft heyra sögur um fjar-sambönd þar sem annar aðilinn reynir að kúga peninga út úr hinum, en bætir við að raunin sé ómögulega sú í ljósi þess að Nelma biðlar til hans um að flytja til hennar. „Margar konur þarna fyrir austan leita til íslenskra karla til þess að komast til landsins og flýja eigin aðstæður, en ég neita að gefast upp,“ segir Atli.



Þá hafði DV samband við Nelmu, sem segist lengi hafa beðið eftir að fá Atla til sín og kveðst vera spennt fyrir því að hitta hann. Þó er þolinmæði hennar á þrotum sökum þess hversu langur tími hefur liðið frá því að þau kynntust. „Ef honum er alvara með að koma til Filippseyja, þá bið ég að sjálfsgöðu eftir honum,“ segir Nelma. „Biðin hefur verið löng og erfið.“

Blaðamaður vekur þá athygli á Facebook-reikningi Nelmu, þar sem birtar eru myndir af henni með öðrum karlmanni. Atli segist vera meðvitaður um þetta og hann kippir sér ekki upp við það. Þegar Nelma er spurð út í þessar myndir fullyrðir hún að ljósmyndirnar séu af henni og fyrirverandi maka hennar. Þá bætir hún við: „Þessar myndir verða fjarlægðar um leið og Atli kemur.“ ■

5 sem ættu að kynna stigin fyrir Ísland á Eurovision

Hildur Guðnadóttir

Tónskáldið sem hefur verið á vörum margra víða um heiminn gæti gert ýmislegt verra en að þrýða skjáinn enn á ný fyrir hönd Íslands og þá með nýjum vinkli. Fengi Hildur að kynna stigin myndi það undirstrika sigurgöngu hennar að undanförmu enn fremur og að auki hve landið okkar er lítið og krúttlegt.



Sigga Beinteins

Það myndi koma sér vel að láta Siggu Beinteins sviðsljósið eftir á ný þegar líður að úrslitum næstkomandi Eurovision-keppni. Sigga hefur, eins og flestir vita, húrrandi flotta nærveru, bæði í mynd og hljóði og myndi nostalgia margra fara á milljón ef hún fær á stjá sem kynnir til að tilkynna hvað í keppninni væri af eða á.

Herbert Guðmundsson

Íslendingar myndu taka vel í það að sjá eilífðartöffara á borð við Hebba Guðmunds kynna stigin fyrir Ísland. Hvers vegna? Jú, því hér er maður sem kemur til dyranna eins og hann klæddur. Sólgleraugu, svört jakkaföt og enska með góðum heim myndi að sjálfsgöðu fylgja með þessum kynni.




Will Ferrell

Í ljósi þess að grínarinn góðkunnileikur Íslendingi í væntanlegri kvikmynd um bjartsýni Íslendinga í Eurovision-keppninni yrði ákaflega sterkur leikur að koma sjálfum Will Ferrell í gervi Lars Erikssonar, persónu hans úr myndinni, í stöðu kynnis.

Vilhelm Neto

Leikarinn og grínistinn Vilhelm Neto hefur lengi átt þann draum að kynna stíg Íslendinga í Eurovision-keppninni. Hann hefur ekki farið leynt með það að keppnin er hans hjartans mál og var meira að segja stofnaður undirskriftalisti árið 2018 til að hjálpa Vilhelm að láta þann draum rætast að kynna stigin.





Fólkið á botninum ber ekki ábyrgð á launaskriði hátekjuhópa

Þegar lægst launaða starfsfólkið á íslenskum vinnumarkaði fer fram á kjarabætur heyrast gjarnan háværar raddir um höfrungahlaup, þar sem fólkið á botni launastigans er gert ábyrgt fyrir runu launakrafna upp allan launastigann.

Sanngjörn krafa láglaunafólks um leiðréttingu á óboðlegum kjörum þarf ekki að valda stjórnlausu launaskriði. Höfrungahlaup er ekki náttúrulegt mál.

Leiðréttingu - strax!

Samninganefnd Eflingar
við Reykjavíkurborg



Hver er hann?



■ Hann er fæddur árið 1938.

■ Hann var leik- tjaldahönnuður hjá Þjóðleikhúsinu og fleiri leikhúsum á árunum 1966–1980.

■ Hann stundaði nám í grafík við Institut del Libre og sem gestanemandi við Beaux Arts í París árið 1960.

■ Hann var valinn heiðurslistamaður Kópavogs árið 2007.

■ Hann átti um margra ára skeið Íslandsmet fyrir stærsta málverkið.

SVAR: BALTSAR SAMPER

Það er staðreynd að...



Geimfarinn Buzz Aldrin var fyrsta manneskjan til að kasta af sér þvagi á tunglinu.



Rithöfundurinn William Shakespeare fann upp á nafninu Jessica.



Hægt er að finna lykt af skunki úr tæplega tveggja kílómetra fjarlægð.



Á Bretlandi er Elísabet II eina manneskjan sem má löglega keyra án ökuskrteinis.



Til eru skór með GPS-sóla sem virkja-ast með því að slá saman hælunum þrisvar, rétt eins og Dórótea gerði í Galdrakarlinum í Oz.

„Ég vil að þeir fari í fangelsi“

■ Hópnauðgun á íslenskri stúlku hefur vakið mikinn óhug á Krít

■ Skildu stúlkuna eftir á víðavangi og sögðu: „Thank you for your time“

Nauðgun á 19 ára íslenskri stúlku er enn til rannsóknar hjá yfirvöldum í Heraklion á Krít. Málið er á borði saksóknaraembættisins. Tveir Þjóðverjar af arabískum uppruna eru ákærðir fyrir verknadinn. Stúlkun flaug til Krítar í nóvember síðastliðnum til að gefa frekari vitnisburð í málinu. Málið hefur vakið mikinn óhug á meðal íbúa Hersonissos. DV greindi fyrst íslenskra miðla frá málinu í júní síðastliðnum. Fjölmargir grískir fjölmiðlar greindu einnig frá málinu.

„Með tár í augum“

Síðustu ár hafa sífellt fleiri Íslendingar lagt leið sína til Hersonissos, sem er orðinn einn stærsti og vinsælasti ferðamannabærinn á Krít. Stúlkun var stödd í fríu á Hersonissos þann 13. júní síðastliðinn í útskrifarferð menntaskólanema. Var hún að skemmta sér á bar í bænum og hitti þar mennina tvo frá Þýskalandi. Kemur fram að mennirnir tveir hafi einnig verið staddir í fríu á Krít. Annar þeirra er sagður vera 34 ára gamall en hinn 38 ára.

Samkvæmt málsgögnum drógu mennirnir tveir stúlkuna út af barnum seinna um kvöldið. Á fréttavefnum Matrix kemur fram að árasin hafi átt sér stað í dimmu húsasundi og að mennirnir

tveir hafi nauðgað stúlkunni „margsinnis“. Þeir flúðu því næst af vettvangi. Stúlkun leitaði á sjúkrahús í kjölfarið.

Lögreglan er sögð hafa brugðist afar skjótt við og leiddi það til þess að mennirnir tveir fundust og voru handteknir aðeins nokkrum klukkustundum síðar. Stuttu eftir að mennirnir voru handteknir bar stúlkun kennsl á þá á lögreglustöðinni „með tár í augum“.

Stúlkun gekkst undir lækni skoðun á sjúkrahúsi og kemur fram að lækni hafi meðal annars fundið smápeninga og peningaseðil í leggöngum hennar. Þá kemur fram að erfitt hafi reynt að finna lífsýni á líkama stúlkunnar. Ekkert sæði fannst við skoðunina en að sögn stúlkunnar notuðu árasarmennirnir smökk.

Fram kom í fréttum í júní síðastliðnum að mennirnir neituðu báðir sök í málinu.

Við yfirheyrslur sögðust þeir aldrei hafa hitt stúlkuna áður. Þeir voru

úrskurðaðir í gæsluvarðhald.

„Ég vil að þeir fari í fangelsi“

Grískir fjölmiðlar greindu frá því í nóvember síðastliðnum að rannsókn á málinu stæði enn yfir. Fram kemur að stúlkun hefði nýlega flogið til Krítar ásamt foreldrum sínum til að gefa frekari vitnisburð. Kemur fram að stúlkun hafi verið afar staðföst í framburði sínum og viss um sekt mannanna tveggja. Hún fari fram á bætur frá mönnunum. „Ég vil að þeir fari í fangelsi“, sagði hún við yfirheyrslur.

Að sögn heimildarmanns lögreglu og samkvæmt vitnisburði stúlkunnar sjálfar settu mennirnir smápeninga inn í leggöng hennar í þeim tilgangi að niðurlægja hana, líkt og hún væri sjálfsali sem væri að taka við greiðslu fyrir verknadinn.

Við skýrslutöku lýsir stúlkun því þannig að annar mannanna hafi verið hávaxinn og dökkur með skegg en hinn hafi verið lágvaxnari. Sagði hún lágvaxna henni niðri á meðan hinn braut á henni. „Ég reyndi að streitast á móti, en ég kom ekki upp öskri af því að ég var í sjokki.“

Þá sagði stúlkun að eftir að mennirnir hefðu lokið sér af hefði sá hávaxni sagt við hana á ensku: „Thank you for your time.“

Við skýrslutöku sagði stúlkun að mennirnir hefðu skilið hana eftir og hún hefði ekki haft hugmynd um hvar hún var. „Ég var ekki með úr. Ég var með símann minn á mér en það var slökkt á honum af því að hann var batteríslaus. Ég var einhvers staðar úti á víðavangi, ég var að reyna að finna hótelið en ég fann það ekki.“

Þá tjáði stúlkun lögreglu að hún hefði farið inn á annað hótelið í grenndinni og þar hefði hún komist að því að aðskotahlutir hefðu verið skildir eftir í leggöngum hennar. Sagðist hún hafa verið kvalin. Starfsmenn hótelsins hefðu hringt á leigubíl fyrir hana sem síðan flutti hana á sjúkrahús. Starfsfólk sjúkrahússins hefði í kjölfarið haft samband við hótelið þar sem stúlkun dvaldi.

Fram kemur að mennirnir tveir sem grunaðir eru um verknadinn neiti alfarið sök. Þeir hafa áfrýjað gæsluvarðhaldsúrskurði án árangurs. Í grein sem birtist á fréttavefnum Flashnews kemur fram að málið hafi vakið mikinn óhug. Lýsingar á verknadinum séu mun hrottalegri en áður hafa sést í nauðgunarmálum þar um slóðir. ■



Örmagna í verkfalli



Svarthöfði

Þar kom að því. Nú hefur þeim sem með völdin fara í þessari höfuðborg okkar Íslendinga endanlega tekist að ganga fram af Svarthöfða. Braggamálið? Það var ekki svo slæmt. Svarthöfði naut þess að rökræða málin fram og til baka í pönnuköku- boðum hjá nákomnum. Bílastæðavandinn, göngugötur og framkvæmdir í miðbænum? Svarthöfða var alveg sama enda hann og flestir aðrir Íslendingar löngu hættir að nenna að olnboga sig framhjá ferðamönnum í miðbænum til að standa í langri röð til að borga alltof mikið fyrir ósköp óspennandi kaffibolla.

Það sem hins vegar gerði útslagið, og Svarthöfði mun seint fyrirgefa, er þetta blessaða verkfall. Þeir geta tekið bílastæðin frá Svarthöfða, þeir geta ráðstafað útsvari hans í dýran minnisvarða um hvernig fátækrahverfin litu út á árum áður, en þeir geta hins vegar ekki ætlast til að Svarthöfði sitji heima með afkvæmunum daginn út og daginn inn.

Hver einasti dagur er nú eins og laugar- dagur á heimili Svarthöfða. Afkvæmin að drepast úr leiðindum og foreldrarnir að drepast úr samviskubiti vegna tapaðra vinnu- stunda. Nú gætu einhverjir eflaust spurt: Já, en Svarthöfði, af hverju ekki að njóta sam- vista við börnin og gera það besta úr þessu? Pff! Svarthöfði er búinn að því. Það er búið að fara í kvikmynda- hús, út á róló, í



göngutúr, í Húsdýragarðinn, ísbíltúr og búið að horfa á alla þætti af Hvolpasveit svo oft að Svarthöfði er fyrir lifandis löngu búinn að glata tölunni. Leikskólabörn þurfa örvun, rúttínu og dagskrá, og Svarthöfðar þurfa sam- skipti við fólk sem kann að margfalda og deila. Þetta ástand er ólíðanlegt, bæði fyrir börn og foreldra. Nú þarf borgin að girða sig í brók og ganga frá samningum. Ef ekki þá mætir Svarthöfði í ráðhúsið á mánudaginn og skil- ur afkvæmin þar eftir, ef hann finnur stæði, og mun ekki sækja þau aftur fyrr en leikskól- arnir geta hafið eðlilega starfsemi að nýju. Þá geta þessir vitleysingar í ráðhúsinu kynnst því sjálfir hvernig það er að sinna börnum heilan vinnudag. Þá væru þeir líklega fljótir til að hækka launin hjá starfsmönnum leik- skólanna.

Og Dagur B. fær síðan persónulega reikn- inginn frá læknum vegna þeirra geðlyfja sem Svarthöfði þarf að fara á til að losna við upphafssteifið úr Hvolpasveit af heilanum. Því eins og allir vita þá ber Dagur persónu- lega ábyrgð á öllu því sem miður fer þar sem Reykjavík kemur við sögu. ■

ACXS | NÁMSKEIÐ | VOTTUN | 2. - 4. MARS

VILTU VERÐA VOTTADUR SÉRFRÆÐINGUR Í ÞJÓNUSTUUPPLIFUN?

JAMES DODKINS

Þáttastjórnandi Amazon Prime,
'This Week In CX'

Hefur starfað með Adobe, Nike, Disney, Lego,
Verizon, Mercedes, Microsoft o.fl.

Fyrir alla sem bera ábyrgð á
þjónustuupplifun viðskiptavina

Tryggðu þér miða - forsölu lýkur 21. febrúar

tix.is | leanradgjof.is



Saunatunna 330 með palli



GODDI:

Vantar ekki góðan, heitan pott eða sánaklefa á goðorðið þitt?

Smá- og heilðsölufyrirtækið Goddi hefur þróast töluvert í árána rás frá því það var stofnað fyrir ríflega hálfri öld. Tímarnir breytast og mennirnir með og í dag býður Goddi upp á vandað og fjölbreytt vöruúrval af rafmagnspottum, sánaklefum, gisti- og sánatunnum, sánavörum og mörgu fleira.

Goddi: Lítið goðorð

Fyrirtækið Goddi ehf. var stofnað sem umboðs- og heilðsala árið 1967 af Haraldi Lýðssyni. Nafn fyrirtækisins er fengið úr Laxdælu, en þar er sagt frá Þórði godda sem bjó á Goddastöðum í Laxárdal. Orðið merkir (lítill) goðorðsmaður. Í dag stýrir sonur eigandans, Friðgeir Haraldsson, fyrirtækinu. „Upphaflega seldi Goddi aðallega húsgögn, áklæði, leður og leðurlíki en með tímanum hafa orðið breytingar í verslun og tækni. Enn þann dag í dag eru helstu vöruflokkar Godda

áklæði, leður og leðurlíki. Þá bjóðum við upp á gott úrval af þessum vörum á lager en einnig getum við sérpantað nær hvað sem er fyrir viðskiptavinum okkar. Þess utan höfum við einnig verið að flytja inn og selja báta- og fólksbílakerrur og bjálkahús,” segir Friðgeir Haraldsson, eigandi Godda. Vöruúrvalið er stórglæsilegt og má skoða betur á vefsíðu fyrirtækisins, goddi.is.

Infrarauð sána fyrir heilsuna

Talsverð aukning hefur orðið í sölu á infra-rauðum sánaklefum, en klefarnir eru þekktir fyrir að hafa viðfeðm, jákvæð áhrif á líkama og heilsu þeirra sem nota þá reglulega. Infrarauðu geislarnir hreinsa húðina, geta stuðlað að lækkuðum blóðþrýstingi, brenna hitaeiningum, slá á verki í líkamanum og veita almenna vellíðan.

Það er fátt betra en að skella sér í funheita sánu á köldum vetrarkvöldum. Goddi býður upp á

úrval af sauna- og gistitunnum sem hafa vakið athygli, enda sérlega vönduð og falleg smíð. Tunnurnar fást í ýmsum stærðum og er mögulegt að hita þær ýmist með raf- eða viðarkyntum ofnum.

Heit böð eru eitt af því sem hefur svo sannarlega haldið lífi í landanum í gegnum langa, kalda og dimma vetur. Goddi er með úrval af hitaveituskeljum í heita potta. Einnig ýmsar gerðir svo sem kringlóttar, ferkantaðar og áttkantaðar á frábæru verði, eða frá 150.000 kr.

Bjálkahús úr norskri furu

Við getum einnig útvegað bjálkasumar- eða heilsárshús, garðskála og fleira í nokkrum bjálkabyggtum. Húsin eru frá Astel Garden, einu elsta og vandaðasta framleiðslufyrirtæki timburhúsa á Balkanskaganum. Húsin eru mestmegnis framleidd úr norskri furu og er hægt að fá í ýmiss konar útfærslu, t.d. með eða án gólfs eftir

því hvort húsið fer á steypa plötu eða annað. Skoðuðu möguleikana á heimasíðunni goddi.is.


Goddi býður að auki upp á niðsterk og vönduð lok á potta. Lokin fást í fjórum stærðum og tveimur litum, brúnum og gráum. Þau eru tólf sentimetrar að þykkt með styrkingu og kosta 58.500 kr.

Stærðirnar eru:

200×200 sm.
208×208 sm.
213×213 sm.
220×220 sm.

Goddi ehf. Auðbrekku 19, 200 Kópavogur.

Allar nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni goddi.is
Vanti frekari upplýsingar má senda fyrirspurn á netfangið goddi@goddi.is eða hringja í okkur í síma 544-5550 og 822-4150



Sauna- og gistitunnur ásamt hitaveitupottum og nokkrum tegundum af skeljum



Infrared saunur ásamt viðarkyntum pottum



Eigum fjórar stærðir af lokum á lager í gráum og brúnum litum

■ Verð frá 58.500 kr.

Sjáðu úrvalið á
GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550



Suðurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðlun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Fræðslustjóri: Karl Garðarsson Ritstjóri: Lilja Katrín Gunnarsdóttir
Prentun: Torg prentfélag Dreifing: Póstdreifing

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



Mái snýr aftur

Nú styttist óðum í endurkomu **Þorsteins Má Baldvinssonar** í forstjórastól Samherja. Hann steig til hliðar í nóvember á meðan norska lögmansstofan Wikborg Rein rannsakaði starfsemi Samherja í Namibíu. Samherji stendur sjálfur fyrir rannsókninni og greiðir lögmansstofunni fyrir þjónustuna. **Björgólfur Jóhannsson** tilkynnti í vikunni að hann ætli að láta af störfum sem starfandi forstjóri Samherja fyrir lok marsmánaðar. Þessi tíðindi ættu því væntanlega að fela í sér að rannsókn Wikborg Rein sé lokið, eða við það að ljúka. Margir hafa gagnrýnt rannsóknina þar sem hún sé dæmd til að vera hlutdræg því Samherji kosti hana sjálfur. Þessi tíðindi þýða líka að Þorsteinn stefni á endurkomu þá og þegar. Það hefði kannski verið eðlilegra fyrir Þorstein að bíða þess að rannsókn opinberra aðila á fyrirtækinu lyki og kannski líka að bíða eftir því hver sú niðurstaða yrði. En aftur á móti eru það rannsóknir sem hann hefur enga stjórn á, og getur þar af leiðandi vart vitað niðurstöðuna fyrirfram.

Sólveig og Dagur í hár saman

Efling greindi frá því í vikunni að félagið hefði lagt fram nýtt tilboð í kjaraviðræðunum við borgina sem hafi verið „sáttarhönd láglaunafólks“. Borgarstjóri greindi frá því að borgin hefði að sama skapi lagt fram tilboð sem fæli líklega í sér mestu hækkun lægstu launa sem samið hafi verið um. Aðilar beggja vegna samningaborðsins furða sig á dræmum undirteknum gagnadilans. Erfitt er fyrir almenning að átta sig á stöðunni. Hvað er það nákvæmlega sem Efling er að fara fram á og hvað er það nákvæmlega sem borgin hefur boðið á móti? Eitt er líklega ljóst og það er að öll umræða um kjaraviðræður fyrir opnum tjöldum hefur rækilega verið kæfð og þar til samningar nást og verða kynntir félagsmönnum þá verðum við hin líklega að gera okkur að góðu að reyna að fylla í eyður gífurlyra og mótsagnakenndra fullyrðinga í hálfkveðnum vísnum Eflingar og Reykjavíkurborgar.



Þingad um jafnrétti Fjölmennt var í Hörpu þegar jafnrétti var reifað og ljóst að málefnið brennur á mörgum.

Aftur til fortíðar

Leiðari

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Ég er ekkert sérstaklega fjármálalæsi, þrátt fyrir ítreakaðar tilraunir foreldra minna til að reyna að berja það inn í höfuðið á mér. Ég bý samt yfir ákveðinni lágmarksþekkingu; að eyða ekki umfram efni (eða reyna það allavega), ekki skuldsetja mig upp í topp og sníða stakk eftir vexti. Draga saman seglin þegar á reynir og velja tímupunktinn mjög vel þegar ég ákveð að þenja þau lítillaga út.

Mikil áhersla í uppeldinu á að spara fyrir því sem maður vill eignast hefur nýst mér vel. Ég safnaði mér fyrir fyrsta sjónvarpinu, fyrsta bílnum, nokkurra

mánaða Evrópureisu. Þetta hef ég reynt að innprenta mínum börnum og var mjög hreykin af mér á dögnum þegar næstingsta barnið, 10 ára, keypti „loksins“ sinn fyrsta síma sem það hafði safnað fyrir alveg sjálf. Ég var enn hreyknari af barninu því það er staðreynd að þegar maður þarf að eyða peningum sem maður hefur unnið fyrir og safnað, jafnvel í mörg ár eins og í þessu tilviki, verða hlutirnir sem maður eyðir þeim í dýrmætari.

Svo má ekki gleyma gömlu, góðu reglunni sem móðir mín básúnaði sí og æ þegar komu útsölur – að maður sparar ekkert með því að eyða peningum. Maður getur vissulega gert kjarakaup og fengið óþarfa hluti ódýrari en ella. Það finnst hins vegar enginn

sparnaður í svoleiðis gjörningi.

Í ljósi þessara lífslexía, sem ekki aðeins foreldrar mínir hafa tiltekið sér heldur einnig fremstu sparnaðarráðgjafar, þá hef ég illan bifur á þeirri röksemdafærslu Landsbankans að það að eyða tæpum tólf milljörðum í steinsteypu sé sparnaður. Það tekur bankann samt rúma tvo áratugi að borga upp nýjar höfuðstöðvar sínar á dýrustu lóð landsins en samt er þetta sett undir hatt hagræðingar og sparnaðar. Eins og við almúginn séum slefandi hálfvitar og kaupum þessa vitleysu.

EKKI ER LANGT SÍÐAN Landsbankinn blés til umfangsmikillar auglýsingaherferðar undir formerkjunum Ungt fólk og peningar. Herferðin snerist um sparnað. Andlit herferðarinnar var námsmaður með takmarkaðar tekjur en fjögurra milljóna króna úr á úlniðnum. Ætli það hafi ekki verið sama hugmyndafræði og með steinsteypunna? Námsmað-

urinn hefur kannski átt eldgamalt úr sem gekk ekki nógu vel með þeim afleiðingum að hann var alltaf of seinn. Því hafi hann sparað mörg hundruð þúsund með því að kaupa sér almennilegt úr frá úraframleiðanda sem er heimspæktur fyrir rándýr úr. Verður samt einhver ár að borga það upp. Skítúlukkar samt. Stöðutákn.

Þetta eru skilaboðin sem einn af stóru bönkunum á Íslandi sendir. Við eigum að skuldsetja okkur upp í topp, kaupa hluti sem við höfum ekki efni á og spara með því að halda ímyndinni tipp topp. Kaupa okkur Range Rover, smella á okkur Rolex-úri og kaupa íbúð á dýrasta bletti bæjarins. Borða þriggja rétta máltíð á hverju kvöldi. Fara fimm sinnum til útlanda á ári. Maxa kreditkortid og skipta greiðslum út í hið óendanlega. Allt í nafni sparnaðar og hagræðingar. ■

Spurning vikunnar

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?



Griónagrautur með rúsínum.

Stefán Eiríksson



Pasta carbonara

Þórunn Ívars



Það er rjúpusúpa. Forréttur borðaður einu sinni á ári alla tíð.

Þóra Tómasdóttir



Ég borðaði kolkrabba í óvæntu og skyndilegu vetrarfri hér í Lissabon í gær. Held að hann sé í uppáhaldi akkúrat núna

Guðmundur Gunnarsson

HOF AKUREYRI · LAUGARDAGINN 18.APRÍL
SILFURBERG HÖRPU · FÖSTUDAGINN 24.APRÍL



STÓRA BRUK

2020

ALLAR SLEGGTURNAR!

MAGNI · STEFANÍA SVAVARSSON · STEBBI JAK · BIGGI GILDRA · SIGGA GUÐNA
ÁSAMT HLJÓMSVEITINNI TYRKJA GUÐU

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX Í ROKKVEISLU ÁRSINS!

MIÐASALA HAFIN Á TIX.IS





„Ég er fyrir löngu búinn að meika það“

Ólst upp á áttakarsvæði - Man vel eftir látunum og lyktinni - Hlédrægi unglíngurinn aldrei langt undan

Íris Hauksdóttir
iris@dv.is



Stefán Jakobsson á glæstan feril að baki sem tónlistarmaður en hann steig sín fyrstu skref í átt að stóra sviðinu þegar hann keppti fyrir hönd Verkmenntaskólans á Akureyri í Söngkeppni framhaldsskólanna árið 2003. Hann segist finna fyrir frægðinni á jákvæðan hátt þótt hann hætti aldrei að moka skurðinn. Stefán, ásamt hljómsveitinni Dimma, mun spila í úrslitum Söngvakeppni sjónvarpsins sem fram fer næstkomandi

helgi.

Stefán ólst upp á miklu áttakarsvæði en hann fæddist á sjúkrahúsinu á Húsavík árið 1980 í miðjum Kröflueldum sem stóðu frá árinu 1975 til 1984. Hann er hins vegar Mývetningur í húð og hár, hefur enda búið þar stærstan hluta ævi sinnar.

„Ég tengi vel við það sem Grindvíkingar eru að upplifa núna. Ég man eftir þessu öllu, bæði látunum, gosbjarmanum og lyktinni. Þegar ég var fjögurra ára ókum við pabbi, systir mín og Hinrik afabróðir á gulri Lödu

Sport sem afi minn átti og fylgumst með gosinu í nokkurra kílómetra fjarlægð, sem var mögnuð upplifun. Á þessum tíma voru leiðbeiningar í öllum húsum um hvernig best væri að yfirgefa hífýlin og hvað maður átti að gera ef til kastanna kæmi. Mér fannst tilhugsunin um flótta mjög spennandi og hafði áætlað að grípa með mér bangsann minn og Súperman-sængina, en með hana yrðu mér eðlilega allir vegir færir. Síðar meir spurði ég föður minn hvernig hann hefði upplifað þessa tíma og hann viður-

kenndi þá að stöðug óvissa hefði sannarlega sett sitt mark á líf fólksins í kring, sérstaklega í fyrstu þegar fólk vissi ekki hvort umbrotin myndu færast nær eða fjar byggðinni.“

Á þessum tíma sótti ungt fólk mikið á landsbyggðina enda atvinnutækifærin þar að finna. Stefán segir meðalaldur í sveitinni hafa verið tiltölulega lágan í hans uppvexti og í minningunni hafi ríkt mikið frjálsræði, en gott innra eftirlit.

„Þarna er meirihluti ábúenda að dansa í kringum þrítugt enda

kísilverksmiðjan að gefa góð störf. Fólk sá tækifæri í því að flytja út á land enda heillavænlegt að hafa ungt fólk til staðar ef þú vilt byggja upp samfélag. Það var mikið djamm á þessu fólki og við krakkarnir gengum meira og minna sjálfala þarna, sérstaklega á sumrin. Maður var bara klipptur að vori, klæddur í föt og svo sagt: „sjáumst í haust“ - liggur við. Sveitin byggðist upp á samstöðu, þetta fólk reisti plássíð upp og lagði mikið á sig við að gera allt sem best. Íþróttafélagið stóð og féll með þjálfun foreldranna

Ég man eftir þessu öllu, bæði látunum, gosbjarmanum og lyktinn.

og náði frábærum árangri af ekki stærra samfélagi. Við vorum til að mynda með fjórða besta sundliðið á landinu og eigum í dag afreksfólk í mörgum greinum, bæði íþróttum og öðru. Ég held að það sé að mörgu leyti tilkomið vegna sjálfstraustsins og samstöðunnar í samfélaginu, en fólk var almennt mjög duglegt að hjálpast að. Þótt við séum í dag einungis um fimm hundruð talsins er þetta sem ein stór fjölskylda og þar þekkjast allir. Auðvitað er það tveggjað sverð því það er gott að fólk viti mikið um þig en á sama tíma slæmt ef þú ert ekki góð manneskja. Að mínu mati eru kostirnir alltaf mun fleiri.“

Stefán vissi snemma hvert leið hans skyldi liggja, en segir á sama tíma að það hafi talist ansi háleit markmið fyrir lítinn sveitastrák að stefna á stóra sviðið.

„Það voru í raun tvö atvik sem fengu mig til að trúa því að ég gæti orðið tónlistarmaður. Ég hafði spilað aðeins í gítarpartíum og var trommuleikari í hljómsveitinni Vírus í innra eyra, en einhverju sinni veiktist söngvari sveitarinnar og ég leysti hann af. Eftir tónleikana kom til mín maður sem hvatti mig til að tromma minna en syngja meira. Hann átti engra hagsmuna að gæta og ég tók þess vegna mark á honum. Hitt atvikið var þegar ég söng Karma Police fyrir framan vinikonur mínar og ég þorði í fyrsta sinn að nota röddina almennilega. Ég gleymi aldrei svipnum á annarri þeirra, þetta var ekki svona addáunarsvipur heldur eitthvað miklu meira. Eftir það fór ég markvisst í það verkefni að færa kjarkinn úr herberginu mínu yfir til fleira fólks.“

Snýst ekki um að kunna heldur læra í leiðinni

Stefán viðurkennir að feimnin hafi fylgt honum lengi og að hlédrægi unglingsurinn sé aldrei langt undan.

„Hann er þarna enn og ég reyni ekkert að fela hann, enda er hann vinur minn líka. Ég reyni samt að ögra og setja mér háleit markmið sem eru alls konar í lífinu. Sumum heldur maður fyrir sig en öðrum deilir maður. Eitt af þessum markmiðum var húsið sem ég keypti af foreldrum mínum fyrir tæpum tveimur árum, en með hjálp vina og ættingja hef ég tekið það í nefið og gert hluti sem ég hafði ekki hundsvit á. Ég er alinn upp í sveit og þá snýst þetta ekki endilega um að kunna hlutina heldur læra þá í leiðinni. Þeir tengja sem hafa til að mynda gert upp eldhús og vita hvað það

er leiðinlegt. Það er skemmtilegt fyrsta daginn sem þú rífur allt niður og sérð möguleikann, svo kemur kafli þar sem þú borðar mikið af skyndibita og sérð ekki fram úr neinu, en að lokum fer svo allt að virka og þá má líta um öxl og sjá hvað þú varst duglegur. Ég mæli með að tekin sé „fyrir“ og „eftir“ mynd, það er gott þegar maður er lítill í sér að fá þar klapp á bakið frá sjálfum sér.“

Stefán er faðir fjögurra barna og ól þau að hluta til upp í miðbænum, en hann tekur þó sveitalífið fram yfir borgina.

„Ég bjó í sjö ár með börnin í bænum og var alltaf skíthreiddur að senda þau í skólann. Það er nóg af fábjanum í umferðinni, en heima í sveitinni veistu hver fábjaninn er og getur bent á hann. Í bænum þurfa börnin að passa sig á bílum almennt. Þar fyrir utan er maður viðstöðulaust í því að skutla og sækja en hér ganga allir frekar lausir. Það eru fleiri klukkustundir nýtilegar ef þú býrð úti á landi og það er staðreynd því ég hef prófað hvort tveggja. Auðvitað eru færri valmöguleikar hvað varðar tómstundir og slíkt, en aðrir kostir koma í staðinn.“

Hef lítinn áhuga á peningum

Sjálfur nam Stefán þroskaþjálfun og segir þá braut, rétt eins og annað í lífinu, hafa verið tilviljun háð.

„Það einhvern veginn æxlaðist svona. Ég hef greinilega lítinn áhuga á peningum, svona þegar maður skoðar hvar áhugasvið mitt liggur, en á þessum tímapunkti var ég kominn með tvö börn og það þriðja á leiðinni. Mér fannst ég verða að hafa eitthvað öruggt í bakhöndinni. Námið var praktískt en mér fannst full mikið einblínt á hvað mætti segja frekar en hvað ætti að gera. Staðreyndin er einfaldlega sú að hópur fatlaðra er fjölbreyttur og ómögulegt að steypa alla í sama mót hvað þarfir varðar. Markmið námsins var að allir ættu jafna möguleika og sama rétt, en þá gleymast þeir sem eru með hvað mesta skerðingu. Mér fannst erfiðast við námið að mega ekki nota hvaða orð sem er og sú sýn að taka öllu sem neikvæðni. Sjálfur sé ég ekki muninn á því að segja að einstaklingur sé fatlaður eða með fötlun því það vita allir um hvað ræðir. Umræðan á það til að snúast um hvernig hlutirnir eru sagðir frekar en um hvað málið snýst í raun. Svona eins og að segja pulsa eða pylsa, það vita allir um hvaða matvæli ræðir. Þegar upp er staðið eru ekki allir innviklaðir í þennan geira og þótt einhver bóndi úti á landi noti óvart ▶



ACANA

Orijen
NOURISH AS NATURE INTENDED

HUNDAFÓÐUR
ÁN HLÍÐSTAÆDU

gæludýr.is
www.gaeludyr.is



orðið þroskaheftur er hann ekki að reyna að vera leiðinlegur heldur að reyna tjá sig – umræðan fer í kjölfarið til fjandans og fólk leyfir sér að hrauna yfir hann á enn verri hátt en fyrir það sem hann er sakaður um. Eins er ekki það sama að vinna fyrir fólk sem er tiltölulega vel stætt eins og ungmennin sem við sjáum í sjónvarpsþáttunum Með okkar augum, eða manneskju með heilalömun. Þetta er ekki það sama og markmið þeirra eru gerólík. Ég hef sjálfur unnið með fjölbreyttum hópi fatlaðs fólks og til að mynda með blindum einstaklingum með þroskahömlun. Það var mjög lærdómsríkt að setja sig í þau spor og taka út svo mikilvægt skilningarvit, maður þarf alveg að hugsa leikinn upp á nýtt. Bara það að brjóta saman þvottinn sinn eða komast í rúllustiga, þetta eru ekki hlutir sem við teljum almennt flókna, en að finna leiðir til að ná þessum markmiðum byggist númer eitt, tvö og þrjú á trausti. Blindur einstaklingur getur ekki verið í liðveislu með manneskju sem þjáist af miklum athyglisbrestri og týnir sér, því þá er hann ansi mikið týndur.“

Gef allt af mér og þá aðallega launin

Aðspurður hvort þolinmæði sé hans sterkasta hlið segist Stefán eflast með árunum.

„Það er auðvitað mjög gleðilegt að sjá árangur og algengt að fólk spyrji hvort þetta sé ekki gefandi starf. Þá finnst mér alltaf gaman að segja, jú, ég gef allt af mér, og þá aðallega launin því þau eru minnst gefandi við þessa vinnu. En það að hjálpa einhverjum að ná markmiði er alltaf mikill sigur. Ég vann með einstaklingi í tvö ár og það að koma honum í rúllustiga tók sex mánuði, skref fyrir skref. Hann hafði enga tilfinningu fyrir því hvar hann var staddur og hvað þá hvað rúllustigi væri, en þegar þetta hafðist var tilfinningin ómetanlegt. Markmiðið var ekki endilega rúllustiginn út af fyrir sig heldur það að öðlast sjálfstraust á einhverju sviði sem hann gat svo yfirfært á annað. Það þarf nefnilega ekki alltaf að vera tiltekinn atburður heldur markmiðið, því það er fyrsta skrefið. Þegar ég byrjaði fyrst hafði ég mikinn áhuga á ungmennum sem voru staðsett á einhvers konar gráu svæði. Mig langaði að finna þeirra styrkleika og móta þá, en í náminu vann ég líka

mikið með fíklum og útigangsfólki í bata, sem er mikið verk sem oft fylgja mikil vonbrigði, en þegar maður svo sér manneskju bæta líf sitt er það mikið vítamín fyrir sálina. Það þurfa nefnilega allir á þroskaþjálfun að halda, enda er enginn með ótakmarkað magn af þroska og allir þurfa innlegg í líf sitt til að ná settum markmiðum.“

Ef þú ert veikur þá vantar bara þig

Sjálfur hefur Stefán mikið unnið í markmiðasetningu og segir óneitanlega hjálpa til að hafa upplifað árangur á eigin skinni.

„Ég kem náttúrulega úr sveit þar sem ekki er gengið að því vísu að maður verði tónlistarmaður, en til þess að láta draumana rætast verður maður að færa miklar fórnir. Ef barnið mitt myndi í dag segjast vilja feta þessa braut myndi ég ráðleggja því að leita annað, því þetta er valtur bransi og aldrei skynsamlegasti kosturinn. Það er einfaldlega ekkert rökrétt við að vera tónlistarmaður – þetta er brekka og ekki allir sem geta lifað af þessu. Þú getur verið vinsæll í dag en ekki á morgun og ef þú ert veikur vantar bara þig – þá þýðir ekkert væl. En öll verk-

efni eru á einhvern hátt brekka og sjálfur áttaði ég mig á því tiltölulega ungur að það er bara einn aðili sem getur staðið í vegi mínum og það er ég sjálfur, allir hinir eru aukaleikarar. Ef þú ert búinn að setja þér einhver markmið skiptir engu máli hvaða skoðanir aðrir hafa á þeim svo framfarlega sem þú veist sjálfur hvað þú ert að gera. Markmiðið þarf samt alltaf að vera mælanlegt og höfum í huga að, að gera sitt besta er ekki háleitt markmið. Þú verður að skilgreina og mæla hvert þitt markmið er en hafa það innan þess ramma sem þú ræður við og alltaf þannig að þú leggir þig allan fram. Ég væri ekki að vinna sem tónlistarmaður ef ég gæti ekki alltaf gert aðeins betur.“

Fyrir löngu búinn að meika það

Spurður hvort það hafi aldrei verið erfitt að standa með sjálfum sér segist Stefán aðallega finna fyrir pressu frá sínum nánustu.

„Mér hefur verið boðin þátttaka í öllum þessum hæfileika-sjónvarpsþáttum hér heima en hef aldrei viljað taka þátt. Mesta pressan kemur frá vinum og ættingjum sem vilja sjá mann standa þarna og mögulega hefði ég

unnið eitthvað af þessu en í dag get ég litið til baka og sýnt með beinum hætti að ég þurfti ekki að fara þá leið – ég komst hingað sjálfur. Ég vil aldrei vera skilgreindur í músík fyrir eitthvað sem ég vil ekki vera. Það var í raun mitt eina markmið, að gera þetta á mínum forsendum og ég hef staðið við það. Ég vildi aldrei komast á framfæri á forsendum einhvers annars og vera síðan stimpladur út frá því. Þetta hefur verið eitt allsherjar ævintýri og ég man ekki eftir neinu sem ekki gekk upp. Ég hitti sem dæmi einu sinni gamla bekkjarsystur sem spurði mig hvort ég væri búinn að meika það, en ég var þá í bol með mynd af minni eigin hljómsveit og ég bað hana í kjölfarið að skilgreina hvað það þýddi að meika það. Í mínum huga er það rétt eins og með önnur markmið í lífinu, að geta lifað á tónlistinni, gert hana á mínum forsendum og með fólki sem mig langar að vinna með. Ég tikka í öll þessi box og get því með sannri sagt að ég sé búinn að meika það, fyrir löngu. Það þýðir samt ekki að ég sé kominn á einhvern endapunkt því ég er ennþá á leiðinni upp og er enn að stækka mengið og þróa mig sem tónlistarmann. Þetta er aldrei komið og maður er aldrei bara mættur, mér dettur ekki til hugar að ég sé hættur að moka skurðinn, því það þurfa allir að moka sinn skurð. Helgi Björns og Bubbi eru enn að moka, kannski ekki Raggi Bjarna en það er ekki langt síðan hann hætti því.“

Lítið pláss fyrir ímyndunarafl

Þegar talið berst að bransasögum segir Stefán þær stórlega ýkta enda gefist lítil tími til skemmtanahalds milli gigga.

„Ég fer ekki oft á barinn, einfaldlega af því að ég nenni hvorki að eyða tíma mínum í að vera fullur né þunnur. En það er nóg í boði þótt ég sé ekki viss um að fólk geti leyft sér það. Menn eru ekkert fullir að moka skurðinn enda er ekki hægt að verða metnaðarfullur tónlistarmaður eða nokkuð annað ef þú ert fullur allan tímann. Eins og starfsemin er í Dimmu er lítið um djamm, enda erum við tveir með meirapróf og keyrum allt ásamt því að þurfa að róta og tengja allt draslið. Margir halda að þessu fylgi mikið rokkklíferni, en sú er ekki raunin. Sjálfur hef ég aldrei prófað eiturlyf og ekki fundið neina þörf fyrir það, en vissulega er nóg af þeim og menn skulu aldrei gerast svo barnalegir að tengja eiturlyfjaneyslu við tónlistarmenn því ég þori að fullyrða að eiturlyfjaneysla er mun meiri í viðskiptaheiminum en tónlistinni. Auðvitað er mikið til af bransasögum og sumar segir maður opinberlega en aðrar ekki. Ég held þeim fari samt fækkandi enda er allt svo opinbert í dag og lítið pláss fyrir ímyndunarafl þar sem allt er sett á samfélagsmiðla. Tækifærin til að haga sér eins og bavíani eru einfaldlega ekki til staðar og enn síður möguleikinn á að ýkja söguna, því allir vita á rauntíma allt sem sagt er, svo ef þú hagar þér eins og fáviti er það komið inn á einhvern miðil um leið. Fólk þarf því að læra að haga sér, sem er gott og blessað nema fyrir sögurnar, þær verða ekki eins skemmtilegar.“

N
NÝTT



Gleðilega páska

TAKTU ÞAÐ MED TROMPI UM PÁSKANA!

N
NÓI SÍRÍUS

Tromp rjómasúkkulaðið hefur notið gífurlegra vinsælda og þess vegna fannst okkur tilvalið að gera Tromp páskaegg. Nú geta hinir fjölmörgu aðdáendur Sírius súkkulaðisins okkar tekið það með trompi!

coCoa
HORIZONS

Athugið að símtal þetta gæti verið hljóðritað

Hvenær njótum við persónuverndar? ■ Rétturinn til að gleymast háður takmörkunum

Erla Dóra
erladora@dv.is



Aþessari gervihnattaöld er sífellt meira af daglegu lífi okkar með einum eða öðrum hætti tengt Netinu og miklu magni persónuupplýsinga, mynda, texta og myndbanda er deilt á samfélagsmiðlum. Oft er talað um að þótt maður eldist og gleymi þá gleymi Netið engu. En hver er réttur okkar gagnvart öllum þessum upplýsingum sem um okkur eru til, eða verða til? Og hvenær njótum við persónuverndar, og hvenær ekki? DV tók saman nokkrar hagnýtar upplýsingar um persónuvernd. Við öflun upplýsinganna var stuðst við efni sem Persónuvernd hefur gert opinbert á vefsíðu sinni.

Aðgangur að upplýsingum
Þú átt rétt á að fá upplýsingar um hvort einhver sé að vinna með

persónuupplýsingar um þig, hvort sem það er fyrirtæki, opinber stofnun eða annar. Í þessum aðgangsrétti felst rétturinn til að fá staðfestingu á því hvort að unnið sé með persónuupplýsingar þínar, réttur til að fá afrit af persónuupplýsingunum og réttur til að fá upplýsingar um hvers vegna og með hvaða hætti sé unnið með þær. Þú getur óskað eftir upplýsingunum munnlega eða skriflega. Alltaf er öruggara að hafa slíka beiðni skriflega.

Bannskrá Þjóðskrár

Ef þú vilt ekki að sendur sé á þig markpóstur eða hringt í þig vegna markaðssetningar, svo sem til að selja þér hitt og þetta, þá getur þú skráð þig á bannskrár Þjóðskrár og látið merkja X við nafn þitt í símaskránni.

Persónuvernd barna

Börn, líkt aðrir, eiga rétt á friðhelgi einkalífs. Bæði á heimilum sín-

um sem og utan þeirra. Persónuupplýsingar um börn njóta sérstakrar verndar þar sem börn eru ólíklegri en fullorðnir til að átta sig á réttindum sínum, áhættu og afleiðingum þegar kemur að persónuupplýsingum þeirra. Í nýju persónuverndarlögum segir að samþykki foreldris þurfi að liggja fyrir áður en barn yngra en 13 ára skráir sig í þjónustu. Upplýsingar, tilkynningar og annað sem beinist að vinnslu persónuupplýsinga barns á að vera á skýru og einföldu máli sem barnið getur skilið. Rétturinn til að fá gögnum eytt er einnig ríkur þegar kemur að börnum. Gildir þetta til að mynda um Internetið.

Myndbirting á Netinu

Almenna reglan varðandi myndbirtingu á Netinu er sú að ef hægt er að greina einstaklinginn af myndefni þá þarf að virða persónuverndarlögin. Einkum ef um er að ræða viðkvæmar

persónuupplýsingar. Máli getur einnig skipt hvort að um þjóðlífs- eða hversdagsmynd sé að ræða eða mynd þar sem einstaklingur er aðalefni myndarinnar. Í fyrra tilvikinu þyrfti að líkindum ekki að afla samþykkis einstaklings sem bregður fyrir á myndinni en í því síðara þyrfti líklega samþykki.

Myndbirting af börnum

Á vef Persónuverndar segir um myndbirtingu af börnum á samfélagsmiðlum: „Foreldrar og forsjáraðilar þurfa að virða einkalíf barna sinna og fara varlega í að birta myndir og/eða upplýsingar um börn sín á opinberum vettvangi. Börn ætti aldrei að sýna á niðrandi eða óviðeigandi hátt, t.d. þannig að þau séu nakin, klæðlítill eða í erfiðum aðstæðum. Brýnt er að hafa í huga að allt sem birt er á Netinu má finna síðar og getur haft áhrif á líf barnsins með ýmsum ófyrirséðum hætti. Er því rétt að setja sig í spor barnsins og hugsa um hvaða áhrif umfjöllun eða myndir geta haft á barnið síðar.“

Auðvitað er best að fá samþykki fyrir myndbirtingu frá barni sínu áður en það er nefnt á samfélagsmiðlum eða myndir af því birtar, þá þarf þó að miða við aldur barns og þroska.

Myndbirting í fjölmiðlum

Fjölmiðlar hafa rýmri rétt en aðrir til myndbirtingar og vinnslu persónuupplýsinga. Persónuverndarlögin gilda ekki nema að takmörkuðu leyti um slíka vinnslu. Því er ekki alltaf nauðsynlegt fyrir fjölmiðla að afla samþykkis fyrir myndbirtingu þegar myndir hafa fréttagildi og eiga erindi við almenning.

Rétturinn til að gleymast

Þú átt rétt til þess að gleymast á Netinu að vissum skilyrðum uppfylltum. Best er að hafa samband við ábyrgðaraðila þess vefsvæðis sem geymir upplýsingarnar sem þú vilt fá eytt. Einnig getur þú átt rétt á því að leitarvélar á Netinu, svo sem Google, afmái tiltekna leitarniðurstöður um þig, sérstaklega ef miklir hagsmunir eru í húfi.

Eftirlitsmyndavélar

Einstaklingar og fyrirtæki hafa almennt heimild til að vakta lóðir sínar til að tryggja öryggi og eignir. Hins vegar má það ekki vera

gert með leynd. Efni sem verður til við rafræna vöktun mega aðeins þeir sem þurfa starfa sinna vegna hafa aðgang að og mega bara skoða ef sérstakt tilefni er til og bara af þeim sem heimild hafa til þess. Myndefnið má almennt ekki varðveita lengur en í 90 daga.

Birting á efni úr myndavélum, án samþykkis myndefnis, á samfélagsmiðlum væri að líkindum ekki heimil. Hollara væri fyrir einstaklinga að deila myndefni sem talið er að sýni einstaklinga við ólöglegt athæfi, aðeins með lögreglunni.

Drónar

Fjarstýrðir drónar með myndavélum eru orðnir algengari í samfélaginu. Þegar myndir eða myndbönd eru tekin með slíkum tækjum þarf að gæta að persónuverndarlögum og ávallt virða friðhelgi einkalífs einstaklinga. Ef myndataka er einvörðungu til einkanota, fellur hún ekki undir persónuverndarlöggjöfina. En slík myndataka gæti þó vegið að friðhelgi einkalífs myndefnis svo jafnvel þó að um persónuleg not sé að ræða þyrfti að hafa varann á. Um leið og efnið er birt opinberlega, svo sem á samfélagsmiðlum, þá telst upptaka eða mynd ekki lengur til einkanota og ber þá að virða persónuverndarlögin.

Hljóðupptökur

Hver kannast ekki við setninguna: Athugið að símtal þetta gæti verið hljóðritað? Hljóðupptökur falla undir persónuverndarlög ef hægt er að persónugreina þá einstaklinga sem í hlut eiga. Almenn mega einstaklingar ekki taka upp samtöl manna á milli, eða ræður, nema með samþykki þeirra sem á upptökunni heyrast. Ef um viðvarandi upptöku, eða upptöku sem er endurtekin reglulega, er að ræða þá telst slík upptaka rafræn vöktun og þarf að hlíta þeim reglum sem um rafræna vöktun gilda. Og fyrirvari um að símtal gæti verið hljóðritað? Samkvæmt Persónuvernd getur slíkur fyrirvari mögulega verið í ósamræmi við meginreglur persónuverndarlaga um sanngirni og gagnsæi, enda á einstaklingurinn rétt á að vita hvort unnið sé með persónuupplýsingar hans, en ekki nægir að segja honum að það sé mögulegt. ■

ARC-TIC RETRO GÆÐA ÚR Á GÓÐU VERÐI

VERÐ FRÁ:

29.900,-

ARC-TIC
ICELAND

SVISSNESK QUARTZ GANGVERK
ÍSLENSK HÖNNUN



GILBERT
ÚRSMÍÐUR

Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

Tefal

POTTA- OG PÖNNUDAGAR



LÝKUR UM HELGINA



30-50% AFSLÁTTUR

TILBOÐIN GILDA AÐEINS
Í TAKMARKAÐAN TÍMA

POTTA
OG PÖNNUBÚÐIN ÞÍN

byggto**g**búid

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

Nærmynd: Brynhildur Guðjónsdóttir: „Hún sannar þetta með smár og knár“

■ Einkabarn og kölluð „Brynka“ ■ „Hún nær árangri í öllu sem hún ætlar sér“ ■ Með þínulitla fætur og hefur gaman af fötum ■ Hjartahlý en ákveðin

Audur Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Brynhildur Guðjónsdóttir, leikkona og leikstjóri, var á dögnum ráðin leikhússtjóri Borgarleikhússins. Eftir útskrift úr leiklistarskóla fyrir

rúmlega tveimur áratugum hefur hún farið með fjölda burðarhlutverka í leikhúsi, leikið í sjónvarpi og kvikmyndum og haslað sér völl sem leikskáld. En hver er þessi smágerða kjarnakona sem virðist vera bæði þrjósk og hlýleg á sama tíma? Vinir og samstarfsfélagar segja hana þrjóska og ákveðna en jafnframt hlýja, fyndna og glaðlega. Hér verður stiklað löngum og afkastamiklum ferli þessarar hæfileikakonu.

Skemmtilegt og málglatt barn

Brynhildur Guðjónsdóttir er fædd í Svíþjóð þann 26. september 1972. Hún er einkabarn foreldra sinna, Guðjóns Magnússonar og Margrétar Pálsdóttur. Guðjón er menntaður kennari sem síðar varð starfsmannastjóri Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Margrét er menntuð fóstira en faðir hennar, afi Brynhildar, rak lengi vel verslunina Liverpool á Laugavegi. Margrét tók seinna meir við

rekstrinum.

Brynhildur flutti ávarp á sjöttíu ára afmæli Alþjóðlega leiklistardagsins í mars 2018 og rifjaði þá upp þegar hún komst fyrst í kynni við töfra leikhússins. Árið var 1978, hún var sex ára gömul og fór ásamt foreldrum sínum að sjá Kardemommubæinn í Þjóðleikhúsinu.

„Fyrir rúmum fjórtíu árum fór lítil stúlka í leikhús með foreldrum sínum. Hún sat eins og ljós alla sýninguna, söng með og fylgdist grannt með öllu sem fyrir augu bar. Hún tók inn allt sem fyrir skilningarvitin var borið: Ræningjar og ljón, eldsvoði og asnakerra og einn og tveir og þrír og einn og tveir og þrír. Tjaldið féll að lokinni sýningu, þykkt og djúprautt. Áhorfendur klöppuðu. Heimurinn sem barnið hafði fengið að búa í um stund var horfinn sjónum en að eilífu greyptur í minnið. Frammi í fatahengi trompaðist svo stillt og prúð stúlka. Foreldrarnir, kennari með alskegg í brúnurum flauelsbuxum og fóstira með stór gleraugu í fjólubláu pilsu og háum leðurstígvélum, vissu ekki hvaðan á þau stóð veðrið. Þau hálfskömmuðust sín fyrir hamhlepuna sem, löðrandi sveitt um hausinn, æddi um alla ganga og henti sér æpandi á Þjóðleikhústeppið með allar taugar þandar og ný-uppgötvaðan heim í brjóstinu. Allt fór vel að lok-



um, við komumst klakklaust út í rauða Taunusinn og heim í Kópavog. Þetta var umbreytandi upplifun, upplifun sem breytti DNA-i barnsins, vakti áhuga, bjó til orku og víkkaði sjóndeildarhringinn.“

Foreldrar Brynhildar giftu sig ungrir. Í samtali við Lifðu núna árið 2018 kom fram að Brynhildur hefði notið handleiðslu „framsýnna foreldra með sterkar klassískar rætur“ og að fjölskyldan hefði ætíð verið afar samheldin.

Þá sagði Brynhildur í viðtalinu að foreldrar hennar hefðu flakkað töluvert þegar hún var ungstelpa en litla fjölskyldan bjó í Svíþjóð í eitt ár, þegar Brynhildur var sjö ára gömul. „Mamma og pabbi voru alltaf virk í félagsstörfum af ýmsum toga og sem dæmi var pabbi í alþjóðlegum félagskap sem kallast Round table. Á vegum þess félagskapar ferðuðust þau gífurlega mikið og hingað komu auk þess erlendir félagar í heimsókn,“ sagði Brynhildur og bætti við að foreldrar hennar hefðu alltaf unnið „geysilega mikið.“ Hún hefði því orðið svokallað lykklabarn snemma, og frá tíu ári var hún í sveit öll sumur.

„Af því að ég er einbirni þurfti ég mjög fljótt að hafa ofan af fyrir mér þegar þau voru í vinnu. Ég var sífellt að búa til og skapa og það kom fljótt í ljós að ég ætlaði einhverjar ákveðnar leiðir. Þau hafa leiðbeint mér í lífinu en ég geri ekki eins og þau. Það kom til dæmis aldrei til greina að ég færi í verslun og viðskipti og tæki við Liverpool. Ég var bara unglingur þegar ég gaf út þá yfirlýsingu að ég ætlaði ekki að vinna í búðinni næsta sumar heldur væri ég búin að fá mér vinnu á kaffihúsi neðar í götunni.“

Brynhildur var stundum kölluð Brynka. Árið 2005 lýsti móðir Brynhildar dóttur sinni þannig í samtali við DV:

„Hún var afskaplega skemmtilegt barn, málglöð og dugleg stúlka. Hún var mjög ljúf og góð og kunnari að leika sér. Hún söng mikið en okkur datt aldrei í hug að hún myndi verða leikari.“

Annáluð tungumálakona

Að loknum grunnskóla fór Brynhildur í Menntaskólann í Reykjavík. Hún var þar á náttúrufræðibraut en hún lét eitt sinn hafa eftir sér í viðtali að hún hefði kosið að fara á þá braut þó svo að hún hefði aldrei verið sterk í stærðfræði. „Það kom ekki annað til greina en að ögra sér svólítið með það.“

Á menntaskólaárunum fór hún meðal annars til Frakklands í málaskóla. Að loknu stúdentsprófi lá leiðin í Háskóla Íslands þar sem hún lauk BA-námi í frönskum bókmenntum og málvísindum, ítölsku og rúmensku við með viðkomu í háskóla í Suður-Frakklandi.

„Í Frakklandi komst ég á bragðið með að vera erlendis og velti því fyrir mér um tíma að fara í skóla þar. En ég ákvað að fara til Bretlands frekar vegna þess að leikhúsið þar er frekar líkt íslensku leikhúsi,“ sagði Brynhildur í samtali við Morgunblaðið árið 1999.

Á sínum tíma birtist viðtal við Brynhildi á vef Þjóðleikhússins þar sem hún sagði að eftir stúdentspróf hefði henni ekki fundist hún vera tilbúin í leiklistarnám. Hún ákvað því að fara í BA-nám fyrst. Þá hefði hún ákveðið að fara frekar í leiklistarskóla erlendis heldur en að reyna við Leiklistarskólann hér heima þar sem að hún leit svo á að leiklistarnámið þyrfti að vera framandi og „þínu hættulegt.“

Árið 1995 útskrifaðist Brynhildur með BA-gráðu frá Háskóla Íslands og fór einnig með lítið aukahlutverk í kvikmyndinni Nei er ekkert svar. Um haustið hóf hún nám við Guildhall School of Music and Drama í Lundúnum, virtan leiklistarskóla sem meðal annars hefur útskrifað Orlando Bloom, Daniel Craig, Ewan McGregor og Joseph Fiennes. Það var ekki alltaf auðvelt að vera blankur leiklistarnemi í stórborginni en í samtali við Nýtt Líf árið 2004 rifjaði Brynhildur meðal annars upp að hún hefði „lifað á ristudu braudi og hummus í þrjú ár.“ Þegar foreldrar hennar

HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202



Í bernsku var hún stundum kölluð Brynka og nú kallar hún sig Inku Magnusson, enda aldrei að vita hvernig nafnið Brynhildur Guðjónsdóttir yrði í munni Breta. DV-mynd Teitur

komu í heimsókn og þau fóru saman út að borða var Brynhildur að eigin sögn svo ánægð að fá loksins almennilegan mat að það lá við að hún gréti af gleði.

Komst strax inn í bransann

Ófáir eru þeir íslensku leikarar sem reynt hafa fyrir sér árangurslaust í leikhúborginni London en svo bar við rétt fyrir jól að ung íslensk leikkona steig á fjallir Oliver sviðsins í sjálfu Þjóðleikhúsi Breta á suðurbakka Thamesár. Þetta er Brynhildur Guðjónsdóttir sem kallar sig Inku Magnusson og lauk námi við Guildhall School of Music and Drama síðastliðið vor.

Þannig hófst grein sem birtist í DV janúar árið 1999 en þar var rætt við Brynhildi sem hafði landað hlutverki Skellibjöllu (Tinkerbelle) í uppsetningu Breska Þjóðleikhússins á Pétri Pan.

„Ég fer í þrjú þegar ég er laus hér og lífi bara einn dag í einu. Mér hefur gengið vonum framur síðan ég lauk námi í júní í sumar. Þá fékk ég hlutverk í Gate-leikhúsinu og svo þetta strax á eftir. Ég fékk líka tilboð frá Konunglega Shakespeare-leikhúsinu um tvö hlutverk og níu mánaða starf en valdi Þjóðleikhúsið af ýmsum ástæðum, bæði hef ég mikið dálæti á Pétri Pan og hef elskað Tinkerbelle frá því ég var barn,“ sagði Brynhildur.

Það sama ár kom Brynhildur heim og tók þátt í uppsetningu Þjóðleikhússins á söngleikum Rent. „Ég leik Mími sem er ofsalega tragískur karakter. Þetta er sextán, sautján ára stelpa sem er með eyðniveiruna, háð krakki og vinnur fyrir sér sem dansari á sadó-masóklúbbi,“ sagði hún í samtali við DV á sínum tíma. Brynhildur viðurkennið jafnframt í viðtalinu en henni fyndist ákveðin söngleikir mjög skemmtilegir en Andrew Loyd Webber þætti henni „alveg ofsalega leiðinlegur.“

Í nóvember þetta ár birtist við-

tal við Brynhildi og þáverandi mann hennar, Atla Rafn Sigurðsson leikara, í Morgunblaðinu. Brynhildur lýsti þar meðal annars spennunni og taugatitringnum sem myndast áður en leikarinn fer inn á sviðið.

„Hjá mér er þetta þannig að ég fer að svitna um leið og ég finn hvernig adrenalínið pumpast út í líkamann, lófarnir verða þvalir og sjáldrin þanin! Þetta gerist fyrir hverja einustu sýningu en fer eftir því hver ábyrgðin er í sýningunni.“

Þá sagðist hún ekki finna fyrir pressu varðandi útlitið eins og sumir leikarar. „Það tekur allavega ekki milda orku frá mér að halda mér til. Ég er eins og ég er og vonandi boðleg fyrir það sem ég er að gera.“ Þá sagðist hún einkum nota frístundirnar til að „ræka sambandið við fjölskyldu og vini. Þá kom fram að hún notaði frönskunnáttuna einkum til að lesa bækur „og aftan á vínflöskur.“

Sló í gegn sem Edith Piaf

Brynhildur var fastráðin við Þjóðleikhúsið á árunum 1999 til 2011, áður en hún fór yfir í Borgarleikhúsið. Hlutverk Brynhildar á íslensku leiksviði eru nú komin á þriðja tuginn. Hún sló rækilega í gegn þegar hún fór með titillutverkið í uppsetningu Þjóðleikhússins á Edith Piaf árið 2004. Brynhildur, sem þá var 32 ára gömul, lék söngkonuna ástsælu á öllum ævistigum, allt frá því hún var barn og þar til hún lést.

„Brynhildur Guðjónsdóttir hefur sungið sig inn í hug og hjörtu landsmanna með túlkun sinni á Edith Piaf. Dökk yfirlitum, lágvaxin og grönn leikkonan er með ótrúlega stóra og breiða rödd. Gagnrýnendur sem og áhorfendur hafa keppst við að lofa frammistöðu Brynhildar og þykir engu líkara en goðsögnin Piaf hafi endurholdgast á sviðinu



Stelpan með stóru augun



í meðförum hennar. Það kemur því verulega á óvart að leikkonan hefur aldrei lært söng,“ kom fram í grein Ský á sínum tíma.

Árið 2004 var Brynhildur ein af sex þjóðþekktum Íslendingum sem tóku þátt í verkefni á vegum Samtaka iðnaðarins sem gekk út á að kynna íslenska tísku. Hver og einn af þátttakendum vann með teymi fagmanna og var afraksturinn kynntur í tímariti Morgunblaðsins.

Brynhildi Guðjónsdóttur leikkonu fannst sjálfsgaet að leggja íslenskum fagmönnum á sviði tiskunnar lið. „Erlendis hefur það lengi vel tíðkast að leikarar séu í samvinnu við þekkt tískuhús, þótt hér á landi sé ekki hefð fyrir slíku,“ segir Brynhildur sem hefur ákveðnar skoðanir á fötum. „Föt geta breytt fólki og haft ótrúleg áhrif á vaxtarlagið þar sem flott hönnun getur dregið fram það fallega sem manneskjan vill undirstrika. Svo er náttúrulega alltaf hægt að klæða sig eftir skapi og föt geta verið ákveðin yfirlýsing. Ég hef mjög gaman af fallegum fötum og hef gaman af því að klæða mig upp á. En fatastill minn frá degi til dags ein-

kennist frekar af þægindum en yfirlýsingum svona almennt séð, þar sem ég er mikið í gallabuxum og bol,“ segir hún en kveðst þó vita að það sé ekkert ægilega smart.

Þetta var ekki í fyrsta skipti sem Brynhildur ræddi um tísku og fatnað í viðtali, því árið 2003 ræddi hún við Fréttablaðið og meðal annars um skó sem voru í miklu uppáhaldi. Þar ljóstraði hún því upp að væri með einstaklega smáa fætur.

Ég á skó sem eru algjörlega guðdómlegir. Þeir eru skærbleikir með háum og mjóum hæl, úr rúskinni, opnir í tana og með bleiku blómi. Þeir eru númer 35 og þar af leiðandi á við meðal-gemsa. Ég er algjör Öskubuska í þeim. Þeir nýtast mér ekki sem skyldi í íslenskri veðráttu en ég tók mig út eins og prinsessa í brúðkaupi í London í 35 stiga hita á vel hirtum krikketvelli. Þeir henta vel á þannig samkomum. En eins og vænta má af alvöru Öskubuskuskóm endist maður ekki lengur í þeim en til tólf á miðnætti, fæturnir þola ekki meira.“

Brynhildur segir það ekki

algennt að finna skó hér á landi sem smellpassa svona á hana. „Ég keypti þessa í Flex í Bankastræti í sumar. Þeir stóðu uppi í glugga og kölluðu svo hátt í mig. Ég sneri mér við til að athuga hver væri að hrópa og þarna stóðu þeir og biðu. Það er gjarnan þannig með skó,“ segir Brynhildur og viðurkennið fúslega að vera með skóárattu. „En það þarf ekkert að lækna svoleiðis, ég get lifað nánast eðlilegu lífi með þessu.“ Brynhildur segist þó ekki safna skóm en að kannski geri hún það seinna effjárráð leyfa. „Í dag á ég fáa en sérstaka skó.“

Í janúar 2005 var Brynhildur tekin fyrir í liðnum „Kostir og Gallar“ í DV. Fram kom að kostir Brynhildar væru þeir að hún væri „sterk leikkona, hæfileikarík og metnaðargjörn.“

Hún er ákveðin og viðsýn, finnur nýjar hliðar á öllum málum og kann að nálgast hluti svo hún geti unnið með þá. Hún leggur sig alla fram við það sem hún tekur sér fyrir hendur og er gláðleg og skemmtileg.

Gallar Brynhildar voru sagðir



Brynhildur, nýútskrifuð og upprennandi stjarna.



vera þeir að hún ætti það til að vera „of ákveðin, svo það jaðraði við þrjósku. Hún fæst ekki til að víkja frá þeim ákvörðunum sem hún tekur. Hún er stundum of dómhörð á sjálfa sig og umhverfi sitt. Hún er er lítillát þrátt fyrir að hafa gert stóra hluti.“

Edda Arnljótsdóttir, leikkona og vinkona Brynhildar, lýsti henni sem dásamlegri manneskju „og ótrúlega klár.“ Þá lýsti Harpa Þórsdóttir, listfræðingur og vinkona Brynhildar, henni sem einstaklega fjölhæfri. „Hún er ein af fáum manneskjum sem ég þekki sem getur bókstaflega allt. Ef hún vill eitthvað þá leitar hún leiða til að ná því, hún nær árangri í öllu sem hún ætlar sér. Hún er ótrúlega hæfileikarík og ferlega fyndin. Hún getur verið frekar gagnrýnin, bæði á sjálfa sig og aðra.“

Fjölhæf með eindæmum

Af öðrum hlutverkum sem Brynhildur hefur hlotið mikið lof fyrir má nefna Sólveigu í Pétri Gauti árið 2006, Brák árið 2008, Danielu í Gullregni Ragnars Bragasonar árið 2013 og Njál í Njálu árið 2016, en hún hlaut Grímuverðlaunin fyrir öll framan nefnd hlutverk. Fyrir utan leikhúsið hefur Brynhildur farið með hlutverk í kvikmyndum á borð við Okkar eigin Osló, Duggholufólkið, Málmhaus og Sumarbörn. Þá hefur hún leikið í sjónvarpsþáttaröðum á borð við Heimsendi og

Stelpurnar, þar sem hún var einnig ein af handritshöfundum. Þá hefur hún nokkrum sinnum komið fram í áramótaskaupi RÚV.

Brynhildur hefur einnig látið til sín taka sem leikkáld. Hún hreppti Grímuverðlaunin 2008 sem Leikkáld ársins fyrir Brák sem samið var sérstaklega fyrir Söguloft Landnámsseturs Íslands í Borgarnesi. Þetta sama ár hlaut Brynhildur styrk úr Minningar-sjóði frú Stefaníu Guðmundsdóttur árið 2008 og var einnig handhafi Íslensku bjartsýnisverðlaunanna. Þá skrifaði hún, og lék aðalhlutverkið í Frida, viva la vida sem sett var upp í Þjóðleikhúsinu árið 2009, en verkið fjallaði um ævi og störf mexíkósku listakonunnar Fridu Kahlo.

Árið 2011 bauðst Brynhildi að fara á styrk sem rannsóknarnemi í leikritun í Yale, en það er þriggja ára nám sem hún fékk að taka á einu ári, sökum reynslu og fyrir starfa. Árið 2014 ræddi hún við Fréttatímamann um ákvörðunina um að fara út í óvissuna. „Ég bara ákvað að fara þó svo að ég vissi í raun ekkert hvert ég væri að fara. Það krafðist alveg gífurlegs hugrekki fyrir mig að segja bless við öryggið. Þegar maður er búinn að vera í fastri vinnu á gamsanum og bara skipta um gír.“

Á öðrum stað í viðtalinu sagði Brynhildur vera mjög heima-kær. „Mér líður eiginlega best hérna í húsinu mínu.“

Það sama ár ræddi við Fréttablaðið við nokkra af samstarfsmönnum Brynhildar og bað þá um að lýsa henni í stuttu máli.

„Hún er rosalega frjó, gefandi og hlýr karakter. Hún er mjög klár og gefur allt í það sem hún gerir. Hún er allt umvefjandi karakter, það er allt eða ekkert hjá henni. Hún er mjög orkumikil og það er í henni svona frumkvöðull. Svo er hún bara manneskja sem er gaman að tala við um allan andskotann. Bæði klár og hlý,“ sagði Arndís Hrönn Egilsdóttir leikkona.

„Hún sannar þetta með smár og knár, flestum betur. Hefur bein í nefinu. Og það er ekkert smá nef. Svo er hún hjarta- og hugumstór. Örlát, blíðlynd og fanta lista maður,“ sagði Ólafur Egill Egilsson, leikari og leikstjóri. Þá sagði Nína Dögg Filippusdóttir leikkona að Brynhildur væri „eitt hæfileikabúnt.“

„Hæfileikar í hverju horni hjá þessari stelpu. Hún er einnig bráðskemmtileg og rosalega vel gefin enda með nokkrar háskólagráður. Fegurðin skín úr augum hennar sem hún gefur af sér til allra.“

Árið 2014

lék Brynhildur Karítas í samnefndu verki Kristínar Marju Baldursdóttur sem sett var upp í Þjóðleikhúsinu. Hún skrifaði einnig verkið Fíl sem sett var upp í Kassanum í Þjóðleikhúsinu það sama ár. Það var fyrsta leikverkið sem Brynhildur skrifaði sem ekki var byggt á sögulegum grunni, en í fyrnefndu viðtali við Fréttatímamann lýsti hún því sem verki um „konu og karl sem bæði hafa beðið andlegt og tilfinningalegt skipbrot og mismunandi leiðir þeirra til að takast á við það.“

Á seinustu árum hefur Brynhildur fært sig æ meir af sviðinu og yfir í leikstjórnina. Árið 2018 var hún sæmd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir framlag sitt til íslenskrar leiklistar.

Orðin södd sem leikkona

Brynhildur er í sambúð með Heimi Sverrissyni kvikmyndagerðarmanni. Hún var áður gift Atla Rafni Sigurðssyni leikara og eignuðust þau dótturina Rafnhildi. Áður bjuggu þau Brynhildur og Heimir í vesturbæ Reykjavíkur en fyrr á árinu festi parið kaup á fasteigninni Fáfisnesi 3 en húsið teiknaði Þorvaldur S. Þorvaldsson arkitekt og var það kosið fegursta hús Reykjavíkur 1973.

Seinasta vor losnaði staða leikhússtjóra Þjóðleikhússins og fljótlega fór að berast sögusagnir þess efnis að Brynhildur hefði áhuga á stöðunni.

„Ég er manneskja með mína menntun, framgang í listum, á 48. aldursári og er að hugleiða það alvarlega; hvort ég eigi ekki bara að sækja um þetta starf. Ég er ekki þekkt fyrir að klúðra málum.“

„Hún er allt umvefjandi karakter, það er allt eða ekkert hjá henni.“

Ég hef bara sagt þetta í þröngum hópi minna vina. Staðan er laus og tíminn líður. Maður vill veg íslenskrar leiklistar sem mestan og bestan. Um annað snýst það ekki,“ sagði hún þegar Vísir bar orðróminn undir hana í maí síðastliðnum. Magnús Geir Þórðarson, fyrrverandi borgarleikhússtjóri, var að lokum ráðinn í starfið en fram kom að Brynhildur hefði verið ein af umsækjendum.

Eftir að staða borgarleikhússtjóra var síðan auglýst laus til umsóknar breiddust út margar getgátur um hver myndi hreppa hnossið. Nafn Brynhildar bar þá á góma. Stjórn Leikfélags Reykjavíkur ákvað þó að birta ekki nöfn þeirra sjö sem sóttu um stöðu borgarleikhússtjóra.

Þann 14. febrúar síðastliðinn var síðan tilkynnt að Brynhildur hefði verið ráðin sem næsti leikhússtjóri Borgarleikhússins en fagnaðarlætin munu hafa verið mikil þegar starfsmönnum leikhússins var tilkynnt um ráðninguna á sameiginlegum fundi. Brynhildur mun taka við starfinu af Kristínu Eysteinsdóttur um næstu mánaðamót. Í samtali við Fréttablaðið á dögunum lofaði hún spennandi tímum.

„Þetta eru náttúrliga mjög stór tímamót í mínu lífi. Ég er að stíga inn á nýjan vettvang í leikhúsheiminum þar sem ég lifi og hrærist. Ég var bara orðin södd sem leikkona og fann að ég varð að blaka mínum vængjum á annan hátt. Mitt yndi er að fá að segja sögur og það geri ég bara með öllum þeim meðulum sem leikhúsið býður upp á. Nú var bara komið að því að ég vildi fá að þakka fyrir mig og segja sögur á annan hátt.“ ■



Rekstrarumsjón

LÁTIÐ OKKUR UM REKSTUR HÚSFÉLAGSINS

Við sérhæfum okkur í umsjón með rekstri húsfélaga og bjóðum trausta og faglega þjónustu á góðu verði

Hafðu samband og fáðu tilboð strax í dag!



Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

1 SYSTEMS OneRecords Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

1 SYSTEMS OneQuality



Gæða-
stjórnun á
stóran þátt í góðum
árangri fyrirtækja.
OneQuality er lausn sem
auðveldar allt vinnferli við útgáfu og
utanumhald gæðahand- bókar og
skjala.

1 SYSTEMS OnePortal Self-Service



OnePortal er
vefgátt sem gerir
fyrirtækjum og sveitar-
félögum kleift að veita íbúum
þjónustu allan sólahringinn, allt
árið um kring. Rafrænar innri ferlar
eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa
eða viðskiptavini, þar sem þeir
geta afgreitt sig sjálfa á
sjálfvirkan máta með
innsendingu
umsókna og
erinda á
vef.



MoReq2

Þróunarstefna OneSystems styður
Moreq2, kröfur evrópulanda um
gagnsæi, rekjaleika og öryggi.

Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn
í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga
og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra



GUNNAR ÞÓRÐARSON 75 ÁRA:

Dægurlagaperlurnar óma á tónleikum 7. mars

Gunnar Þórðarson fagnaði 75 ára afmæli í janúar 2020 og af því tilefni verður blásið til glæsilegra tónleika í Eldborg í Hörpu þann 7. mars.

Gunnar hefur átt einkar glæsilegan og farsælan feril sem laga- og textahöfundur. Eftir hann liggja 830 lög og ein ópera. Mörg af lögum Gunnars hafa fyrir löngu fest sig í sessi í íslensku þjóðarsálinni og nægir þar að nefna lög eins og Bláu augun þín, Fyrsti kossinn, Við Reykjavíkurtjörn, Himinn og jörð og Þitt fyrsta bros. Þessi lög ásamt fleiri dægurperlum Gunnars munu hljóma í Eldborg þann 7. mars næstkomandi.

Ekki missa af þessum einstaka viðburði.

Um er að ræða tvö tónleika í Hörpu laugardaginn 7. mars.

Fyrri tónleikar eru kl. 16–19, 7. mars 2020

Seinni tónleikar eru kl. 20–23, 7. mars 2020

Söngur:

Eyþór Ingi
Jóhanna Guðrún
Stefanía Svavars
Eiríkur Hauksson
Gunnar Þórðarson


Söngur og raddir:

Alma Rut
Íris Hólm
Kristján Gíslason

Hljómsveit:

Haraldur V. Sveinbjörnsson:
Hljómsveitarstjórn/hljómborð
Ólafur Hólm: Trommur
Friðrik Sturluson: Bassi
Diddi Guðnason: Slagverk
Friðrik Karlsson: Gítar
Matthías Stefánsson: Gítar/fiðla
Jón Ólafsson: Píanó/hljómborð
Umsjón: Dægurflugan

Nældu þér í miða á þessa glæsilegu tónleika á miðasöluvef Hörpu eða í gegnum miðasöluvef tix.is.



EIRÍKUR
HAUKSSON

STEFANÍA
SVAVARS

JÓHANNA
GUÐRÚN

EYBÓR
INGI

75

GUNNAR
ÞÓRÐARSON

7. MARS Í ELDBORG HÖRPU

MÍÐASALA Á TIX.IS, Í MÍÐASÖLU HÖRPU OG Í SÍMA 528 5050

Í viðjum verkfalla

■ Opinberir starfsmenn með mikinn verkfallsvilja ■ Starfsmenn Eflingar hjá Reykjavíkurborg í ótímabundnu verkfalli ■ Aðildarfélag BSRB samþykkja verkfall með yfirgnæfandi meirihluta

Ótímabundið verkfall félagsmanna Eflingar sem starfa fyrir Reykjavíkurborg hófst í vikunni. Má einkum gæta áhrifa verkfallsins á leikskólum og hjúkrunarheimilum þar sem þjónusta er skert eða engin.

Áð grípa til verkfalla er engin nýlunda á Íslandi, en sagt hefur verið að Íslendingar eigi heimsmet í verkföllum. Davíð Oddsson sagði meðal annars í þjóðhátíðarræðu sinni um aldamótin síðustu:

„En við eigum samt enn heimsmet í þeirri „Íþróttagreini“. Það er eina heimsmetið af þessu tagi í okkar höndum og er það örugglega ekki met sem nokkur þjóð reynir að hafa af okkur. Það er við okkur sjálfa að eiga. Um það verður vart deilt að tapaðir vinnudagar eru tapað fé. Verkföll eru sjálfsgott óhjákvæmilegt baráttutæki en óhófsnotkun á því tæki er öllum til illis. Það er vissulega engum einum aðila um að kenna að svo illa hefur tekist til.“

Verkfallsrétturinn er mikilvægt tól launþega til að knýja fram kjarabætur og til að verja réttindi sín. Íslendingar hafa verið duglegir síðustu 100 árin að nýta þennan rétt, þó að á tíðum hafi stjórnvöld ákveðið að grípa inn í deiluna með lagasetningu.

Eftirminnileg verkföll á Íslandi síðan um aldamótin Framhaldsskólakennaraverkfall 2000

Framhaldsskólakennarar fóru í verkfall árið 2000 sem stóð í einar átta vikur eða 62 daga. Nokkuð var um brottfall nemenda í framhaldsskólum vegna verkfallsins og í mörgum skólum reyndist þrautin þyngrri að koma nemendum aftur í gang að verkfalli loknu.

Grunnskólakennaraverkfall 2004

Grunnskólakennarar fóru í verkfall þann 20. september 2004 og stóð verkfallið í 39 virka daga, eitt það lengsta í sögu íslenskra skóla. Verkföllinu lauk með inngripi löggjafans þegar Alþingi setti bráðabirgðalög sem bönnuðu verkfallið. Í kjölfarið fengu samningsaðilar frest til að ganga frá samningum áður en deilan færi fyrir gerðardóm. Samningur tókust áður en til gerðardóms kom.

Verkfall hjúkrunarfræðinga 2015

Hjúkrunarfræðingar voru á þriðju viku verkfalls árið 2015 þegar lög voru sett á verkfallið. Í kjölfarið fengu aðilar tækifæri til að semja áður en til gerðardóms kæmi. Þær samningaviðræður tókust ekki og ákvarðaði gerðardómur kaup og kjör hjúkrunarfræðinga. Í dag eru hjúkrunarfræðingar lausir undan gerðardómnum en hafa ekki samið að nýju.

Verkfall BHM 2015

Starfsmenn ríkisins innan BHM fóru í ellefu vikna verkfall árið 2015 sem lauk með inngripi löggjafans. Meðan á verkfalli stóð kom upp erfið staða innan heilbrigðiskerfisins og samkvæmt skýrslu Landlæknis til Alþingis þá var öryggi



sjúklinga ekki tryggt. Niðurstöður rannsókna töfðust mikið, greiningar sjúkdóma töfðust, aðgerðum var frestað og biðlistar lengdust.

Afskipti stjórnvalda af verkföllum

Alþingi hefur gripið inn í kjaradeilur þónokkrum sinnum með lagasetningu. Byggjast þær ákvarðanir á mismunandi sjónarmiðum sem eiga það þó sameiginlegt að miða að því að vernda hag almennings eða efnahagslegan stöðugleika.

Í verkfalli grunnskólakennara 2004 þótti mikilvægt að grípa inn í þar sem 45 þúsund skólabörn voru ekki að fá þá menntun sem þeim væri með lögum skylt að fá.

Í verkfalli BHM og hjúkrunarfræðinga 2015 var gripið inn í á grundvelli almannaheillar þar sem staðan innan heilbrigðiskerfisins var orðin svört og öryggi sjúklinga ekki tryggt.

Framangreind verkföll eiga það einnig sameiginlegt að varða opinbera starfsmenn, starfsmenn ríkis og sveitarfélaga. En sögulega hafa opinberir starfsmenn á Íslandi nýtt sér verkfallsréttinn nokkuð ríkulega. Í grein Gylfa Dalmanns Aðalsteinssonar um verkföll opinberra starfsmanna á Íslandi frá 2015 segir: „Má segja að opinberir starfsmenn, sem eru rúmlega fimmtungur íslensks vinnuafns, standi fyrir u.þ.b. helmingi af töpuðum vinnudögum vegna verkfalla hér á landi.“ Í sömu grein tekur Gylfi fram að umfang verkfalla opinberra starfsmanna sé mun meira en á almenna vinnumarkaðnum.

Mun Alþingi skipta sér að verkfalli Eflingar?

Miðað við framangreint þá gæti löggjafinn mögulega gripið inn í stöðuna í Reykjavík með lagasetningu. Grundvöllurinn yrði þá væntanlega almannaheill. Verkföllin eru farin að hafa áhrif inn í grunnskólana, þótt þau birtist enn skýrar hjá leikskólunum. Hins vegar er skólaskylda

hjá grunnskólabörnum, en börnum er ekki skylt að vera í leikskóla.

Mögulega gætu tapaðir vinnudagar foreldra leikskólabarna spilað inn í, en þó hefur verkfallið aðallega áhrif á foreldra barna sem skráð eru á leikskóla í Reykjavíkurborg svo ekki er fyrir séð hvort áhrifin verði metin það víðtæk að það réttlæti inngrip inn í lögbundinn verkfallsrétt. Inngrip löggjafans verða að byggja á málefnalegum grunni og mega ekki ganga lengra en nauðsynlegt þykir þar sem verkfallsrétturinn er lögbundinn og mikilvægur launþegum í baráttunni fyrir bættum kjörum.

Eins er það staða þeirra sem þurfa á umönnun að halda sem gæti hreyft við löggjafanum, en þó hafa víðtækar undanþágur verið heimilar til að tryggja öryggi þeirra sem dvelja á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

Má áætla að verkfallið þurfi að standa yfir í nokkurn tíma áður en það kæmi yfirhöfuð til álita að grípa inn í með lagasetningu.

Höfrungahlaup

Í umræðunni er tíðnefnt svokallað höfrungahlaup og hættan á slíku ef gengið verði að kröfum Eflingar um leiðréttingu lægstu launa hjá borginni. Almennu hefur þótt rétt að miðstýrðir samningar, til dæmis á borð við lífskjarasamninga, séu leiðandi við kjaraviðræður til að fyrirbyggja höfrungahlaupið. Í því fælist að ef ein stétt myndi semja mun betur en aðrar þá færur aðrar stéttir að sækjast eftir sambærilegum bótum á sínum kjörum. Þar með yrði jöfnuðurinn sem sóst var eftir með leiðréttingu lægstu launa enginn því aðrar stéttir myndu hlutfallslega hækka að sama skapi og kaupmáttaraukningin hyrfi með hækkun verðlagi. Efling hefur þó hafnað því að kröfur félagsins leiði til höfrungahlaups þar sem aðeins sé verið að ræða um leiðréttingu á lægstu launum, en ekki fordæmisgefandi hækkun fyrir alla launþega landsins.

Fyrirhuguð verkföll

Verkfallsboðun félaga í aðildarfélagum BSRB var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta í vikunni. Verkfallsaðgerðir munu hefjast að óbreyttu þann 9. mars næstkomandi. Samkvæmt tilkynningu á vef BSRB munu verkföllin hafa mikil áhrif á almannaþjónustuna og munu ná til starfsfólks í heilbrigðisþjónustunni, þar með talið á Landspítalanum, og í skólum, leikskólum og á frístundaheimilum. Þá mun starfsfólk í sundlaugum og íþróttahúsum sem sinna þjónustu við aldraða og fólk með fötlun leggja niður störf. Aðgerðir verða tvenns konar. Þorri starfsmanna mun leggja niður störf á nánar tilgreindum dögum á meðan smærri hópar fara strax í ótímabundið verkfall.

Margir kjarasamningar eru nú lausir og því má vænta þess að fleiri stéttir hugi að mögulegum verkfallsaðgerðum. ■

Erla Dóra
erladora@dv.is



EIGUM MARGA
LITI Á LAGER

ÁKLÆÐNINGAR
& UNDIRKERFI


HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR

Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500

Sérblað

21. febrúar 2020

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



SPENNANDI BAÐHERBERGISLAUSNIR FRÁ INNRÉTTINGAR OG TÆKI:

Vertu með Adele í speglinum og mosagróinn vegg!

Starfsemi sérvörverslunarinnar Innréttingar og tæki hófst árið 1945 undir nafninu Jensen, Bjarnason & Co. og var þá aðallega umboðs- og heildsöluverslun. Árið 1993 var verslun Innréttingar og tæki opnuð og var þá hafin sala á innréttingum og hreinlætistækjum. „Amma og afi, Pétur Vilhelm Jensen og Svava Jensen, hófu starfsemina fyrir 75 árum og hefur fyrirtækið alltaf verið í eigu Jensenfjölskyldunnar,” segir Iris Jensen sem tók við keflinu 2014 ásamt eiginmanni sínum, Grétari Þór Grétarssyni. „Frá 1993 höfum við sérhæft okkur í sérvörum, smáhlutum, innréttingum og hreinlætistækjum frá Spáni og Ítalíu fyrir baðherbergið og í dag er það sérstaða okkar. Við seljum mikið til einstaklinga og iðnaðarmanna sem og fyrirtækja og stofnana, enda er vörurvalið afar breitt og erum við með umboð fyrir ýmis spennandi merki.“

Undanfarin ár hafa dúkkað upp skemmtilegar nýjungar í hönnun baðherbergja og er verslunin Innréttingar og tæki ávallt með puttann á púlsinum þegar kemur að spennandi og fallegum baðherbergislausnum.

Náttúran inni á baðherbergi
Frá ítalska merkinu Benetti Home kemur virkilega töfrandi nýjung fyrir baðherbergi, hvort sem er á stofnunum, í fyrirtækjum eða í heimahúsum. „Ég er að tala um láréttan mosagarð á vegg. Mosagarðurinn kemur í nokkrum útgáfum, til dæmis með laufum

og hins vegar eins og dæmigerður íslenskur mosi. Þessi lausn hefur verið vinsæl í Skandinavíu og má t.d. sjá í Leifsstöð. Þá má hvort heldur sem er þekja heilan vegg eða setja mosann inn í ramma og hengja upp eins og listaverk. Mosinn er tilvalinn til þess að mýkja harðar línur í rými eins og baðherbergjum auk þess sem hann hefur dempanði áhrif á hljóð og bergmál. Það besta er að um er að ræða lifrænt efni sem þarf nær enga umsjón. Þetta vex ekki og þarf því ekki að klippa til. Ekki er æskilegt að hafa mosann í beinu sólarljósi eða inni í sturtuklefanum. Eina sem þarf að gera er að úða hann einstaka sinnum með sérstöku efni þegar maður finnur að hann er að þorna. Þetta er einföld og náttúruleg leið til þess að lifga upp á rými án mikillar fyrirhafnar.“

Tæknilegt klósett

Tæknin hefur rutt sér til rúms á öllum stöðum heimilisins og er baðherbergið engin undantekning. „Ein af nýjungunum okkar er smart klósett frá Spáni. Salernin eru með innbyggðri þurrku, skoli og ljósi sem og upphitaðri klósettsetu. Einnig erum við með speglalausnir með Bluetooth-hátalara. Þá er hægt að hlusta á tónlist, fréttir, sögur eða jafnvel frumskógarhljóð á meðan þú slappar af í baði eða í sturtu.“

Íslendingar elska liti

„Við höfum verið að sjá miklar breytingar hvað varðar litaval í hreinlætis- og blöndunartækjum.

Þó svo hvíta postulínið og krómíð haldi sér, þá er fólk orðið óhræddara við að velja aðra liti. Vinsældir svarta litarins í blöndunartækjum fara sívaxandi ásamt möttum gylltum lit. Einnig erum við að sjá mikla aukningu í skemmtilegum litum á hreinlætistækjum eins og baðkörum, vöskum og salernum. Bleikum, bláum og grænum er spáð miklum vinsældum á þessu ári.“ Innréttingar og tæki selur smekklega handklæðaofna sem sóma sér líkt og listaverk inni á baðherberginu, ásamt því að halda handklæðinu hlýju og notalegu á meðan þú ert í sturtu eða baði. „Ofnarnir koma í ýmsum stærðum, gerðum, formum og litum, en sá svartir hefur verið að koma sterkur inn. Það er þó minna um að fólk sé að fá sér handklæðaofna úr krómi.“

Vinsælustu sturtubotnarnir

„Íslendingar eru líka alveg vitlausir í þunnu sturtubotnana okkar frá spænska merkinu Gala. Um er að ræða sterkbyggða og endingargóða sturtubotna úr granít/stonex/resinefni. Botnarnir koma í 15 litum og eru sérstaklega gerðir fyrir opnar sturtur sem hægt er að ganga inn í. Sturtubotnarnir koma tilbúnir í einu stykki með innbyggðum halla sem auðveldar alla uppsetningu til muna. Þá er engin þörf fyrir fúgu sem einfaldar öll þríf til muna. Flísarnar eru bornar stamri gelkvoðu sem gerir botninn að stöðugu undirlagi fyrir fólk að ganga á og athafna sig í sturtunni.“



Nánari upplýsingar má nálgast á jensenbjarnason.is
Ármúli 31, 108 Reykjavík
Sími: 588-7332
Póstfang: i-t@i-t.is
Opíð alla virka daga frá 9-18 og laugardaga 11-14.



Veggfóður sem hæfir sænskri konungsfjölskyldu

Einar Beinteins ehf. býður upp á gagnlega þjónustu fyrir heimili, fyrirtæki og stofnanir svo sem í teppa- og dúkalögn, strigastrekkingu og flotspörtlun. Fyrirtækið sérhæfir sig einnig í innflutningi, sölu og uppsetningu á veggfóðri. „Duro, Marburg, Engblad & Co, Cole & Son, Mr. Perswall, Borástapeter og Mineheart eru flottustu veggfóðursframleiðendurnir í dag. Í gegnum þessa framleiðendur getum við boðið upp á frábært úrval af fyrsta flokks veggfóðri fyrir heimili, fyrirtæki, hótél og stofnanir á breiðu verðbili. Við sérþöntum fyrir viðskiptavinum okkar og getum útvegast nánast hvað sem er,“ segir Einar Beinteins, dúklagninga- og veggfóðrarameistari og eigandi fyrirtækisins.

Einar Beinteins ehf. byggir á þriggja kynslóða reynslu í veggfóðrun og dúkalögn. „Afi var í þessu á sínum tíma og pabbi líka og lærði ég gífurlega mikið af þeim feðgum. Því má segja að reynsla mín spanni um það bil 75 ár í dúkalögn og veggfóðrun,“ segir Einar. „Mín reynsla er sú að veggfóður er alltaf móðins. Þau fást í óendanlegum

litum, áferðum, samsetningum og gerðum. Hvort sem þú vilt einfalt og einlitt veggfóður með smá áferð, litríkt og upphleypt veggfóður eða heilla veggmynd. Þetta er í raun einfaldasta og oftast en ekki ein ódýrasta leiðin til þess að frikka upp á herbergi eða rými.“

Veggfóður sem hæfir drottningum!

Duro veggfóðrið er sænsk hágæðavara enda hafa þeir framleitt veggfóður fyrir sænsku konungshirðina síðan 1946. Klassísk mynstur, smekklegir litir og nýmóðins áhrif. Duro býður upp á spennandi valkosti fyrir kröfuharða heimiliseigendur. Veggfóðrin eru umhverfisvæn, afar létt en sterkbyggð og þola þvott.

Brautryðjendur í veggfóðurhönnun

Marburg veggfóðrin eru hönnuð og framleidd í Þýskalandi. Einstök hönnun fyrirtækisins hefur vakið athygli um allan heim. „Marburg er brautryðjandi þegar kemur að hönnun veggfóðurs en þeir framleidda allt frá einföldu, klassísku og einlitu eða smámynsturdu veggfóðri upp

í sjálflýsandi veggfóður og jafnvel veggfóður með gljásteynum. Það voru þeir hjá Marburg sem fundu upp hið svokallaða textil-veggfóður árið 1965. Marburg býður upp á frábærar veggfóðurslausnir fyrir hótél, skrifstofur og heimili á enn betra verði.“

Sænska fyrirtækið Engblad & Co var fyrst til þess að hanna og framleiða veggfóður í Skandinavíu. Stílvitund og nýsköpun einkenna veggfóðrin frá þessum framsækna veggfóðursframleiðanda.

Mineheart veggfóðrin fela í sér allt það sem er töff, nýmóðins og frumlegt en byggja á sama tíma á klassískri hönnunarsögu. Útkoman er satt að segja stórkostleg.

Gullfalleg mynstur og frábær barnaherbergislína

Veggfóðrin frá Borástapeter eru ævintýralega falleg og henta í hvaða herbergi sem er í húsinu. Allt frá einföldum geómetriskum mynstrum til flókinna náttúrumynstra. Borástapeter framleiðir þar að auki dásamlega falleg veggfóður inn í barnaherbergi með frumskógardýrum, flugvélum,

hvölum og fleiri skemmtilegum myndum og mynstrum.

Hannaðu þitt eigið veggfóður

Mr. Perswall framleiðir sérþentuð veggfóður en býður einnig upp á gífurlegt magn af skemmtilegri og nýstárlegri hönnun. Veggfóðrinu frá Mr. Perswall halda engin bönd nema ímyndunaraflíð. Sérþentuðu veggfóðrin eru sérhönnuð til þess að passa nákvæmlega á þann vegg sem þú ert með í huga.

Nýtt og gamalt

Frá árinu 1875 hefur enski veggfóðursframleiðandinn Cole & Son hannað og framleitt hágæða veggfóður fyrir kröfuharða viðskiptavinum. Nýstárleg hönnun byggir á klassískum mynstrum átjándu, nítjándu og tuttugustu aldarinnar og útkoman er vægast sagt heillandi.

Nánari upplýsingar má nálgast á veggfodur.is

Dalvegur 16 D, 201
Kópavogskaupstaður.
Sími: 892-4588
Tölvupóstur: einar@eb.is
Facebook: Veggfodur.is



GNÁ SPRAUTUN:

Sprautulökkun er svarið sem þú hefur verið að leita að!

Er eldhúsinnréttingin orðin lúin? Dreymir þig um að skipta út gömlu, dimmu viðarinnréttingunni fyrir bjart og fallett nútímældhús? Það getur verið gífurlega tímafrent, kostnaðarsamt og satt að segja alls ekki svo umhverfisvænt að skipta út heilli eldhúsinnréttingu, sérstaklega ef hún gerir ennþá sitt gagn. Sprautulökkun er afar hagkvæm og einföld leið til þess að gefa lúinni eldhúsinnréttingu eða gömlum viðarhúsgögnum alveg nýtt líf á verði sem er brotabrot af því sem kostar að kaupa nýtt. „Það má segja að þeir sem láta sprauta heila eldhúsinnréttingu og skipta um borðplötu í leiðinni, eyði að meðaltali ekki nema 20–25% af því sem hefði kostað að kaupa allt nýtt,“ segir Gardar Hreinsson hjá Gná Sprautun.

Lakka hvað sem er

„Við hjá Gná Sprautun höfum sérhæft okkur í innréttingum verslana en bjóðum samhliða upp á sprautulökkun fyrir húsgögn, innréttingar, hurðir, og í raun hvað sem er, nema málm.“ Lökkunin fer fram á verkstæðinu hjá Gná í rykfríu

og loftræstu rými. Allajafna tekur ekki nema um 5–6 daga að sprauta eldhúsinnréttingu. Þá býður Gná enn fremur upp á þá þjónustu að sækja það sem á að lakka innan höfuðborgarsvæðisins, ef fólk hefur ekki tök á að koma sjálf.

Alveg eins og nýtt á met tímal!

„Við notum eingöngu sýruhart gæðalakk frá Hegas sem er langstærsti söluaðili í húsgagnalakki á Íslandi. Við getum boðið viðskiptavinum okkar upp á alla regnbogans liti sem og mismunandi áferð allt eftir smekk viðskiptavinarins. Við erum með allar gerðir af gljástigi frá alveg möttu yfir í háglans. Einnig erum við með strúktúrlakk með sandi sem gefur mjög skemmtilega, grófa áferð. Eftir sprautun er eins og maður sé kominn með alveg glænýja innréttingu og þetta tekur ekki nema fimm daga sem er gríðarlegur kostur.“

Nánari upplýsingar má finna á Facebook-síðunni: Gná Sprautun
Sími: 894-7200
Tölvupóstur: gardar.hreinsson@gmail.com





BÓLSTRARINN:

Hágæða gluggatjöld frá Bólstrarinum

Bólstrarinn við Langholtsveg var stofnaður 1944 af Gunnari V. Kristmannssyni. Í dag er fyrirtækið rekið af syni hans, Hafsteini Gunnarssyni, og má með sanni segja að fyrirtækið sé með landsins mesta úrval af áklæðum, gluggatjöldum og veggfóðri. „Við bjóðum upp á gríðarlegt úrval af ýmiss konar gæðaefnum frá fremstu framleiðendum heims. Við erum algerlega óhrædd við að flytja inn dýrari efni því það hefur komið á daginn að fólk vill frekar fá góð efni sem endast vel, og er tilbúið til þess að borga aðeins meira til þess að upplifa alvöru gæði og góða endingu,“ segir Hafsteinn.

Veglegt velúr

„Stöðugt eru að koma nýjar tegundir bæði af klassískum efnum og tiskuefnum og hefur velúr til dæmis verið að koma sterkt inn í innanhússhönnun í dag. Við flytjum inn ótrúlega áferðarfallegt velúrefni í hæsta gæðastaðli frá ROMO sem er textílfyrirtæki í fremstu röð með dýr og flott efni,“ bendir Hafsteinn á. Bólstrarinn býður einnig upp á fjölbreytt úrval af veggfóðri frá þekktustu merkjum í Evrópu. Og að sjálfsögðu, eins og nafnið gefur til kynna, býður Bólstrarinn upp á fyrsta flokks bólstrunarþjónustu.

Gluggatjöld í öllum heimsins litum, stærðum og áferð

Bólstrarinn þjónustar hvort sem er einstaklinga, arkitekta eða innanhússarkitekta við innréttingar og nýbyggingar. „Fólk er mikið til að velja gluggatjaldaefni sem hefur góða hljóðdempunareiginleika. Þetta er orðið sérstaklega mikilvægt í nýbyggingum þar sem íbúðir eru hannaðar til þess að vera opnari og rýmri, gólfteppi og annar textill eru mikið til horfinn og harðari gólfefni eru valin í staðinn. Þetta getur valdið slæmri hljóðvist í íbúðinni og þá



verður nauðsynlegt að velja hágæða gluggatjöld sem minnka bergmál,“ segir Hafsteinn.

Bólstrarinn býður upp á fjölmargar prufubækur sem hægt er að fá lánaðar heim þegar velja skal rétta efnið. „Það er eiginlega nauðsynlegt að fara með efnið heim til þess að skoða það í þeirri



birtu sem er í rýminu og sjá það í samhengi við það sem er þar fyrir,“ segir Hafsteinn. Bólstrarinn býður einnig upp á þá þjónustu að fá fagaðila heim til þess að taka mál, ráðleggja við val á gluggatjöldum og jafnvel hjálpa til við uppsetningu þegar þar að kemur.



Nánari upplýsingar má nálgast á www.bolstrarinn.is
Bólstrarinn er staðsettur að Langholtsvegi 82
Sími: 568-4545
bolstrarinn@islandia.is
Opnunartími: mán–fös 09.00–18.00

50.000 KR. AFSLÁTTUR
af hornsófum í febrúar



ÞÚ FÆRÐ DRAUMASÓFANN HJÁ OKKUR

900 útfærslur, engin stærðartakmörk og 3.000 tegundir af áklæðum



Roma hornsófi verð 265.900 kr.



Josephine verð 365.000 kr.



Lyon sófasett verð 330.000 kr.

Sófar • Rúm • Stólar • Púðar • Skenkar • Borð • Hægindastólar



Svefnsófi verð 285.900 kr.



Kristalsvörur frá *Julia*
ŚWIAT KRYSZTALU



Basel hornsófi verð 343.900 kr.

HÚSGÖGN FYRIR REKSTUR OG HEIMILI
Stólar • Borð • Borðfætur • Barstólar • Bekkir



Kíktu í heimsókn!

Opið virka daga kl. 10-18 Laugardaga 11-15

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is

Patti
HÚSGÖGN



HEGAS:

Nýr sýningarsalur efst á Smiðjuveginum

Á Smiðjuvegi 1 í Kópavogi er heildverslunin HEGAS ehf. til húsa, en þar hefur sýningarsalur verslunarinnar verið endurnýjaður.

HEGAS hefur verið til húsa við Smiðjuveginn frá stofnun árið 1988 og sérhæft sig í lausnum fyrir innréttingar, innihurðir og tengdar vörur, þ.m.t. vélar og hráefni til innréttingasmíðar.

Við leggjum áherslu á að viðskiptavinurinn geti komið og fengið vöruna afhenta á staðnum, þess vegna er allur lager fyrirtækisins í sama húsnæði.

Áherslurbreytingar í innréttingum.

Jón Kristinn Snorrason verslunarstjóri segir að innréttingar hafi breyst mikið í gegnum tíðina. Núna er t.d. mikið lagt upp úr umgengni í neðri skápa, lýsingu og sorpflokkun. „Við erum með ýmsar lausnir í þeim efnum,“ segir Jón Kristinn. Það er mikilvægt að staðna ekki og þess vegna fylgjast

starfsmenn HEGAS vel með breytingum og vöruþróun. „Það hafa orðið miklar breytingar í efnum fyrir innréttingar, eins og ýmiss konar yfirborðsefnum, nýjungum í skúffubúnaði, nýjum litum og auknu úrvali í LED-lýsingu, okkur fannst mikilvægt og nauðsynlegt að endurnýja sýningarsal okkar og aðstöðu til að geta sýnt þessar nýjungar sem best,“ bætir Jón við. „Einnig höfum við endurnýjað heimasíðuna okkar, en þar er margt að sjá.“

Sjón er sögu ríkari

„Þó svo að sýningarsalurinn sé nýlega endurnýjaður höfum við breytt honum mikið síðan með ýmsum nýjungum,“ segir Jón Kristinn. „En sjón er sögu ríkari og við viljum endilega bjóða alla velkomna að koma og skoða úrvalið hjá okkur. Þeir sem geta ekki gert sér ferð til okkar geta nýtt sér nýju heimasíðuna okkar, www.hegas.is“ bætir Jón við að lokum.



GORMUR.IS –

Fallegar og skemmtilegar gjafavörur með húmor handa fermingarbarninu


Netverslunin Gormur.is selur öðruvísi gjafavörur með myndum, skemmtilegum og heimilslegum tilvitnunum og myndum.

Úrval skilta, kaffibolla, kökuboxa og alls kyns aðrar gjafavörur sem eru tilvaldar sem tækifæris- eða afmælisgjafir.

Nú eru fermingarnar á næsta leiti og gjafavörurnar frá Gormur.is eru kjörnar sem skemmtileg og persónuleg viðbót við fermingargjafirnar.

Vörurnar eru allar framleiddar í Bandaríkjunum og Þýskalandi og mikill gæðabragur yfir þeim. Margar hverjar eru með upphleyptri áletrun eða myndum sem gerir þær að fallegu stofustássi.

Hjá Gormur.is finnur þú frábærar tækifærisgjafir handa þér og þínum.





STÆRSTA VERKEFNI VILLIKATTA TIL ÞESSA:

Styrktu málstaðinn með Gæludýr.is

Villikettir eru dýraverndunarsamtök sem stuðla að því að sporna við fjölgun villikatta á Íslandi á mannúðlegan hátt. Félagið er starfrækt á sex stöðum á landinu og fer vaxandi. Starf okkar er alfarið unnið í sjálfböðavinnu og oft þarf að reiða sig á aðstoð frá velviljuðum dýravinum.

Aðstoðin hefur til dæmis verið í formi styrkja eða gjafa, sem hægt er að setja í kórfa hjá Gæludýr.is á Smáratorgi. Þangað má koma með opna matarpoka sem ekki nýtast. Einnig hefur fólk sýnt mikla velvild þegar við sendum út neyðarkall vegna bráðatilfella, sem skapast t.d. þegar félagið hefur þurft að leggja út miklar fjárhæðir fyrir dýralæknakostnaði.

Fanga – gelda – sleppa

Meginstarf Villikatta felst í að fanga villiketti. Allajafna er notast við alþjóðlega aðferð sem kallast TNR

(Trap-Neuter-Return) og við kjósum að kalla Fanga – gelda – sleppa. Villikettir eru fangaðir í búr og fara síðan í geldingu hjá dýralækni. Eftir geldingu fá þeir að jafna sig í húsnæði á okkar vegum og er síðan skilað aftur á sitt heimasvæði. Þar sjá sjálfböðaliðar um að fæða kettina. Smám saman fækkar köttunum á svæðinu þar sem engin fjölgun verður vegna geldinganna.

Finna kettlingum og vergangsköttum nýtt heimili

En það eru ekki allir kettir sem eiga von á að bjarga sér eftir geldingu vegna ýmissa ástæðna og þá þarf að finna þeim húsaskjól. Önnur vaxandi starfsemi félagsins hefur því verið að sinna vergangsköttum og -kettlingum. Vergangskettir eru fangaðir, þeim veitt húsaskjól og læknishjálp ef með þarf. Ef eigandinn finnst ekki, er þeim fundið nýtt heimili. Kettlingar finnast því miður oft einir síns liðs og litlir

kettlingar lifa ekki lengi bjargarlausir. Flestum er bjargað, en sumir lifa vosbúðina ekki af.

Stærsta verkefni sem félagið hefur tekist á við

Félagið hefur að auki tekið þátt í nokkrum stórum verkefnum og aðstoðað þar sem margir kettir hafa safnast saman. Þessi verkefni hafa fengið vinnuþétt eins og 75 katta húsið og 100 katta húsið. Núna er í gangi verkefni þar sem verið er að aðstoða við að fanga, gelda og hjúkra hátt í 200 köttum og kettlingum. Þetta er stærsta verkefni sem félagið hefur tekist á við og eins og gefur að skilja þarf húsaskjól fyrir alla þessa ketti. Eins og staðan er í dag eru Villikettir húsnæðislausir og þurfa því að reiða sig á velvild sjálfböðaliða og kisuvina með húsaskjól. Húsnæðisþörfin er því brýn svo félagið geti haldið starfsemi sinni áfram.

Villikettir, Orijen og Acana

Snemma í ár hófst samstarf við innflytjendur Orijen- og Acana-kattafóðurs á Íslandi þar sem Villikettir fá nú styrk út frá sölu á fóðrinu. Orijen og Acana eru kanadísk fóðurmerki sem hafa unnið til fjölda verðlauna á heimsvísu og hafa unnið með góðgerðarsamtökum til að stuðla að aukinni velferð gæludýra. Orijen- og Acana-kattafóður inniheldur hátt hlutfall af kjöti og er korn- og hveitilaust og leitast er við að fæða gæludýr á sem líkastan hátt og þau myndu nærast úti í náttúrunni. Orijen- og Acana-kattafóður má m.a. fá í verslunum Gæludýr.is.

Þeim sem vilja styðja við starfsemi Villikatta bendum við á heimasíðu félagsins villikettir.is og söfnunarkörfuna í Gæludýr.is Smáratorgi. Með kaupum á Orijen- og Acana-kattafóðri styður þú við starfsemi Villikatta, en fóðrið færðu meðal annars í verslunum Gæludýr.is.

MEÐ KAUPUM Á
ACANA KATTAFÓÐRI
STYRKIR ÞÚ STARFSEMI
VILLIKATTA

Betra líf án Bakkusar

■ Sífellt fleiri velja sér vímuefnalausn lífsstíl ■ Viðmótið almennt mjög jákvætt

Sífellt fleiri velja sér vímuefnalausn lífsstíl. DV tók saman nokkur dæmi um þekkt einstaklinga sem eru sammála um að lífið sé skemmtilegra án Bakkusar.



Hildur Guðna-dóttir - haft var eftir móður hennar, Ingveldi Ólafsdóttur, í fréttum RÚV að Hildur væri skynsöm stúlka sem drykki ekki áfengi.

Geggjað að vera með kollinn í lagi

Samfélagsmiðlastjarnan Eva Ruza Miljevic telur sig heppna að hafa aldrei tekið fyrsta sopann.

„Ég leiði hugann mjög oft að þeirri staðreynd, hvað ég er ánægð með þessa ákvörðun mína. Það var engin sérstök ástæða fyrir því að ég ákvað að drekka ekki, nema kannski sú að ég vildi ekki missa stjórn á aðstæðum eða sjálfri mér. Svo fór mér með tímanum að finnast það mjög töff að geta sagst aldrei hafa drukkið. Ég tók þátt í öllu félagslífi í menntaskóla og grunnskóla, mátti ekki missa af neinu. Var í skemmtinefndum og tyllidaganefndum, skemmti mér um helgar með vinkonum mínum, og gerði það allt saman edrú. Fyrst þegar margir voru að byrja að fikta við að drekka, þá fann ég að sjálfsgöðu fyrir pressu eins og allir hinir. En sú pressa kom aldrei frá mínum nánustu vinkonum. Þær sýndu mér mikinn skilning og þrýstu aldrei á mig, og er ég alltaf þakklát fyrir það. Hins vegar finnst mér í dag þegar fólk heyrir að ég drekki ekki, þá geri það alltaf ráð fyrir því að ég sé óvirk. Sem mér finnst alltaf smá skritið en að mínu mati er drykkjulaus lífsstíll að aukast og sem betur fer finnst mér sífellt fleiri velja sér þann lífsstíl, hvort sem það er frá upphafi eins og ég, eða eftir að liðið er á. Mér finnst líka fleiri flottar fyrirmyndir vera komnar í sviðsljósið og ég vona að ungir krakkar í dag horfi upp til þeirra, því það er svo geggjað að vera með kollinn í lagi. Ég hef alltaf verið mjög opin með þessa ákvörðun mína og vonaði innst inni að hún myndi skila sér alla leið í eitthvert ungt hjarta. Þess vegna þykir mér extra vænt um þegar ég heyr af einhverjum sem vill ekki drekka - út af mér. Mér þykir ótrúlega vænt um það.“



Jákvæðar fyrirmyndir eru besta forvörnin

Athafnakonan Manuela Ósk Harðardóttir tók aldrei fyrsta sopann og segist því ekki geta gert sér í hugarlund hvernig bjór eða annað áfengi sé á bragðið.

„Það var aldrei nein djúpstæð ástæða sem bjó að baki - en minn stærsti ótti var að missa stjórn á sjálfri mér og vera ekki fullkomlega meðvituð um hvað ég gerði. Ég sá fólk allt í kringum mig, bæði vini og kunningja, oft á mega bömmur eftir djamm - og alltaf fannst mér áfengisneysla bara hafa slæmar afleiðingar. Ég vildi ekki koma nálægt þessu og vil ekki enn. Eftir að ég eignaðist börn þá varð ég enn ákveðnari í þessari ákvörðun, því ég vil ekki ala börnin mín upp í kringum áfengi - þótt það sé í hófi. Ég held að öll börn finni einhvern tímann fyrir óöryggi við það að sjá foreldra sína undir áhrifum. Ég þekki ekkert annað en áfengislausn lífsstíll og hef alltaf getað skemmt mér án áfengis. Þegar ég var unglingur fann ég oft fyrir pressu frá öðrum - og listinn er orðinn mjög langur af fólki sem hefur beðið um að fá að vera viðstatt þegar ég smakka áfengi í fyrsta sinn. Það mun þó aldrei gerast - og núna finnst mér fólk bera mikla virðingu fyrir þessari ákvörðun og ég fæ frekar hrós en nokkuð annað. Það er auðvitað ekki algengt að hafa aldrei smakkað áfengi, þannig að fólk verður stundum hissa - en viðmótið er almennt mjög jákvætt. Mér finnst frábært að geta verið fyrirmynd á þessu sviði því það eru margar heilbrigðar fyrirmyndir sem hafa stigið fram og ég held að unga fólkið sé mjög meðvitað um að það er hægt að lifa mjög góðu og skemmtilegu lífi án áfengis. Ég er allavega mjög stolt af þessari ákvörðun minni og er þakklát fyrir að hafa staðið með sjálfri mér sem unglingur. Ég er alveg viss um að ég hef sparað mér svo mikla vanlíðan - svo ég tali ekki um peningasparnað, því ekki er ódýrt að drekka. Ég er mjög meðvituð um þau áhrif sem ég get haft og mér finnst mikilvægt að tala reglulega um þessa hluti, því jákvæðar fyrirmyndir eru besta forvörnin.“




Ríkjandi lífsstíll í mínum vínahópi

Nökkvi Fjalar Orri frumkvöðull hefur aldrei smakkað áfengi en þá ákvörðun tók hann út frá þeirri hugsun að vera alltaf til staðar.



„Ég vil alltaf að fólk í kringum mig geti stólað á að ég geti komið þegar það þarf á mér að halda 24/7. Ég veit ekki hvort að drykkjulaus lífsstíll sé að aukast en þessi lífsstíll er alla vega mjög ríkjandi í mínum vínahóp. Það eru færri sem drekka en ekki. Í öllu sem ég geri legg ég upp með að vera fyrirmynd fyrir fólk í kringum mig og þá sem verða á vegi mínum, svo óneitanlega var þessi ákvörðun tekin í þeirri trú að ég geti verið betri fyrirmynd fyrir aðra.“



Stefán Máni Sigbórssón setti tappann í flöskuna fyrir allnokkrum árum og segist í kjölfarið hafa lært að takast á við einmanaleikann en um leið fundið hamngjuna í lífinu.



Katrín Halldóra Sigurðardóttir segir það sitt mesta gæfuspor að hætta að drekka áfengi en ákvörðunina tók hún eftir mikla sjálfskoðun í leiklistarskólanum.



Ellý Ármannsdóttir mælir svo sannarlega ekki með því að hugurinn sé deyfður með áfengi en hún hugsar vel um líkama og heilsu sem hún segir hafa tekið stakkaskiptum til hins betra eftir að hún sagði skilið við Bakkus.




Hjónin María Rut Kristinsdóttir og Ingileif Friðriksdóttir hættu báðar að drekka í kjölfar þess að Ingileif greindist með flogaveiki á síðasta ári. Hún segist hafa verið örlítið þvinguð til að færa líf sitt yfir á annað tempó þrátt fyrir að hafa aldrei verið mikill djammari. Þær séu þó alsælur með lífið enda sé það hreinlega skemmtilegra án áfengis.



Páll Óskar Hjálmtýsson segir Coke Zero það sterkasta sem hann drekki en hann hefur aldrei snert áfengi né önnur fíkniefni.



Reykjavíkurdóttirin Þórdís Björk Þorfinnsdóttir segir það hjálpa henni mikið að sleppa áfengi enda virki það eins og eitur á fólk sem þjáist af kvíða, auk þess sem áhrif þess á röddina séu afar slæm.



Arnmundur Ernst Backman hætti að drekka eftir útskrift frá leiklistarskólanum og segir það hafa verið nauðsynlegt skref enda hafi hann stefnt á hættulega braut.



Hvarf Madeleine McCann – Hvað varð um hana?

■ Ýmsar kenningar hafa engu skilað ■ Leit hefur staðið síðan hún hvarf í Portúgal árið 2007

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Áð kvöldi 3. maí 2007 hvarf Madeleine McCann, sem vantaði 10 daga upp á að ná fjögurra ára aldri, úr íbúð í Ocean Club í Praia da Luz í Portúgal þar sem hún var í

sumarfrí með foreldrum sínum. Þau höfðu skilið Madeleine og tveggja ára tvíburasystkin hennar eftir í íbúðinni meðan þau fóru að borða á nálægum veitingastað með vinum sínum. Allt frá þessu örlagaríka kvöldi hefur lögreglan, bæði sú portúgalska og sú breska, unnið að rannsókn málsins, þó með hléum, en án

árangurs. Margar kenningar hafa verið settar fram um hvað gerðist þetta kvöld en þær hafa ekki leitt til nokkurs sem hefur varpað skýru ljósi á afdrif hennar.

Margt hefur verið rætt og ritað um málið og heimildamyndir hafa verið gerðar. Einna mesta athygli vakti líklegast heimildamynd Netflix, The Disappearance

of Madeleine McCann, en í henni er rætt við lögreglumenn, sem hafa unnið að rannsókn málsins, auk annarra. Ekki er að sjá að áhugi fólks á málinu fari þverrandi og öðru hverju skjóta upp kollinum nýjar kenningar um afdrif hennar. Líklega mun það halda áfram að gerast næstu árin ef að ekki fæst niðurstaða í málið. Eftirtaldir kenningar eru meðal þeirra sem hafa verið einna mest ræddar meðal fólks í gegnum árin.

Foreldrar hennar áttu hlut að máli

Fljótlega eftir að Madeleine hvarf fóru að heyrast raddir sem töldu að foreldrar hennar, lækna hjónin Kate og Gerry McCann, ættu hlut að máli. Í september 2007 fengu þau stöðu grunaðra í rannsókn portúgölsku lögreglunnar. Kenningin var að þau hefðu orðið dóttur sinni að bana fyrir slysi með því að gefa henni of mikið af róandi lyfi í þeirri von að hún svæfi á meðan þau færu út að borða með vinum sínum. Hjónin áttu síðan að hafa falið líkið, sett brottmál hennar á svið og þremur vikum síðar, þegar leit að Madeleine stóð sem hæst, að hafa sett lík hennar í farangursrými bílaleigubíls og ekið með það á afskekktan stað þar sem þau földu það. Svo virðist sem portúgalska lögreglan hafi trúað þessu eða einhverju álíka og það virðist hafa styrkt trú hennar að tveir sporhundar, sem breska lögreglan fór með til Algarve í júlí 2007, virtust gefa ákveðna svörun. Annar hundanna var sérþjálfaður í að greina lykt af mannsblóði en hinn af líkum fólks. Farið var með þá á marga staði en þeir sýndu engin viðbrögð nema í íbúðinni sem McCann-fjölskyldan hafði

dvalið í. Líkleitarhundurinn sýndi einnig viðbrögð þegar hann fór í bílaleigubílinn sem McCann-hjónin leigðu 24 dögum eftir að dóttir þeirra hvarf.

Breskir sérfræðingar rannsökuðu hár og trefjar sem fundust í bílnum og íbúðinni. Fjórum dögum eftir að þeirri rannsókn lauk fengu foreldrarinn stöðu grunaðra í málinu hjá portúgölsku lögreglunni. Þarlendir lögreglumenn sögðu að DNA-gögn væru ein af ástæðunum fyrir því. Síðar kom í ljós að hvorki frammiastaða leitarhundanna né DNA-gögnin voru eins skotheld og sumir töldu. Deilt hefur verið um áreiðanleika leitarhunda. Í einu bandarísku máli féllst dómari á greiningu á frammistöðu þriggja líkleitarhunda en þeir reyndust hafa rangt fyrir sér í 78%, 71% og 62% tilfella.

Hvað varðar DNA-gögnin voru ákveðnir fyrirvarar á þeim þegar niðurstaða bresku rannsóknarstofunnar lá fyrir. Yfirmaður rannsóknarstofunnar sagði að ekki væri hægt að skera úr um hvort það hefðu verið erfðaeftirni Madeleine sem fundust í bílnum. Til þess hafi vantað fleiri þætti í gögnin. Ekki væri hægt að útiloka að um erfðaeftirni einhvers annars væri að ræða.

Í júlí 2008 féll portúgalska lögreglan frá grun sínum á hendur McCann-hjónunum en þau héldu alltaf og hafa alltaf haldið fram sakleysi sínu. Þau hafa alla tíð vísað „fáránlegum“ kenningum, um að þau hafi notað bílaleigubílinn til að losa sig við lík Madeleine, á bug.

Innbrot fór úrskeiðis

Önnur vinsæl kenning er að innbrot í íbúð McCann-fjölskyldunnar hafi farið úrskeiðis.

SANDBLÁSTURSFILMUR



Ráðgjöf
Tilboð
Hönnun
Uppsetning

XPRENT
HÖNNUN OG MERKINGAR

Sundaborg 3
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is

Madeleine McCann Mynd hangir nálægt staðnum sem hún hvarf.



MYND: GETTY IMAGES

Madeleine í dag Kate og Gerry halda á tölvugerðri mynd af Madeleine eins og hún gæti lítid út í dag.



MYND: GETTY IMAGES

Mikil umfjöllun Í fyrra kom út heimildamynd á Netflix um hvarf Madeleine.



Samkvæmt kenningunni var brotist inn og hafi Madeleine annaðhvort verið myrt eða numin á brott vegna þess að hún vaknaði og sá hvað innbrotspjófarnir voru að gera. Orðrómur er uppi um að Lundúnalögreglan Scotland Yard hafi ekki útilokað að þetta hafi gerst. Það er þó rétt að hafa í huga að ef innbrotspjófur eða þjófur hefðu fyllst örvæntingu þegar barn vaknaði hefðu þeir líklegast skilið eftir sig slóð sönnunargagna því þeir hefðu þá þurft að bregðast hratt við.

Scotland Yard yfirheyrði fjóra menn, sem bjuggu í Praia da Luz, árið 2014 en þeir voru taldir geta tengst málinu. Bakgrunnur þeirra, símagögn og staðsetning þeirra þegar Madeleine hvarf benti til að þeir hefðu getað tengst innbroti sem fór úrskeiðis. Lögreglan tilkynnti síðan að engar sannanir hefðu fundist fyrir tengslum þessara manna við hvarf Madeleine.

Þrátt fyrir að breska lögreglan telji ekki útilokað að innbrot hafi farið úrskeiðis þá telur fyrrverandi formaður samtaka portúgalskra lögglumanna þessa kenningu fáránlega.

„Þessi innbrotkenning er fáránleg. Ekki einu sinni veski hvarf, ekki sjónvarpstæki, ekkert hvarf. Barn hvarf,“ sagði hann í

samtali við breska fréttaskýringaþáttinn Panorama.

Rænt eða myrt af barnaníðingi

Árið 2009 bárust fregnir af því að lögreglan teldi ekki útilokað að Madeleine hefði verið rænt eða hún myrt af barnaníðingi eða barnaníðingum. Fram kom að mikill fjöldi barnaníðinga hafi verið á Algarve þegar hún hvarf tveimur árum áður.

„Það eru 38 þekktir kynferðisbrotamenn í Algarve. Svæðið er eins og segull fyrir barnaníðinga. Á síðustu fjórum árum hafa verið sjö kynferðisbrot gegn börnum ferðamanna í Algarve. Þeir nota allir sömu aðferðir og voru notaðar við hvarf Madeleine – það er brotist inn í sumarleyfisíbúðir og brotið gegn börnum. Fimm áttu sér stað áður en Madeleine hvarf og tvö eftir það. Eitt átti sér stað mánuði eftir að hún hvarf,“ sagði heimildarmaður við fjölmiðla.

Því var velt upp hvort virkur barnaníðingur gæti hafa verið að verki og að hann gerst sekur um grófari hluti en áður. Í þetta skipti hefði viðkomandi ekki látið nægja að brjóta gegn barni í sumarleyfisíbúð heldur numið það á brott og jafnvel drepid það.

Rænt af þrælasölum eða barnaníðshring

Margar útgáfur hafa komið fram af þessari kenningu. Með-



Gerry og Kate Foreldrar Madeleine hafa aldrei hætt að leita.

MYND: GETTY IMAGES

al annars að belgískur barnaníðshringur hafi „pantað“ unga stúlku hjá glæpahópi sem sá síðan um að ræna Madeleine. Því hefur jafnvel verið haldið fram að búið hafi verið að taka myndir af Madeleine úr laumi og senda til belgíska barnaníðingshringsins sem hafi staðfest að hún uppfyllti kröfur þeirra og í framhaldinu gefið grænt ljós á að henni yrði rænt.

Samkvæmt annarri kenningu á Madeleine að hafa verið flutt beint niður að höfninni í Lagos og þaðan hafi verið siglt með hana til Marokkó. Fréttir hafa borist af því að stúlka, sem líktist Madeleine, hafi sést í Marokkó á þeim tíma sem hún hvarf. Foreldrar

hennar fóru til Marokkó fljótlega eftir hvarf hennar til að biðla til fólks um upplýsingar. Marokkó ber einnig á góma í kenningum um að Madeleine hafi verið seld í þrældóm í ríkjum við Sahara.

Madeleine vaknaði, fór út og lenti í slysi

Kenningum hefur verið varpað fram þess efnis að Madeleine hafi vaknað, séð að foreldrar hennar voru ekki í íbúðinni og þá yfirgefið hana, lent í slysi og látist. Fram hefur komið að margar slysgildir voru nærri sumarleyfisíbúð fjölskyldunnar. Ef hún hefði villst í myrkrinu og tekið ranga beygju, innan við 200 metra frá íbúðinni, hefði hún lent inni á

vinnusvæði þar sem unnið var að vegagerð. Þar var verið að grafa fyrir lögnum. Getur hugsast að hún hafi dottið þar ofan í, dáðið eða misst meðvitund? Að ekki hafi verið tekið eftir henni þegar vatni var hleypt á lagnakerfið morguninn eftir? Bæði verkfræðingurinn og verkstjórnin, sem stýrðu verkinu, segja að vinnusvæðið hafi verið girt af og að bæði þeir og lögreglan hefðu kannað það.

Önnur útgáfa af slysasögunni gengur út á að ölvaður ökumaður hafi ekið á Madeleine, fyllst örvæntingu og falið lík hennar. Staðkunnugur hefði búið yfir upplýsingum um hvar væri hægt að fela lík án þess að það myndist áratugum saman. ■

SAKAMÁL



LÍFIÐ ER ENGINN LEIKUR – ÞAÐ ER D

■ Brynn dreymdi um frægð og frama ■ Vegferðin á toppinn reyndist torsótt ■ Sat eftir þeg

Brynn Hartman fæddist í apríl 1958 og hét í raun Vicki Jo. Hún var dóttir Donalds Genes Omdahl, verkfræðings og eiganda smávöruverslunar í Thief River Falls í Minnesota. Móðir Brynn var Constance Faye og Brynn átti þrjú systkin; bróður og tvær systur. Þetta fólk kemur ekki frekar við sögu hér.

Brynn ólst upp í fjölskyldu sem lét lítið að sér kveða og var Brynn miðlungsnemandi, en hún átti sína drauma eins og gengur og gerist. Því ákvað hún að hætta í skóla og þann 20. maí, 1977, giftist hún talsmaverði, Douglas Torfin, sem einnig bjó í Thief River Falls.

Blint stefnumót og upprennandi leikari

Brynn vildi þó fá meira út úr lífinu og skildi við Douglas og sá sér að einhverju leyti farborða með fyrirsætustörfum í Minneapolis. Frægð og frami létu lítt á sér kræla og því flutti Brynn til Hollywood þar sem hún leit aði hófanna í kvikmyndaleik. Þangað komin kastaði hún nafni sínu, Vicki Jo, fyrir róða og tók upp nafnið Brindon sem síðar vék fyrir Brynn.

Það var síðan árið 1986 sem Brynn hitti upprennandi leikara að nafni Philip Edward Hartman á blindu stefnumóti. Sjálf var Brynn þegar þarna var komið sögu enn að baksa í fyrirsætustörfum, en Phil var sjálfsöryggið uppmálað enda á hraðferð upp metorðastigann í Hollywood sem skemmtikraftur og leikari.

Gamlir draumar láta á sér kræla

Brynn og Phil gengu í hjónaband árið 1987, hann í þriðja skipti en hún sitt annað. Hjónakornin komu sér fyrir í lítilli íbúð á Manhattan, tíminn leið og þau eignuðust tvö börn, son árið 1989 og dóttur árið 1992.

Tilvera Brynn snerist að mestu um uppeldi barnanna en innra með henni blossuðu upp gamlir draumar um frama á sviði leiklistar og allt sem honum fylgdi.

Brynn fór í leiklistartíma og lét „bæta“ útlit sitt með lýtaaðgerðum. Allt kom fyrir ekki og Brynn uppskar eingöngu örhlutverk og einstaka tækifæri til að bregða fyrir í sjónvarpsþáttum, og þá yfirleitt fyrir tilstilli eiginmanns síns.

Vaxandi öfundσύki

Phil treysti sess sinn í harðri samkeppni í Hollywood og að sama skapi jókst öfundσύki Brynn út í eiginmann sinn, enda mistókst henni endurteknið að gera sig gildandi í þeim geira.

Víkur nú sögunni til 28. maí, 1998, en þá reis stjarna Phils hærra en nokkru sinni fyrr, en stjarna Brynn var enn lágt á himni. Að nóttu þess dags, á milli klukkan tvö og þrjú, ók Brynn heim til vinar síns, Rons Douglas. Hún sagði Ron að hún hefði banað eiginmanni sínum, en Ron lagði ekki trúnað á orð hennar.

Allt í steik

Klukkan 6.30 óku þau heim til Brynn og rann þá upp fyrir Ron að Brynn hafði engu logið því hún hafði skotið Phil þremur skotum í höfuðið. Ron Douglas hringdi umsvifalaust í lögregluna sem byrjaði á því að koma börnum þeirra hjóna út af heimilinu og taka morðvopnið í sína vörslu.



Hartman-hjónin Velgengni Phils gerði Brynn öfundsjúka.

„Frægð og frami létu lítt á sér kræla og því flutti Brynn til Hollywood þar sem hún leit aði hófanna í kvikmyndaleik

Áður en lögreglan gat náð tali af Brynn fór hún inn í svefnherbergi þeirra hjóna, greip þar til annarrar skammbyssu og svipti sig lífi með einu skoti, beint í annað augað.

Eins og oft vill verða þegar fólk fer yfir móðuna miklu þá kom í ljós að ekki hafði verið allt sem sýndist í hjónabandi Phils og Brynn. Lögræðingur Phils sagði í grein á CNN að Brynn hefði átt til að taka ógnarleg reiðiköst og í öðrum miðli að áfengisneysla

Brynn hefði verið uppspretta margra rífrilda hjá þeim.

Kókaín og skilnaður

Til að bæta gráu ofan á svart þá var Brynn háð kókaíni og punkturinn yfir i-ið var yfirvofandi skilnaður hjónanna. Brynn og Phil voru óhamingjusöm og sökuðu hvort annað um að standa í vegi fyrir skilnaði.

Að sögn hafði Brynn, kvöldið áður en hún myrta Phil og svipti sig síðan lífi, inn-


byrt allt í senn, á veitingastað í Hollywood, kókaín, áfengi og Zoloft.

Reyndar hafði Brynn haldið sig fjarri öllum vímugjöfum í 10 ár, en því bindindi hafði lokið um fimm mánuðum fyrr þegar ónafngreindur skemmtikraftur bauð henni kókaín og kom henni aftur á bragðið.


Lífið er ekki leikur – það er dauðans alvara. ■

DAUÐANS ALVARA

Þegar eiginmaður hennar baðaði sig í sviðsljósinu



Skemmtikraftur Phil var á hátindi ferils síns þegar hann var myrtur.



Fjölskyldan Börnin voru heima þegar Brynna greip til byssunnar.



Jean-Louis Lefebvre de Cheverus biskup Lagði sig í líma við að bjarga Írunum tveimur frá gálganum.

Fimm mínútna, „sanngjörn“ réttarhöld

Marcus Lyon, bóndi í Bandaríkjunum, fannst látinn á á vegi skammt frá bænum Wilbraham í Hampden-sýslu í Massachusetts í nóvember árið 1805.

Um svipað leyti höfðu tveir Írar, Dominic Daly og James Halligan, átt leið um svæðið á leið til New Haven í Connecticut.

Þegar spurðist um ferðir Íranna hófst að þeim leit og þann 12. nóvember höfðu laganna verðir hendur í hári tvímenninganna í borginn Northampton í Hampshire-sýslu.

Þar var þeim umsvifalaust komið fyrir bak við lás og slá og þeir ákærðir fyrir morð og rán, en sá sem átti heiðurinn af handtökunni fékk í verðlaun 500 dali.

Bandamaður utan fangelsis

Dominic og James sóru og sárt við lögðu að þeir hefðu ekki komið nálægt morðinu á Marcus Lyon. Yfirvöld töldu sig þó ekki þurfa frekari vitna við því þeir voru með öllu ókunnugir á svæðinu og Írar í þökkabót.

Dominic og James þurftu að dúsa í fangelsi næsta hálfu árið, eða svo gott sem, var neitað um lausn gegn tryggingu og ráðgjöf lögfræðings.

Írsku ólánsmennirnir áttu þó einn bandamann utan fangelsisins, séra Jean-Louis Lefebvre de Cheverus, biskup kaþólskra í Boston.

Írskir og kaþólskir

Tveimur sólarhringum áður en réttarhöld hófust yfir Dominic og James fengu þeir að hitta lögfræðing, í byrjun júní árið 1806. Að sögn var nokkuð ljóst að íbúar Northampton deildu álitu ákærvaldsins um sekt þeirra þegar réttarhöld hófust, Dominic og James voru írskir, kaþólskrar trúar og farandverkamenn eða flakkarar, frekari sannanir þurftu ekki.

Við réttarhöldin höfðu þeir, kannski eðlilega, fátt fram að færa sem staðfest gæti sakleysi þeirra og voru réttarhöldin stutt, í orðsins fyllstu merkingu.

Heilar fimm mínútur


Félagarnir fengu fimm mínútna, „sanngjörn“ réttarhöld, því ekki tók lengri tíma að leiða málið til lykta. Sennilega hefur kviðdómur rétt fengið tíma til að segja sitt. Þann 5. júní, 1806, voru Dominic Daly og James Halligan hengdir í Northampton og ljóst að viðburðurinn trektti vel. Um 15.000 manns fylgdust með aftökunni.

Síðar var það mat manna að eiginlegar sannanir hefðu verið svo rýrar í roðinu að varla hefði verið ástæða til að ákæra Dominic og James yfirhöfuð.

Uppreisn æru

Séra Jean-Louis Lefebvre de Cheverus lagði sig allan fram, og jafnvel í hættu, í viðleitni til að koma í veg fyrir aftökuna, en hafði ekki erindi sem erfiði. Áður hafði hann veitt þeim sakramenti í fangaklefa þeirra og er talið að það hafi verið í fyrsta skipti sem þjónusta að kaþólskum hætti var veitt í Northampton.

Á degi heilags Patreks árið 1984 sýknaði ríkisstjóri Massachusetts, Michael Dukakis, Dominic Daly og James Halligan af þeirri sök sem þeir voru hengdir fyrir. ■



Andafundir komu henni í fangelsi

■ Einn frægasti miðill landsins dæmdur í fangelsi
■ Fyrrverandi eiginmaður og tveir ástmenn einnig gripnir

Audur Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Áðeins einu sinni hefur fallið dómur á Íslandi þar sem einstaklingur er sakfelldur fyrir svik við miðilsstörf. Það var árið 1941, þegar Ingibjörg Lára Ágústsdóttir, síðar þekkt sem Lára svikamiðill, var dæmd í árs fangelsi. Lára var á þessum tíma einn frægasti miðill Íslands. Þrír karlmenn voru dæmdir fyrir aðild sína að málinu: fyrrverandi eiginmaður Láru og tveir ástmenn hennar.

Á þessum árum voru allskyns trúarhópar farnir að ryðja sér til rúms á Íslandi í takt við vaxandi vinsældir spíritisma og minnkandi vald kirkjunnar. Dánaraldur var lægri en í dag og fólk þráði heitt að komast í samband við látna ástvinu. Miðilsfundir voru þétt setnir víða um land og sumir miðlar urðu þjóðþekktir.

„Frú Lára Ágústsdóttir, sem alþekkt er hér í bænum og víðar af hinum svokölluðu miðilsfundum sínum, liggur nú í Landsspítalanum og er þar í gæzluvarðhaldi lögreglunnar. Hefur hún nú, eftir allnákvæma rannsókn lögreglunnar, játað að hafa framið svik í sambandi við hina svokölluðu andafundi sína, er hún hefir haft fjölda mörg undanfarin ár og selt aðgang að,“ segir í frétt Alþýðublaðsins þann 26. október 1940.

Á miðilsfundum sínum sýndi Lára meðal annars sýnilega líkamningu, útfrymi og afholdgunarfyrirbrigði. Hún flutti raddir frá látnum ástvinum og sendi skilaboð til annarra um að koma í gegnum raddirnar.

Í grein Alþýðublaðsins kom fram að Lára Ágústsdóttir væri 41 árs að aldri, fædd 1899.

„Hún er fyrir löngu orðin alskunm hér í bænum og þá fyrst og fremst fyrir „andafundi“ sína. Hún segir sjálf svo frá að hún hafi byrjað á slíku sambandi við „annan heim“ 18 ára gömul en svikin hefir hún framið í mörg ár og byrjaði á þeim er hún bjó með manni sínum Þorbergi Gunnarsyni.“

Þá kom fram að tekjur Láru af fundum hefðu verið miklar en venjulega sóttu 10–20 manns hvern fund.

„Aðalstjórnandinn var „systir Clementia“, en auk hennar ýmsir aðrir, meðal annars smábörn. Fuglar flugu jafnvel um fundarherbergið, tístu og sungu og Abessiníumenn gengu þar um eins og heima hjá sér,“ segir einnig í forsíðugrein Alþýðublaðsins og þá var birt ljósmynd sem hafði verið tekin á miðilsfundi hjá Láru árið 1934. Þar þóttist Lára hafa fallið í dá og líkamningur hafði skotið upp kollinum, líkamningur í gervi brúðu sem eiginmaður Láru hafði útbúið.

Það var Sigurður Magnússon, kennari og lögreglumaður, sem afhjúpaði Láru en hún hafði talið honum trú um að hún væri



í sambandi við látna konu hans. Fram kom í Alþýðublaðinu:

„Það var Sigurður Magnússon, kennari og lögreglumaður, sem raunverulega afhjúpaði svik frúarinnar. Hann fór stöðugt að sækja fundi til frúarinnar vegna þess að hún sendi honum skilaboð um að látin kona Sigurðar, Anna Guðmundsdóttir hjúkrunarkona, vildi tala við hann, en þau Sigurður og kona hans höfðu oft, meðan hún lifði, rætt um þessi mál, og taldi hún Láru vera svikamiðil.“

Sigurður hefir sótt marga fundi til frú Láru undanfarið á Hverfisgötu 83 (Bjarnaborg), og bar upp á hana svikin, því að hann taldi hana svikamiðil. Rannsakaði hann lengi allar aðstæður og var loks talinn vera orðinn svo „góður fundarmaður“, að hann fékk að sitja í stól nr. 1, það er næst stól frúarinnar, þegar á fundi stóð.

Síðastliðið föstudagskvöld var haldinn fundur. Kom Sigurður á fundarstað, laust áður en fundur hófst, frúin sat í stofu og rabbaði við kunningjaku sína, en Sigurður gekk í fundarherbergið og rannsakaði það hátt og lágt, að sjálfsgöðu án vitundar frúarinnar. Í fyrstu fann hann ekkert athugavert. Hann skoðaði stól frúarinnar og inn í skáp, sem var rétt hjá stólnum og fann ekkert. En undir þessum

skáp fann hann böggul. Í bögglinum var gardínuefni yst en innan í geysistór gasslæða. Nokkrir gestir voru komnir í herbergið, þar á meðal Ásmundur Gestsson gjaldkeri og Engilbert Guðmundsson tannlæknir, kona hans og önnur kona til. Sýndi Sigurður þeim pakkann og bað þau að leggja sér vel í minni, hvernig um hann væri búíð. lét hann pakkann síðan með sömu

„Á miðilsfundum sínum sýndi Lára meðal annars sýnilega líkamningu, útfrymi og afholdgunarfyrirbrigði.“

ummerkjum undir skápinn, en þó þannig að rétt sá á hann.

Fundurinn hófst síðan. Hinir venjulegu kunningjar komu þarna fram en fundurinn þótti þó ekki merkilegur, enda sögðu andarnir að frúin væri kvefuð og illa fyrir kölluð. Lauk svo fundinum og ljósið var kveikt. Gestirnir fóru að tínast út, en Sigurður bað þá sem séð höfðu pakkann áður en fundur hófst að doka við og sömuleiðis frú Láru. Er allir voru farnir, nema þeir, hann og Lára ætlaði hann að taka pakkann þar sem hann hafði látið hann, en pakkinn var þá ekki á sínum stað heldur kominn alveg upp að þili innst inn undir skáp. Sigurður benti vitnum sínum á þetta, tók síðan pakkann, sýndi vitnunum og var þá allt öðru vísi um hann búíð en áður, gardínuefnið var nú innst en gasslæðan vafin utan um það. Lára neitaði því er Sigurður spurði hana, að vita nokkuð um þennan pakka.

Það skal tekið fram að á meðan á fundi stendur er miðillinn í algeru myrkri, en svolítill draugaleg ljósglæta skín á gestina, svo að óglögg má greina andlit og hendur.“

Málaferlin yfir Láru vöktu gríðarlega athygli og umtal og urðu meðal annars til þess að Halldór Laxness skrifaði pistil um málið í Tímarit Máls og menningar þar sem hann tjáði sig um andatrúarmenn og uppþotið í kringum Láru.

„Mun slík meðferð á trúflokkuðum vera fátíð hér á landi og tæplega meðmælaverð – jafnvel í augum þeirra, sem setja annars andatrú tilföllumlega lágt meðal kristilegra sértrúarflokka. Því hvemig á lögregla eða fógeti að geta skorið úr því, hvar sannleikurinn endar og folsunin byrjar í trúarbrögðunum?“ spurði nóbelskaldid. ■



HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



Svona eyðir ríkasti maður heims auðæfum sínum

■ Jeff Bezos er sá ríkasti ■ Einn af stærstu landeigendum Bandaríkjanna eftir fasteignakaup síðustu ára

Jeff Bezos, framkvæmdastjóri og einn af stofnendum Amazon, er ríkasti maður heims. Auðæfi hans eru metin á tæplega 130 milljarða dollara en hann hefur eytt gríðarmiklu fé í steinsteypu síðustu ár. Hann er talinn einn af stærstu landeigendum í gjörvöllum Bandaríkjunum og keypti nýlega dýrasta húsið í Los Angeles.

Viðskiptamógullinn skildi við eiginkonu sína til 24 ára, MacKenzie Bezos, í fyrra og var því haldið fram að það væri meðal dýrustu skilnaða sögunnar. Óljóst er hve mikið af fasteignabraski Jeffs skilaði sér til MacKenzie við skilnaðinn. Í dag eru auðæfi MacKenzie metin á tæplega fjórtú milljarða dollara sem þýðir að hún er ein ríkasta kona heims. Kíkjum á í hvað peningur ríkasta fólks heims hefur farið í síðustu ár og áratugi.



Tvær flugur

Amazon-jöfurinn keypti glæsihýsi í spænskum stíl í einu af dýrustu hverfum Los Angeles, Beverly Hills, árið 2007. Það kostaði 24,45 milljónir dollara og er búið sjö svefnherbergjum og sjö baðherbergjum. Við húsið er tennisvöllur, stór sundlaug, fjórir gosbrunnar og bílskúr fyrir sex bifreiðar. Tíu árum síðar keypti Jeff minna hús við hliðina á glæsihýsinu. Það hús keypti hann á 12,9 milljónir dollara og er það aðeins búið fjórum svefnherbergjum.

Þakíbúð og tvær til




Jeff hefur gengið frá stórum kaupum eftir að skilnaðurinn gekk í gegn. Hann keypti til að mynda þrjár samliggjandi íbúðir á 42. stræti í New York í júní í fyrra og greiddi fyrir þær áttatú milljónir dollara, um tíu milljarða króna. Um er að ræða þakíbúð á þremur hæðum og tvær íbúðir fyrir neðan hana. Samtals er um að ræða tólf svefnherbergi og tæplega 1.600 fermetra.



Textílsafn tekið í gegn

Höfuðborg Bandaríkjanna, Washington DC, heillar milljarðamæringinn einnig en hann keypti gamalt textílsafn í borginni árið 2016. Það kostaði hann 23 milljónir dollara, en um sögufrægan stað er að ræða í hverfinu Kalorama. Hverfið er vinsælt meðal ríka og fræga fólksins en Obama-hjónin búa rétt hjá, sem og turtildúfurnar Ivanka Trump og Jared Kushner. Hús Jeffs telur rúma 2.500 fermetra og er stærsta heimilið í Washington DC. Nú ku Jeff vera að endurbæta húsið fyrir tólf milljónir dollara.



Þau dýrustu

Nýjstu kaup Jeffs áttu sér stað fyrir stuttu þegar hann keypti Warner-óðalið sem var hannað fyrir Jack Warner, fyrrverandi forstjóra Warner Bros. Studios. Jeff keypti húsið af milljarðamæringnum David Geffen á 165 milljónir dollara. Er þetta dýrasta heimili sem hefur verið selt í Los Angeles.

Búgarðurinn



Mógullinn á einnig búgarð um fimmtíu kílómetra fyrir utan bæinn Van Horn í Texas. Þar eru einnig höfuðstöðvar geimfyrirtækis Jeffs, Blue Origin, sem skráði sig í sögubækurnar árið 2015 þegar endurnýtanlegu eldflauginni New Shepard var skotið á loft út í geim og henni síðan lent.

Jeff á þrjár íbúðir í hinn sögufrægu Century-byggingu í New York með útsýni yfir Central Park. Íbúðirnar keypti hann á 7,65 milljónir dollara árið 1999. Hann keypti síðan fjórðu íbúðina í byggingunni á 5,3 milljónir dollara árið 2012.


1, 2, 3, 4



Stórlaxablús

Jeff á tvö heimili í Medina í Washington. Hann greiddi tíu milljónir dollara fyrir aðra eignina árið 1998. Sú er rúm 1.900 fermetrar og búin fimm svefnherbergjum og fimm baðherbergjum. Hin eignin er smærri í sniðum, litlir 770 fermetrar, en kostaði 53 milljónir dollara. Medina er í grennd vvið Washington-vatnið í Seattle og þar hafa fjölmargir stórlaxar búið sér heimili, til að mynda Bill Gates.

#1



BESTI HAMBORGARI Á ÍSLANDI*



*SAMKVÆMT KÖNNUN BIG7TRAVEL

COMBO

Hamborgari, franskar og gos

1.890kr



BLOCK BURGER

SKÓLAVÖRDUSTÍGUR 8, BAKHÚS



4.6 ★★★★★



4.5 ○○○○○



4.5 ★★★★★



Gerði upp barnæskuna í dáleiðslu

■ Fólki veit sjaldnast hvaðan vanlíðan þeirra er sprottin ■ Stella Bára fékk ekki þá athygli sem hún þurfti sem barn og fannst hún ekki nóg

Stella Bára Eggertsdóttir dáleidar segir kvíða vera aukast í beinu samhengi við aukið upplýsingaflæði samfélagsins. Hún hefur hjálpað fólki við að takast á við áföll úr frumbersku en galdurinn við allan árangur snýst um að endurrita forritið sem undirmeðvitund okkar er.

Tvö ár eru nú síðan Stella Bára venti sínu kvæði í kross en hún hafði þá starfað sem dagforeldri í tæpa tvo áratugi. Tildrög þess að hún leiddist í heim dáleiðslunnar má rekja til veikinda systur hennar sem hafði þjást af vefjagigt um langa hríð.

„Ég hlustaði á fyrirlestur konu sem hafði mikil áhrif á mig og fyrir tilviljun sá ég að hún var með námskeið í dáleiðslu skömmu síðar. Þessi kona heitir Marisa Peer og ferðast um heiminn og kynnir fræði sín. Námskeiðið var haldið í London og áður en ég vissi af var ég mætt þangað, algjörlega út fyrir þægindarammann. Tveimur vikum síðar prófaði ég mína fyrstu dáleiðslu og get varla lýst því hversu taugatrekt ég var. Tæknin var þó mjög fljót að koma og einungis tveimur skiptum síðar sá ég þvílíkan mun á systur minni. Í dag tek ég að meðaltali tvær manneskjur til mín en ferlið tekur minnst fjóra til fimm tíma. Ég heyri í fólki fyrir tímann og útskýri vel út í hvað það er að fara en eftirfylgnin byggir síðan á upptökum sem sniðnar eru að þörfum hvers og eins og fólk hlustar á í tuttugu og einn dag eftir tímann. Á þessari upptöku eru aðeins uppbyggjandi upplýsingar um hvernig manneskjan vill láta sér líða eftir meðferðina.“

Tæknin sem Stella Bára styðst við nefnist Rapid Transformational Therapy og hjálpar fólki sem orðið hefur fyrir áföllum of einnig við að gera upp gamlar tilfinningar, sem það jafnvel veit ekki hvaðan eru sprottnar.

„Ég losa í raun um gamla trú sem hindrar fólk í að geta lifað lífinu til fulls. Til þess að finna grunn vandans og skilja hvaðan hann kemur fer ég djúpt inn í undirmeðvitundina í gegnum dáleiðslu og get fundið hvað það er sem veldur fólki sársauka.“

Vita sjaldnast hvaðan vanlíðanin er sprottin

Það kann að hljóma furðulega en áhuga Stellu Báru á virkni undirmeðvitundarinnar má rekja til kynna hennar af fjölda ungbarna sem hún sinni í starfi hennar sem dagforeldri en sjálf á hún fjögur börn.

„Ég hef alltaf haft gríðarlegan áhuga á að fylgjast með hvernig lítil börn haga sér og hvernig foreldrarir speglast í þeim. Það er svo margt sem gerist á fyrstu árum í ævi einstaklinga og hjartað mitt liggur alltaf hjá litla barninu sem býr enn í undirmeðvitundinni og hefur ekki náð að þroskast og skilja af hverju því líður ekki vel.“

Sjálf er Stella Bára þriðja barn foreldra sinna, eignaðist bróður þegar hún var sextán mánaða, og eftir það fæddust tvö börn til viðbótar.



„Við vorum sex börnin. Móðir mín hafði hvorki þolinmæði né getu á þessum mótandi árum til að gefa mér það sem að ég þurfti að fá frá henni. Ég fann ekki ástina og umhyggjuna sem mig vantaði og í kjölfarið kom upp sú tilfinning að ég væri aldrei nógu góð. Ég lærði að trúá því að ég væri fyrir og að ég ætti ekki að hafa hátt. Ég lærði að tala lágt, vera ósýnileg, og trúði því að ég ætti að láta lítið fyrir mér fara til að trufla ekki aðra. Ég hafði samt ekki hugmynd um hvaðan þessi tilfinning var sprottin fyrir en ég fór í minn fyrsta dáleiðslutíma. Þá hafði sú spurning læst að mér, hvers vegna ég kysir alltaf að vinna heiman frá mér, eins og ég vildi loka mig af. Dáleidarinn tók mig aftur í tímann til þeirrar stundar þegar bróðir minn er fæddur, svo ég hef verið rúmlega eins árs og þá kom þessi tilfinning fyrst upp – að finnast ég vera fyrir. Eftir að hafa uppgötvað þetta og lært að endurforrita undirmeðvitundina tók ég meðvitað nýja stefnu í lífinu og er í dag mjög sýnileg.“

Eðlilegt ástand líkamans

Aðspurð hvernig dáleiðslan fer fram segist Stella Bára nota sömu tæki og þegar fólk festir svefn.

„Fólk man allt eftir meðferðina og meðan á henni stendur líður þér bara eins og þú sitjir hjá mér á góðum stað. Erfiðasta fólkið er þó það sem finnast að það verði að hafa fullkomna stjórn á öllu, en það áttar sig ekki á því að með dáleiðslu hefur það enn meira vald en áður því þarna er það komið til að fá hjálp. Þú ert nefnilega eina manneskjan sem getur hjálpað þér sjálfri og þú gerir ekkert í tíma hjá mér nema þú viljir það sjálfur. Ég dáleiði engan sem vill ekki láta dáleiða sig enda er ég í raun bara að hjálpa fólki að hjálpa sér sjálf. Dáleiðsla er jafnframt eðlilegt ástand líkamans og við förum í það minnst tvisvar á dag, oft oftár. Þegar þú sofna og eins þegar þú kemur til baka. Meðan við sofum er meðvitundin í geymslu og það sama á við þegar þú keyrir leið sem þú þekkir vel, undirmeðvitundin kann þessa leið og þá þarf meðvitundin ekkert að taka þátt á meðan. Það sem ég geri er að ferðast aftur til tímans þar sem einhver straumhvörf urðu á lífi viðkomandi, einhver tilfinning kviknaði sem situr síðan og kemur upp við ákveðnar kringumstæður. Oft skilur fólk ekki hvers vegna það bregst við með tilteknum hætti, en þá var eitthvað í frumbersku sem bjó til þessi viðbrögð líkamans. Mitt hlutverk er að leita að þessum kveikjum og losa þig við þær, forrita hugann upp á nýtt, en fólk getur líka komið án þess að það séu einhver vandamál að hrjá það. Það getur einfaldlega viljað bæta sig, hreyfa sig meira, tala fallegar við börnin sín, einfaldlega verða betri útgáfa af sjálfum sér og því tel ég dáleiðslu svo dýrmætt tól fyrir alla.“ ■





Bolla, bolla, bolla

DV fer hamförum í rjómbollum og hitar rækilega upp fyrir einn besta dag ársins – sjálfan bolludaginn

Bestu vatnsdeigsbollurnar

- 220 g smjör
- 2 bollar vatn
- 1/2 tsk. salt
- 2 bollar hveiti
- 6–8 egg

Hitið ofninn í 200°C á undir- og yfirhita. Setjið smjör og vatn í pott og bræðið yfir meðalhita. Náið upp suðu. Slökkvið síðan á hellunni og blandið hveiti og salt rösklega saman við þar til blandan hættir að festast við pottinn. Skellið í hrærivélaskál og kælið þar til hættir að rjúka úr deiginu þegar það er snert. Pískið egginn, byrjið á sex eggjum ef þau eru mjög stór. Hafið hrærivélina í gangi og blandið eggjunum smátt og smátt saman við. Passið að hræra vel á milli til að sjá þykktina á deiginu. Það á að vera frekar stíft og glansandi. Sprautið bollum á smjörpappírsklædda ofnplötu eða notið skeið til að móta bollurnar. Bakið í 25 til 30 mínútur og alls ekki opna ofninn fyrr en eftir 20 mínútur svo bollurnar falli ekki. Hér fylgja með þrjár hugmyndir að fyllingum.

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
Erla Dóra
lilja@dv.is / erladora@dv.is



Sítróna og jarðarber Hrærið Royal-búðing með sítrónubragði saman við 1/4 lítra mjólk og 1/4 lítra rjóma. Látið stífna. Fyllið bolluna með búðingnum og jarðarberjum. Dustið flórsykri ofan á.



Fallegar eru þær Ketó-bollur. Mynd/María Krísta

Ketó-bollur sem bragð er að

Nú er bolludagurinn fram undan með öllu sínu tilheyrandi sykursukki. Þennan dag brotna jafnvel hörðustu menn niður og segja skilið við sérfaðið sem þeir eru á til að gæða sér á ljúfengri rjómbollu. En eigi þurfa þeir sem eru á ketó-mataræðinu að örvænta. Það eru nefnilega til sykurlausar rjómbollur. Hún María Krísta Hreiðarsdóttir, einn eigenda verslunarinnar Systur og makar, á heiðurinn af uppskriftinni. Hún hefur lengi verið á ketó-mataræðinu og sett saman margar uppskriftir að sykurlausu ljúfmeti sem gefur hefðbundna sælgætinu, sem við Íslendingar elskum svo mikið, ekkert eftir.

Ketó-rjómbollur

- 230 g vatn
- 115 g smjör
- 1 msk. Sukrin Melis
- 1/2 tsk. salt
- 55 g möndlumjöl fituskert, Funksjonell í grænum pokum
- 25 g kókoshveiti Funksjonell
- 1 tsk. xanthan gun
- 3 meðalstór egg, pískuð
- 1 tsk. vanilludropar

Hitið vatn í potti ásamt smjöri, sætu og salti. Þegar vatnið er við suðu þá er þurrefnum bætt saman við, möndlumjöli, kókoshveiti og xanthan gun. Hrærið kröftuglega með sleif, best að nota trésleif og takið svo pottinn af hellunni. Hér má færa deigið yfir í hrærivélarskál eða nota handþeytara í næstu skref. Meðan deigið kólnar er gott að píska egginn saman í annarri skál. Þegar deigið er orðið sæmilega volgt, þarf að vera hægt að snerta með fingrum, þá er eggjablöndunni bætt í smám saman og hrært vel á milli. Deigið á ekki að renna alveg út heldur halda formuðum toppum ef mögulegt er. Látið nú deigið í sprautupoka og látið standa í um 15 mínútur á meðan ofninn hitnar í 190°C. Þá má líka hvíla deigið í skálinni og nota síðan tvær skeiðar til að móta bollur. Sprautið næst fallegum bollum á plötu eða notið tvær matskeiðar til að raða upp bollum á plötuna. Þetta deig nægir í um 10 meðalstórar bollur. Bakið bollurnar í um 20–25 mínútur á 190°C með blæstri í miðjum ofni og ekki opna allavega fyrstu 18 mínúturnar. Best er að opna sem minnst ofninn svo bollurnar falli ekki. Látið bollurnar kólna þegar þær eru fullbakaðar og skerið síðan í helminga og fyllið með rjóma og sultu eða því sem hugurinn gírnist.

Glassúr

- 2 dl finnmöluð sæta
- 2 msk. kakó
- 1 msk. mct-olíu
- soðið vatn eða kaffi
- örlítið af möndludropum

Blandið saman sætu og kakói, þynnið svo glassúrinn með mct-olíu, og litlum skömmtum af soðnu vatni eða kaffi. Alls ekki setja of mikið, bara 2–3 msk. fyrst og bæta svo í ef þarf. Síðan er hægt að blanda við örfáum möndludropum, en það er ekki nauðsynlegt.

Mycket bra
Semlan klickar
ekki. Mynd:
Wikipedia
Commons



Sænska Semlan

- 2 tsk. þurrger
- 1/2 bolli volgt vatn
- 1/3 bolli + 1/2 tsk. sykur
- 1/2 bolli volg mjólk
- 75 g brætt smjör
- 1 tsk. salt
- 1 egg, þeytt
- 1 tsk. kardimomma
- 4 bollar hveiti

Eggjabað – Hræfni:

- 1 eggjarauða
- 1 msk. rjómi

Fylling – Hræfni:

- 1 eggjavíta
- 1/2 bolli malaðar möndlur
- 3/4 bolli flórsykur

Blandið vatni, geri og 1/2 tsk. af sykri saman í skál. Leyfið að blómstra í nokkrar mínútur. Bætið mjólk, smjöri og eggjauða saman við. Bætið síðan kardimomma, hveiti, 1/3 bolli af sykri og salti saman við og hnoðið vel saman. Deigið verður klístrað. Hyljið skálina með viskastykki og látið hefast í um klukkustund. Skiptið deiginu í um 15 til 18 bita og búið til kúlur úr bitunum. Raðið á smjörpappírsklædda plötu með smá millibili. Setjið inn í ofninn, ekki kveikja á honum, og látið hefast í klukkustund til viðbótar. Takið úr ofninum. Blandið eggjarauðu og rjóma saman og penslið bollurnar. Hitið ofninn í 175°C og bakið bollurnar í um 20 mínútur. Búið síðan til fyllingu. Stíftþeytið eggjavítu og blandið saman við möndlur og sykur. Þeytið rjóma. Þegar bollurnar hafa kólnað er hola skorin í miðjuna vog fyllt með um matskeið af fyllingu. Rjóma er sprautað ofan á og bollunni lokað. Loks er flórsykri dustað yfir.



Lakkrís og kókos Bræðið saman nokkrar bingókúlur og dreitil af rjóma. Fyllið bolluna með rjóma, 1/3 af kókosbollu og lakkrískurli. Lokið bollunni og hellið bingókúlusósuni yfir.



Salthnetur og karamella Sprautið karamellusósu í botninn og rjóma ofan á. Skerið niður Twix og setjið ofan á rjómann. Lokið bollunni. Blandið saman mjólk, flórsykri og karamellusósu þar til þykkur karamelluglassúr verður til. Hellið ofan á bolluna.

LEÐURVERKSTÆÐIÐ REYKJAVÍK BÝÐUR UPP Á HANDUNNIN OG KLÆÐSKERASKORIN KARLMANNSBELTI ÚR HÁGÆÐA LEÐRI. ÞÁ BJÓÐUM VIÐ UPP Á MIKIÐ ÚRVAL AF AXLABÖNDUM.



BELTI FRÁ
5.990 KR.



LEÐURVERKSTÆÐIÐ REYKJAVÍK Á SÉR LANGA SÖGU EN UPPHAF ÞESS MÁ REKJA ALLT AFTUR TIL ÁRANNA FYRIR SEINNA STRÍÐ. ÁRIÐ 1937 HÓF ÞAÐ STARFSEMI SÍNA AÐ VÍÐIMEL Í REYKJAVÍK EN Í DAG ER ÞAÐ TIL HÚSA MEÐ VERSLUN OG VERKSTÆÐI AÐ SÍÐUMÚLA 33.



AXLARBÖND FRÁ
4.990 KR.



LEÐURVERKSTÆÐIÐ
REYKJAVÍK
— SÍÐAN 1937 —

DÆMDIR NAUÐGA

■ Fjöldmörg dæmi eru um að dæmdir kynferðis- og ofbeldisglæpamenn séu skráðir

Audur Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is

Ég vil bara að fólk viti af þessu, svo það geti verið vel upplýst og farið varlega," segir ung íslensk kona sem komst í kynni við mann í gegnum Tinder-forritið og hitti hann síðar á stefnumóti. Stuttu seinna komst hún að því að maðurinn hefði hlotið þriggja ára fangelsisdóm fyrir að taka þátt í að hópnauðga konu.

Konan kynntist manninum í gegnum forritið í seinasta mánuði. Þau spjölluðu saman um tíma áður en þau ákváðu að hittast í eigin persónu og fara út að borða.

„Mér fannst hann skemmtilegur og finnr gaur en samt eitthvað pínulítið „off“ við hann áður en við hittumst. Meira „off“ við hann á deitinu, og sú tilfinning fyrir honum varð bara sterkari með hverjum degi eftir deitið," segir konan en hún segir manninn hafa verið ákafan í að hitta hana aftur eftir þetta.



Hún ákvað hins vegar að fylgja innsæinu og leita á náðir Google til að finna upplýsingar um manninn. „Þar sem ég er mjög lífsreynd kona að þá þekki ég ansi margt. Ég veit eitt og annað og er góð í að lesa fólk, og er næm fyrir fólk í þökkabót.“

Grunur konunnar reyndist réttur. Maðurinn sem hún kynntist á Tinder heitir Ingi Björn Ingason. Hann og félagi hans Jakob Viðar Grétarsson voru dæmdir í þriggja ára fangelsi árið 2016, fyrir að hafa nauðgað konu á heimili Inga. Konuna höfðu þeir hitt fyrr um kvöldið á skemmtistaðnum Spot en fyrir dómi sagðist konan hafa verið mjög ölvuð og ekki munað hvernig hún endaði heima hjá Inga. Félagarnir tveir þvinguðu konuna inni í svefnherbergi Inga þar sem þeir brutu á henni kynferðislega og skildu hana eftir með marbletti á upphandleggjum, hægri framhandlegg og hægri sköflungi.

Braut gegn 12 stúlkum

Undanfarin misseri hafa íslenskar konur reglulega birt færslur á samfélagsmiðlum og sagst hafa rekist á eða átt samræður við dæmda ofbeldis- og kynferðisglæpamenn á forritinu. Í sumum tilfellum hafa samræður á forritinu leitt til stefnumóts.

Erol Topal, 48 ára karlmaður, var skráður á Tinder á seinasta ári. Aðeins ári áður hafi Erol hlotið fimm ára fangelsi fyrir að nauðga tveimur konum, þeirri fyrri árið 2015 og þeirri seinni árið 2016. Þeirri fyrri nauðgaði Erol eftir að hafa elt hana heim að nóttu til. Seinni nauðgunin átti sér stað á heimili Erols og var einkar hrottaleg og stóð lengi yfir, Erol hafði deilt leigubíl með kon-



unni úr miðbænum. Hann beitti hana ofbeldi meðal annars með því að slá hana og kyla ítrekað í andlit og líkama. Í samtölum við lögreglu staðfestu nágrannar hans að þeir hefðu heyrt óskur og hróp í rúman klukkutíma áður en þeir kölluðu til lögreglu, en þeir töldu í fyrstu að hljóðin kæmu frá bíómynd. Sjálfur hélt Erol því fram fyrir dómi að konan hefði sjálf veitt sér þá áverka sem fundust á henni.

Árið 2013 var Eypór Kolbeinn Kristbjörnsson sakfelldur í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir kynferðisbrot gagnvart tólf ungum stúlkum. Eypór tældi stúlkur til sín undir því yfirskini að hann væri „áhugaljósmyndari“ sem vildi mynda þær. Hann var einnig kærður fyrir þrjár nauðganir en aðeins sakfelldur fyrir eina. Nauðgunin sem hann var sakfelldur fyrir beindist gegn 16 ára stúlku, en yngstu fórnarlömb Eypórs voru tólf og þrettán ára þegar hann braut gegn þeim. Hann var dæmdur í fjögurra og hálfis árs fangelsi. Málið var töluvert til umræðu á sínum tíma og hlaut Eypór Kolbeinn fljótlega uppnefnið „Eypór áhugaljósmyndari.“ Hann afplánaði dóm sinn í fangelsinu að Sogni.

Undanfarin misseri hafa DV borist nokkrar ábendingar um að Eypór sé virkur á Tinder-forritinu og sé sífellt að stofna nýjan aðgang. Oftast notast hann við nafnið Thor.

„Mun líklega adda þér á Snap“

Í ágúst 2016 nauðgaði 19 ára piltur, Elvar Sigmundsson, tveimur unglingsstúlkum í sömu vikunni. Brotin voru hrottaleg en brotapolar voru báðir 15 ára. Þeirri fyrri nauðgaði hann mánudaginn 25. júlí og þeirri síðari

helgina eftir, aðfaranótt sunnudagsins 31. júlí. Fyrri nauðgunin átt sér stað á heimili Elvars, hjá foreldrum hans í Reykjanesbæ. Stúlkun sem varð fyrir því broti lýsti því fyrir dómi svo að hún hefði talið að hún myndi deyja þar og þá. Elvar beitti hana grófu ofbeldi auk þess að nauðga henni. Hann tók hana meðal annars kverkatakí, sló hana ítrekað í andlit og steig á háls hennar þar sem hún lá á gólfinu.

Í desember þetta sama ár var Elvar dæmdur í fimm og hálfis ára fangelsi fyrir brotin. Í júlí 2017, aðeins sjö mánuðum seinna var hann hins vegar kominn á Vernd, eftir að hafa verið á Sogni, og búinn að stofna aðgang á Tinder. DV greindi frá málinu á sínum tíma.

Fram kom að Elvar hefði byrjað á Tinder um svipað leyti og hann var á leið á Vernd en á Sogni er öll notkun samskiptamiðla bönnuð.

„Ljóst er að hann var virkur á stefnumótaforritinu því hann „super-lækaði“ nýverið unga stúlkun líkt og sjá má á meðfylgjandi mynd. Það þýðir með öðrum orðum að hann lýsti yfir eindregnum áhuga á frekari kynnum. Á Tinder lýsir hann sér svo: „Lele mun mest líklegast adda þér á snap ef ég sé það

cause why the fuck not? Fun having friends.“

Samfangi Elvars sem DV ræddi við sagðist óttast verulega að hann myndi nauðga aftur þar sem hann hefði sagt „þetta vera eðlilega framkomu við druslur“.

Skráði sig á Tinder áður en hann lauk afplánu

Árið 2017 hlaut Hrafnkell Óli Hrafnkelsson tíu ára fangelsisdóm fyrir hrottalegt ofbeldi gegn konu á þrítugsaldri. Í nóvember 2018 greindi DV frá því að finna mætti aðgang á Tinder undir hans nafni og mynd. Hrafnkell var dæmdur fyrir tilraun til manndráps, frelsissviptingu, nauðgun og sérstaklega hættulega líkamsárás gegn konunni.

Samkvæmt dómnum kom Hrafnkell óboðinn til konunnar ásamt félagi sínum eftir að hafa skemmt sér í miðbænum. Konan leyfði þeim að gista á sófa í stofunni. Fyrir en varði var hann kominn inn í svefnherbergi hennar og fór að káfa á henni. Þegar hún hafnaði honum hófst nærri þriggja tíma martröð. „Vitnið kvaðst þó hafa náð að losa sig og hlaupa fram á gang og opna útidyrhúðina, en vegalengd-


in sé svo stutt að ákærði hefði strax náð vitninu og snúið það niður með hálstaki fyrir utan útidyrhúðina. Vitnið kvaðst hafa reynt eins og það gat að sparka og klípa í punginn á ákærða og losna," segir meðal annars í dómi.

Samkvæmt dómi stóð þetta yfir lengi og fannst konunni eins og hún væri að deyja. Það eina sem hún mundi af þessu hefði verið að hún hefði hætt að geta hreyft sig og hristist í fótunum. Fram kom í frétt DV að það væri að vísu ekki útilokað að einhver




SKRÁÐIR Á FORRITIÐ


„Ómögulegt að skima alla“



Elvar, 19
Fjölbrotaskóli Suðurnesja



Hrafnkell 27



Ingi Björn 37
Árbæjarskóli

niðurstöður rannsóknar sem framkvæmd var af blaðamönnum miðilsins og Columbia Journalism Investigations. Blaðamennirnir tóku saman 150 tilkynnt kynferðisbrot en öll brotin áttu það sameiginlegt að aðilarnir höfðu kynnst í gegnum stefnumótaforrit. Langflest fórnarlömbin voru konur. Í 10 prósentum tilvika hafði fórnarlamb brotsins „matchað“ við einstakling sem áður hafði verið sakaður um eða dæmdur fyrir kynferðisbrot.

Ekkert skimunarkerfi er til staðar þegar nýir notendur skrá sig á Tinder-forritið. Til samanburðar

annar en hann hafi stofnað aðganginn enda hefur ítrekað verið greint frá því að slíkir aðgangar hafi verið stofnaðir í óþökk viðkomandi.

„Gríðarlega erfitt“ að skima alla

Tinder-forritið hefur umbylt stefnumótamenningunni frá því það kom á markað árið 2012. Skráðir notendur á heimsvísu er rúmlega 50 milljónir. Undanfarnin ár hefur Tinder verið gagnrýnt fyrir skima ekki þá sem skrá sig inn á forritið, eða kanna fyllilega hvort viðkomandi notandi hafi hlotið dóma fyrir ofbeldis- eða kynferðisbrot. Það er því ekkert sem hindrar dæmda einstaklinga í því að skrá sig á forritið og setja sig í samband við aðra notendur.

Á seinasta ári birti bandaríski fréttamiðilinn ProPublica

ar má nefna öryggisráðstafanir á heimasíðu Airbnb sem fjölmargir Íslendingar notast við. Þar segir í skilmálum:

Skimunarkerfi geta aldrei verið fullkomin en við berum gestgjafa og gesti saman við eftirlitsskrár vegna reglufyllgni, hryðjuverka og annarra viðurlaga. Við skoðun einnig bakgrunn gestgjafa og gesta í Bandaríkjunum.

Tinder er í eigu bandaríska fyrirtækisins Match. Fyrirtækið á fleiri stefnumótaforrit og síður sem eru með frían aðgang, líkt og Plenty of Fish og OkCupid. Stefnumótasíðan Match.com er einnig í eigu fyrirtækisins en munurinn á þeirri síðu og forritunum fyrrnefndu er sú að á Match.com er greitt fyrir áskriftina. Þar er framkvæmd bakgrunnsathugun á notendum.

Í tengslum við rannsókn ProPublica var meðal annars rætt við Markham Erickson lögfræðing sem sérhæfir sig í internetlögum og hefur unnið náið með Matchgroup. Sagði hann það vera gríðarlega erfitt að skima alla þá sem skrá sig inn á stefnumótaforrit.

„Við getum ekki tekið niður fingraförin hjá öllum,“ sagði hann og bætti við að dæmdir kynferðis-

„Mér fannst hann skemmtilegur og fínn gaur en samt eitthvað pínulítið „off“ við hann áður en við hittumst.“

brotamenn gætu auðveldlega gefið upp rangar persónuupplýsingar.

Segja nýjar öryggisráðstafanir væntanlegar

Í notendaskilmálum Tinder kemur fram að sá sem skráir sig inn á forritið þurfi að vera orðinn 18 ára gamall og megi ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað eða kynferðisglæp. Í yfirlýsingu sem talskona Matchgroup sendi blaðamanni Business Insider í desember síðastliðnum kom meðal annars fram að þar sem Tinder væri forrit sem byði upp á fría áskrift og væri þar að auki með tugi milljóna notenda þá væri hreinlega ekki mögulegt að safna sama nægilegum og áreiðanlegum upplýsingum til að framkvæma bakgrunnskoðun á hverjum og einum.

Talskonan tók fram það væri „ekki liðið“ að dæmdir brotamenn væru skráðir inn á forrit á

vegum fyrirtækisins og bætti við að forsvarsmenn fyrirtækisins tækju málið mjög alvarlega. Bætti hún við að í takt við tækniþróun myndi Matchgroup halda áfram að kynna til sögunnar nýjar ráðstafanir til að auka öryggi þeirra sem nota stefnumótaforrit á vegum fyrirtækisins.

Á eðal nýrra öryggisráðstafana sem hafa verið kynntar og eru væntanlegar á Tinder-forritið á árinu er svokallaður neyðarhnappur sem mun gera viðkomandi notanda kleift að gera yfirlýsingu viðvart ef hann eða hún telur sig vera í hættulegum aðstöðum. Þá er í bígerð sannprófun myndefnis notenda sem mun felast í því að gervigreind metur ljósmyndir sem notendur hlaða inn í forritið og ber saman við ljósmynd sem tekin er af notandanum í rauntíma. Þeir notendur sem standast prófið fá svo eins konar skjöld (badge) og geta aðrir notendur því verið öruggir um að ekki sé um falsaðgang að ræða. ■

J&S Watch co.
REYKJAVÍK

KLASSÍSK ÍSLENSK ÚR
FYRIR HANN OG HANA

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

Spáð í stjörnuurnar

Lesið í tarot Jóns Viðars

Gerir upp fortíðina

Jón Viðar Arnþórsson, einn stofnenda Mjölnis, leitir nú að kaupanda að hlut sínum í fþróttafélaginu en hann er einn af stærstu eigendum með 14,71 prósent hlut. DV ákvað að leggja tarot fyrir Jón Viðar og sjá hvað framtíðin ber í skauti sér. Lesendur geta sjálfir dregið tarotspil á vef DV.

Sérstök manneskja

Fyrsta spil sem kemur upp er 2 bikarar. Það táknar sérstaka manneskju sem á stóran þátt í daglegu lífi Jóns Viðars. Þar ríkir traust, heiðarleiki og gagnkvæm virðing. Jón Viðar hrifst af þessari manneskju og treystir henni fyrir sínum dýpstu óskum og leyndarmálum. Það ríkir mjög gott jafnvægi í sambandinu. Hins vegar virðist einhvers konar ósætti hafa átt sér stað en nú er það á bak og burt, enda afar lítilfjórlegt í stóra samhenginu. Hugsanlega er trúlofun eða gifting í vændum.

Stór viðburður

Svo er það Keisararýnjan. Aftur kemur upp stór viðburður í lífi Jóns Viðars; gifting eða barnsburður birtist hér. Það ríkir mikil vellíðan í ástarsambandi sem hann er í. Þar ríkir kærleikur, heiðarleiki og hrein vinátta. Saman skapa þau eftirsóknarvert umhverfi sem er umlukid hlýju,

umhyggju og aðhaldi. Það er gaman að vera í kringum Jón Viðar og í fyrsta sinn í langan tíma er hann afar sáttur við sjálfan sig.

Breytingar til batnaðar

Loks er það spilið Breytingar. Það er kaflinn senn á enda, sá kaflinn sem tengist Mjölni. Nýr er um það bil að hefjast og það er tími til að fagna þessum breytingum, enda eru þær til batnaðar. Aftur kemur upp mikilvægur viðburður, en nú tengist hann nýju starfi eða flutningi. Jón Viðar er minntur á að breytingar geta verið erfiðar í fyrstu en þessar breytingar hafa ekkert nema gott í för með sér. Um leið og Jón Viðar stendur í þessum breytingum verður hann að gera upp fortíðina, gefa hana upp á bátinn og bjóða nýja kaflann velkominn með allri sinni gleði og hamingju. ■



Andstæður mætast - Svona eiga þau saman

Tónskáldið Hildur Guðnadóttir hefur svo sannarlega heillað heimsbyggðina upp úr skónum síðustu vikur og mánuði. Hennar heittelskaði, tónskáldið Sam Slater, hefur staðið sem klettur við bak hennar. Því datt DV í hug að rýna í stjörnumerki turtildúfnanna og athuga hvernig þær eiga saman.

Hildur er meyja og Sam er krabbi, tvö afar ólík merki enda blossom þessi ást upp hratt og örugglega. Meyjan og krabbinn þurfa smá tíma til að sjá hve góð þau eru saman, en það þýðir aðeins að sambandið verður traustara fyrir vikið.

Bæði meyjan og krabbinn eru afar metnaðarfull og hlaupa í átt að markmiðum sínum. Þau eru stoð og stytta hvort annars og virkilega trú hvort öðru. Hvorugt merkið er gefið fyrir einnar nætur gaman og því nenna þau engu haltu-mér-slepptu-mér-veseni.

Bæði krabbinn og meyjan leggja hart að sér og uppskera það sem þau hafa sáð. Þau vilja ekki fá neitt gefins og geta ekki notið ríkidæmis eða velgengni án þess að vita að þau hafi unnið fyrir því.

Vissulega geta þau stundum farið í taugarnar á hvort öðru. Meyjan er ofboðslega smámunasöm oft og krabbinn mikill sveimhugi. En smáhnökrar eru auðveldlega leystir þegar sambandið er jafnstærkt og samband Hildar og Sams. ■



Hildur
Fædd: 4. september 1982

Meyja
■ traust
■ ljúf
■ vinnubjarkur
■ hagsýn
■ feimin
■ of gagnrýnin

Sam
Fæddur: 23. júní 1989

Krabbi
■ þrautseigur
■ hugmyndaríkur
■ traustur
■ tilfinningvera
■ óöruggur
■ skaphundur

Afmælisbörn vikunnar

- **23. febrúar** Hrönn Þorsteinsdóttir gleðisprengja, 45 ára
- **23. febrúar** Leifur Sigfinnur Garðarsson körfuknattleiksmaður, 52 ára
- **24. febrúar** Sindri Birgisson leikari, 40 ára
- **25. febrúar** Nína Dögg Filippusdóttir leikkona, 46 ára
- **26. febrúar** Gísli Marteinn Baldursson fjölmiðlamaður, 48 ára
- **27. febrúar** Baltasar Kormákur leikstjóri, 54 ára
- **28. febrúar** Örn Úlfar Sævarsson handritshöfundur, 47 ára

Stjörnuspá vikunnar

Gildir 23. – 29. febrúar



Hrútur - 21. mars–19. apríl

Þú skalt passa að taka frá tíma til að hugleiða og vera með sjálfri/um þér. Í einsemdinni fæðast oft bestu hugmyndirnar. Þér er ráðlagt að tileinka þér betri svefnvenjur; fara fyrir sofa og vakna snemma. Búðu til reglu og fylgdu henni frá A til Ö. Ekki svindla!



Vog - 23. sept.–22. október

Þú þarft að setja meiri athygli á heilsuna og ferð hamföllum í eldhúsinu. Þú finnur ástríðuna fyrir eldamennsku aftur og töfrar fram alls kyns gúmmulaði fyrir þig og þína. Þú ert búin/n að vera að leita að neistanum og stundum þarf ekki að leita langt yfir skammt.



Naut - 20. apríl–20. maí

Það sem einkennir næstu vikur er góð samvinna að sameiginlegu verkefni. Þú safnar góðu fólki í kringum þig, brýtur odd af oflæti þínu og lærir að miðla málum og vinna með fólki. Út úr þessu samstarfi kemur eitthvað stórkostlegt – vittu til.



Sporðdrekki -

23. október–21. nóvember

Það er þvilík ástríðusprengja sem ríður yfir þessa dagana – sérstaklega hjá einhleypum sporðdrekum. Þeir einhleypu hafa verið að hitta ýmsa vonbiðla undanfarið og njóta þess að upplifa nýja hluti í svefnherberginu. Lofaðir sporðdrekar gera allt til að gleðja makann, sem tekst þrýðlega.



Tvíburi - 21. maí–21. júní

Það fer þér ekkert sérstaklega vel að vinna alltof mikið – þú ert einfaldlega ekki nógu hraust/ur til að þola það. Að lokum gefur kroppurinn sig og þú verður að horfast í augu við að þú virkar ekki vel undir álagi. Kannski er kominn tími á að þú skiptir um vinnu?



Bogmaður -

22. nóvember–21. desember

Hugur þinn er skýrari og þú ert jarðbundnari en þú hefur verið í langan tíma. Þú einbeitir þér að heimilislífínu og að verkefnum heima við sem hafa setið á hakanum. Það veitir þér mikla gleði og þú færð sjaldgæft tækifæri til að virkja sköpunargáfunna.



Krabbi - 22. júní–22. júlí

Það kemst lítið annað að hjá þér þessa dagana en spennandi ferðalag sem þú ert að skipuleggja. Þú hefur velt því mikið fyrir þér hvert þig langar að fara og loksins er það ákveðið. Þessi ferð verður stórkostleg og breytir lífi þínu á fleiri vegu en þig grunar.



Steingeit -

22. desember–19. janúar

Þú átt þér draum og hefur átt hann lengi. Hins vegar hefur þú ekki tekið af skarið enn þá til að láta hann rætast – fyrir núna. Þú átt spennandi tíma í vændum, þar á meðal ferð með einstaklingi sem mun hjálpa þér að láta drauma rætast.



Ljón - 23. júlí–22. ágúst

Þú þráir að endurvekja kynni við gamlan vin sem er svo þægilegur í umgengni. Þetta er vinur sem þú getur setið með dægrið löng án þess að segja aukatekið orð. Þetta er vinur sem skilur þig og það er það sem þú þarft núna. Vinur sem dæmir ekki.



Vatnsberi -

20. janúar–18. febrúar

Þig langar að taka þig á og hafa aga í lífinu. Þú þarft að setjast niður og skipuleggja þig vel, hvort sem það er í heimilislífínu eða vinnunni. Losaðu þig við hluti og muni sem gera þér ekkert gott. Taktu til í kringum þig og innra með þér.



Meyja - 23. ágúst–22. sept.

Lífið er of stutt fyrir hálfkák. Þér finnst erfiðt þessa dagana að vera föst/fastur í fari sem leyfir þér ekki að blómstra. Þú gerir ekkert 100 prósent og það veldur þér kvíða. Nú er tíminn til að slíta sig lausa/n, fylgja innseínu og láta draumana rætast.



Fiskur - 19. febrúar–20. mars

Hvaða áskorun viltu leggja fyrir þig? Hefur þig kannski dreymt lengi um þessa áskorun en ekki þorað að taka stökkið? Nú er tíminn kominn og þú skalt heldur betur stökkva og dýfa þér í djúpu lauginu. Ástina finna einhleypir fiskar á óvæntum stað og það er dásamlegt.

Trukkur ehf. var stofnað árið 2013 og er leiðandi fyrirtæki í sölu og innflutningi á notuðum vörubifreiðum og vinnuvélum.

Við bjóðum upp á krókheysispalla í miklu úrvali, varahluti í vinnuvélar, vörubíla, dráttarvélar, uppgerðar bílvélar, gírkassa, sjálfskiptingar í vörubifreiðar, hjólbarða, GPS flotastýringarkerfi og margt fleira.

Við leitumst eftir því að finna bestu lausnina sem er í boði hverju sinni fyrir viðskiptavinum okkar.

Ef þú heldur að við getum aðstoðað þig endilega hafðu samband við okkur.



Krókheysi

Pallar og búnaður

Bjóðum uppá mikið úrval af krókheysis pöllum fletum ruslakörum og búnaði sem að því tengist, sem uppfylla ströngustukröfur viðskiptavinarins um endingu og gott notagildi. Við leitumst við að finna réttu lausnina fyrir viðskiptavininn og bjóðum uppá sérsniðnar lausnir sé þess óskað.

MiniFinder GO

Viðvörðun- og eftirlitskerfi

MiniFinder GO er öflugt vefviðvörðun- og eftirlitskerfi sem býður upp á eftirfarandi eiginleika:

- Notkunarskrá (Log book)
- Rauntíma eftirlit með GPS tækinu
- Flotastjórnun
- Frítt app fyrir Android og Apple iOS
- Hægt að prenta út viðvörðunarskrár (Print alarm reports)
- Spilar leiðir sem tækið hefur ferðast
- Saga, greiningar og háþróaðir leitarmöguleikar
- Styður mismunandi kortagrunna (GoogleMaps, OpenStreet og Bing ofl.)
- Styður við yfir 90% af vélbúnaði á markaðnum.
- Forritunarviðmót fyrir forritara (API)




MiniFinder Zepto

GPS tæki fyrir bifreiðar

MiniFinder Zepto er heimsins minnsta GPS tæki fyrir bifreiðar, með hraðtengingu við farartækisgreiningarhólf, OBD tengi og 5 ára ábyrgð.

- Rauntíma GPS mælingar
- Ferðaskrá
- Fiktvíðvörðun
- Plug & Play
- Svæðisviðvörðun (GeoFence Alarm)
- Ferðasaga
- Hraðaviðvörðun
- Ökutölfræði

Helgarkrossgátan



Teikning: Halldór Andri eftirprentun bómud	↓	frosið	krossgátugerð: Bjarni sími: 845 2510	egnt	eldsneyti	angar		snakk		reykja	fæða
búkurinn							9		ym		
freri			verkfæri steinefni					svara atyrða			
þétt					andvarp draugur			4	glens aur		
elgur				krauma						stétt	3
			glugga gestagang						tvenna kógur		
	↓			tjara		sess knéfalla					álitnir
þegar			kaleik sæla						brella frjáls		
tröll					keng			sérhvern eftir			
	↘										
		mjakaði	knöttur	vel stór	2			svar	6	fóðra	1
fluttu				öskur óvissu				spendýr líffæri			
smalann									kvendýr bægsli		
		krógi	5	saur	skerða	fiskar					forað
iðnaðarmenn						11		eldsneyti sægur	10		
	8	skálm		brella		dýrahljóð frá		7		vagga	
bartskera								una			
2 eins			seinkanir						farvegur		

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----	----

Sudoku

Auðveld

			8	3			5	7
		8	5			6		
1	3				2		8	
8		2	3	9		7		
6			1				3	2
	5	7	2		4		9	
	6		4	1		3	7	
	7	3	9		8		6	
			7	6		4		

Erfið

7				9		6		2
			1		2			9
	1		7					
5	6	8						3
			6	8	3			4
					5			
		3		5				
			8			4		5
		1					7	

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.
 Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



FORLAGIÐ

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Sigurlaug Sigurðardóttir
 Lausnarorðið var **BRUNASLANGA**
Sigurlaug hlýtur að launum bókina Garðrækt í sátt við umhverfið

Vinningsbók er hægt að nálgast á skrifstofu DV að Suðurlandsbraut 14, 108 Reykjavík



Í verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins er bókin Drekkingarhylur

Síðustu dagana fyrir dauða sinn hringdi Nel Abbott margoft í Jules systur sína, en hún hundsáði hróp hennar á hjálp – og Nel drekkti sér.
 Jules hafði heitið sjálfri sér því að snúa aldrei aftur til smábæjarins Beckford, en á nú engra kosta vól. Jules óttast minningarnar, húsið sem þær systur ólust upp í, öll andlitin úr fortíðinni. En mest af öllu óttast hún hylinn í ánni sem rennur í gegnum bæinn. Fyrr um sumarið drukknaði ung stúlka í honum.
 Og Jules veit að Nel hefði aldrei stokkið sjálf út í hann.
 Höfundur: Paula Hawkins



Fagleg og heildstæð Þjónusta á sviði brotamálms

Við tryggjum áreiðanlega meðhöndlun á brotajárninu og brotamálminum þínum með umhverfisvænum hætti



Við kaupum brotamálm

Millberry Kopar/Eir



ISK 400 á kg.

Brotajárn



ISK 4 á kg.

Kopar/Eir



ISK 380 á kg.

Brass/Messing



ISK 260 á kg.

Brons



ISK 280 á kg.

Kaplar



ISK 45 á kg.

Ryðfritt stál



ISK 70 á kg.

Ál



ISK 65 á kg.

Blý



ISK 80 á kg.

Zink



ISK 50 á kg.

Brotamálmur
þungur í bræðslu



ISK 4 á kg.

Rafmótorar



ISK 35 á kg.

Offset prentplötur úr áli



ISK 80 á kg.

Tungsten



ISK 400 á kg.

Brotastál



ISK 5 á kg.

Stálstrengir



ISK 7 á kg.

Spennubreytar



ISK 35 á kg.

Hvarfakútar



Leitið tilboða



Stangarhylur 7 110 Reykjavík Sími: 5199819
info@malma.is www.malma.is

R R J B R M A E K U V I P Z Y Y W D G
H U X U J D L Y A G O T T E R Í W G C L
R I D Ó G L L F T I W M B O X F K Y T A
E I M N O A F L J A B A U N A S Ú P A S
R I N B Ö I D T Ö J K T L A S T F N M S
U O R U B V Q I Y L S W K X C V Á P H Ú
I E I O A R U N G R L B L P P W I F N R
G K D B I B Z L B N U T M M E K S L O M
W P K W C E H W L J E J Q B I F D U V A
I O L R C H L G V O B R U R G U N U M T
E P A O U U J B Z M B Q P C D I Q V A Q
X W R U G A D U L L O B U S Z F C V Z R
J O D G A L C S Z S A C Q T N K R R U U
G G K X N P A R V H P D V Ú E L D L S G
M L Z Y G A A Q D R H L T K T I L O U A
A L L O B S G I E D S N T A V O Y W L D
J I Z Y F J U X N E N L B L B R A K T U
G B A E J E A I Q K M Q B L F Z T A A K
N Q A G V J D F R Z R A S K E L L A F S
Y G G P R D R U G N I N Ú B U M Í R G Ö
S J C P L I P D P I N Y Y Q D I M M A N
S X D R G E K Q I C K C T T Y G G N Z J
Q I V F D V O K K O W W U W Y Z I R L E
I K O P S G A D U K S Ö C K I H N K A L
U K O I X F W H K R S T D U X E V A R C

BAUNASÚPA

BAUNIR

BOLLUDAGUR

BOLLUR

BOLLUVÖNDUR

GERBOLLA

GLASSÚR

GOTTERÍ

GRIKKUR

GRÍMUBÚNINGUR

KAFFIBOD

NAMMI

OFÁT

RASKELLA

RJÓMI

SALTKJÖT

SKEMMTUN

SPRENGIDAGUR

SULTA

SYNGJA

TÚKALL

VATNSDEIGSBOLLA

ÖSKUDAGSPOKI

ÖSKUDAGUR



Daglegar eða reglulegar ræstingar.

Öll þrif fyrir fyrirtæki,
stofnanir og heimili



 **Vaktsími**
allan sólarhringinn



Hafðu samband
og fáðu tilboð í verkið

Það er alltaf hægt að hafa samband við okkur ef óvænt verkefni koma upp.

Vaktsíminn er 8652425

Frotagötu 4c, 603 Akureyri Símar: 461 5232 / 892 | Netfang: thrif@thrif.is | Veffang: www.thrif.is

nettoline



Glæsilegar danskar
innréttingar í öll
herbergi heimilisins

 **Friform**

Friform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562-1500
Friform.is
Mán. – Fim. 10-18
Föstudaga. 10-17
Laugardaga. 11-15

VERSLUNIN HÆTTIR NÚNA Í ENDA FEBRÚAR !

Mikill afsláttur er núna í Glóey, kikið við og gerið góð kaup !
Lampar, ljós, raflagnaefni, perur, heimilistæki og margt fleira.

10-70 % afsláttur



SNÚRUR SKRAUTPERUR OG ALLT TIL LAMPAGERÐAR



SÍÐAN 1973

Ármúla 19 • Sími 568 1620 • www.gloey.is • gloey@gloey.is

GLÓEY – gerir lífið bjartara

YFIRHEYRSLAN

Ísold Wilberg Antonsdóttir söngkona sló eftirminnilega í gegn í undankeppni Söngvakeppni sjónvarpsins en hún stígur aftur á svið í kvöld, föstudag, með framlag sitt, Klukkan tifar. Lagið syngur hún ásamt Helgu Ingibjörgu Gunnarsdóttur en þær stöllur segja sín eftirlætis Eurovision-lög eiga það sameiginleg að vera óhefðbundin svo ekki sé meira sagt. Ísold er í yfirheyrslu helgarinnar.

” **Mér hefur alltaf liðið vel í sviðsljósinu**

Hvar liður þér best?

Mér hefur alltaf liðið vel í sviðsljósinu, það er alveg hugsanlegt að athyglissýkin hafi upprunalega leitt mig út í tónlistina. Einnig þykir mér fá betra en að keyra út úr bænum og koma mér fyrir í heitri náttúrulegum í góðum félagsskap og auðvitað með gott snarl.

Hvað óttastu mest?

Að láta ótta minn stjórna mér og vakna einn daginn og átta mig á að ég lifði lífinu ekki til fulls vegna hræðslu við hvað öðrum fyndist um mig. Þess vegna reyni ég alltaf að njóta augnabliksins, vera samkvæm sjálfri mér og elta ástríður mínar.

Hvert er þitt mesta afrek?

Ég hélt lengi að ég gæti ekki samið lög og var búin að sætta mig við að vera bara söngkona en ekki lagasmiður. Það var ekki fyrr en eftir tvítugt sem lífið greip inn í og fékk mig til að kafa dýpra og horfast í augu við sárin sem dvöldu í sál minni, þá samdi ég mitt fyrsta lag sem fjallar um litla bróður minn, Mát Gunnarsson. Ég lærði að vera berskjölduð og tjá mig í gegnum tónlistina mína og það er eitt það dýrmætasta sem ég hef lært.

Furðulegasta starf sem þú hefur tekið að þér?

Ég bjó til „Pub-Quiz“/„Bar-Svar“ fyrir Kofa Tómasar frænda í tæp tvö ár, svo ég er upp full af alls konar tilgangslausum staðreyndum.

Hver væri titillinn á ævisögu þinni?

Ég er svöng.

Hvernig væri bjórinn Ísold?

Hann væri tveir Espresso Martini.

Besta ráð sem þú hefur fengið?

Það var leigubílstjóri á Bali sem sagði við mig „Don't just go with the flow, the trick is to go slower than the flow.“ Það fékk mig til að hugsa, vill maður nokkuð fljóta stefnulaust áfram í sama straumi og allir aðrir? Er ekki betra að hægja á sér, líta í kringum sig og ákveða sjálfur í hvaða átt maður vill stefna og með hverjum?

Hvert er leiðinlegasta húsverkið?

Vaska upp, auðveldasta spurningin til þessa! Á mínu heimili gildir sú regla að sá sem eldar þarf ekki að vaska upp, þess vegna er ég afbragðskokkur í dag og kærastinn minn alltaf með rúsínuputta.

Besta bíómynd allra tíma?

Lord of the Rings! Allar þrjár, „extended“ útgáfurnar að sjálfsöguðu.

Hvaða hæfileika myndir þú vilja búa yfir?

Ég væri til í að geta talað öll tungumál í heimi, það væri virkilega töff.

Hver er mesta áhætta sem þú hefur tekið?

Þegar ég fór í miðnætursjósund á Flateyri eftir 4 of mörg tekila skot, ekki segja mömmu.

Hvaða frasi eða orð fer mest í taugarnar á þér?

Mig hlakkar til ...

Hvaða geturðu sjaldnast staðist eða ert góð í að réttlæta fyrir þér?

Ég er mikill nammigrís og er orðin mjög góð í að skapa tilefni til að verðlauna mig, annars get ég staðist allt, nema freistingar.

Hvað er á döfinni hjá þér?

Núna eru ég og Helga í fullum undirbúningi fyrir úrslit Söngvakeppni Sjónvarpsins þar sem við verðum fyrstar á svið með lagið „Meet me halfway“. Föstudaginn 13. mars kem ég svo fram á stórtónleikum með Mát bróður í Stapa í Reykjanesbæ. Svo vonandi bara fleiri tónleikar og enn fleiri frumsamin lög á Spotify.



Þinn árangur

Okkar keppikefli

Fagleg og persónuleg
þjónusta á sviði fjármála
og viðskipta.

grantthornton.is



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

Jóhannes á vettvangi kynlífsvélmenna

Allt er þegar þrennt er með meistaranum," segir Jóhannes Haukur Jóhannesson leikari en hann vísar í samstarf sitt og hins víðfræga leikara Guy Pearce. Þeir félagar hafa undanfarnar vikur staðið í tökum á vísindaskáldsögutrylli, Zone 414. Eins og Jóhannes vísar í markar þetta þriðja skiptið sem hann deilir töku-stað með hinum víðfræga Guy Pearce. Saman unnu þeir áður að sjónvarpsþáttunum The Innocents og hinni væntanlegu Bloodshot. Jóhannes



segir Pearce vera toppmann og telur heiminn vera lítinn þegar kemur að sameiginlegum verkefnum þeirra. „Ég var farinn að halda að Guy væri að krefjast þess að hafa mig en hann sver að þetta séu tilviljanir," segir Jóhannes. „Það er þó gagnkvæm virðing þarna. Hann var að eignast sitt fyrsta barn fyrir nokkrum árum og ég kominn með þrjú, þannig að ég get alltaf leiðbeint honum með pabbahlut-

verkið. Hann er mér svo fyrirmynd og leiðbeinandi í leiklistinni."

Í nýjustu mynd leikaranna beggja fer Jóhannes með hlutverk manns sem er viðskiptavinur svæðis sem býður meðal annars upp á kynlífsþjónustu vélmenna. Pearce leikur fyrrverandi lögreglumann sem er ráðinn til að rannsaka dularfullt hvarf dóttur auðkýfings. Seinast sást til hennar á svæði sem nefnist 414, en á því svæði má finna hömlulausar hvatir auðugra viðskiptavina sem geta keypt sér allt sem þeim dettur í hug.

Jóhannes hefur verið sérlega virkur í kvikmyndaflokki vísindaskáldskapar síðustu misseri, meðal annars með Bloodshot, þar sem stórleikarinn Vin Diesel fer með burðarhlutverkið, og í spennumyndinni Infinite með Mark Wahlberg. ■

Nafnagjöf í beinni

Leikkonan Aldís Davíðsdóttir og framkvæmdastjórinn Kristinn Sigurbjörnsson eignuðust nýverið sitt fyrsta barn saman, lítinn snáða, en fyrir eiga þau Aldís og Kristinn tvær dætur úr fyrri samböndum. Nafnagjöf fyrir drenginn var sýnd í beinni á Facebook þar sem Aldís stjórnaði Hengimanni fyrir dæturnar tvær og þær giskuðu á nafnið. Eftir fjölda ágiskana kom í ljós að sá stutti heitir Óðinn Ylur.



Lítt þekkt ættartengsl

Ákærð og bæjarfulltrúi

Kolbrún Anna Jónsdóttir, eiginkona Ólafs Hand sem dæmdur var fyrir að ráðast á barnsmóður sína, opnar sig upp á gátt í nýrri hljóðbók, Ákærð. Í hljóðbókinni segir hún sína hlið á máli sem bíður nú málsmeðferðar í Landsrétti. Kolbrún er systir Karls Péturs Jónssonar, bæjarfulltrúa Viðreisnar á Sel-tjarnarnesi. Þau systkin vöktu athygli landsmanna árið 2018 þegar Kolbrún kom bróður sínum til hjálpar, sem var með skemmd nýru, og gaf honum nýra.

